# FRÉTTABLAÐIÐ

232. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 1. OKTÓBER 2016




## Atlagan að fréttaljósmyndinni

**Gunnar V. Andrésson** ljósmyndari, sem hefur starfað á dagblöðum í hálfa öld, gagnrýnir harðlega mikla öfugþróun sem hann segir felast í skertum aðgangi fjölmiðla að vettvangi frétta. ➜ 38

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



### Bragð af villtri náttúru ➜44



### Brjóta staðalmyndir ➜46



### Þúsundir kvenna krefjast réttinda ➜12

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Hæg norðaustlæg eða breytileg átt og stöku skúrir, en suðaustan kaldi og rigning suðvestan- og vestanlands þegar líður á daginn. Hiti 2 til 10 stig, hlýjast syðst. SJÁ SÍÐU 62

# Fimmtíu ára ferli lokið



Starfsfólk Landhelgisgæslunnar hyllir Benóný Ásgrímsson flugstjóra. Benóný lét af störfum í gær en hann hafði starfað í fimmtíu ár hjá Gæslunni. Benóný er sagður reynslumesti flugstjóri landsins í leitar- og björgunarflugi. Til viðbótar við að hafa stýrt þyrlum og flugvélum fyrir Gæsluna hefur hann siglt sem stýrimaður á varðskipum auk þess að hafa sinnt ýmsum stjórnunar- og trúnaðarstörfum innan Gæslunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Fleiri gefa sjálfir út bækur

**DANMÖRK** Útgáfa bóka í flokki fagurbókmennta í Danmörku hefur aukist um 50 prósent frá 2009 eða í 1503 titla, að því er danskir fjölmiðlar greina frá.

Aukin útgáfa þýðir þó ekki að Danir séu farnir að lesa meira. Höfundar skýrslu um bókmenntir benda á að aukin útgáfa sé að miklu leyti vegna þess hversu auðvelt það er orðið fyrir þá sem ganga með rithöfundinn í maganum að gefa sjálfir út bækur sínar.

Formaður nefndarinnar sem gerði skýrsluna segir ekki leika vafa á að mjög margir vilji láta drauma sína rætast. **– ibs**

## Segir Machado viðbjóðslega

**BANDARÍKIN** Donald Trump, forsetaframbjóðandi Repúblikana í Bandaríkjunum, sagði í gær að fegurðardrottningin Alicia Machado væri viðbjóðsleg. Machado hefur undanfarna daga, í samstarfi við forsetaframboð Demókratans Hillary Clinton, gagnrýnt Trump fyrir að hafa haft um sig niðrandi ummæli í kjölfar sigurs hennar í Miss Universe árið 1996, keppni sem var þá í eigu Trumps.

Vísaði Trump þar til fortíðar Machado og þess er hún sængaði hjá stjórnanda raunveruleikaþáttarins The Farm fyrir framan myndavél. Þá hefur venesúelski dómarinn Maximiliano Fuenmayor einnig sakað Machado um að hafa hótað sér lífláti árið 1998.

Clinton brást við og sagði ummælin til marks um að Trump væri genginn af göflunum **– þea**



**Donald Trump, forsetaframbjóðandi Repúblikana**

## Bréfin hríðféllu eftir sölu Olgu

**VIÐSKIPTI** Gengi hlutabréfa í Icelandair Group lækkaði um 4,89 prósent í kjölfar þess að Katrín Olga Jóhannesdóttir, athafnakona og stjórnarmaður Icelandair Group, seldi 400 þúsund hluti í félaginu.

Katrín Olga seldi bréf fyrir 9,6 milljónir króna. Hún sagði í samtali við Viðskiptablaðið að salan væri til að fjármagna byggingu sumarhúss.

Föstudagurinn var síðasti dagur þriðja ársfjórðungs. Gengi hlutabréfa í Icelandair Group hafa lækkað um fjörutíu prósent frá því að ná hæstu hæðum í apríl.

Gengi allra hlutabréfa í Kauphöll Íslands lækkaði á föstudag, og hefur úrvalsvísitalan lækkað um 3,05 prósent. Fréttir af hækkandi olíuverði og hærri verðbólga sökum villu Hagstofunnar hafa dregið úr væntingum fjárfesta til þess að Seðlabankinn lækki stýrivexti í næstu viku. **– sg**

# Segja íslenskt viskí betra en það skoska

Eimverk Distillery hlaut Íslenska matarsprotann, sem veittur var í fyrsta sinn. Bruggverksmiðjan, sem bruggar íslenskt viskí og gin, hefur hlotið mörg verðlaun á síðustu árum og selur nú til þrettán landa. Taðreykt viskí er væntanlegt.

**VIÐSKIPTI** Íslenski matarsprotinn var afhentur í fyrsta sinn á fimmtudag af Íslenska sjávarklasanum, í samstarfi við Landbúnaðarklasann og Matvælalandið Ísland og hlaut bruggverksmiðjan Eimverk verðlaunin.

Eimverk er fjölskyldufyrirtæki sem framleiðir Flóka viskí, Vor gin, og Víti ákavíti. Lagt er upp úr notkun íslenskra hráefna við framleiðsluna og hefur fyrirtækið hlotið fjölda verðlauna á síðustu árum, meðal annars Vaxtarsprotann 2016 eftir að velta fyrirtækisins jókst um 333,3 prósent milli ára.

Haraldur Þorkelsson, stofnandi og framkvæmdastjóri Eimverks, segir að meðal annars megi rekja velgengni félagsins til þess að kjöraðstæður séu til framleiðslu viskís á Íslandi. „Okkar viskí er enn þá betra en í Skotlandi, það er ekki bara vatnið, bygg sem vex á norðlægum slóðum hentar mjög vel í viskígerð. Við erum alveg á jaðrinum með að geta ræktað bygg á Íslandi og fáum fyrir vikið mjög kryddað og kraftmikið bygg sem vex á stuttu sumri. Skilyrðin á Íslandi fyrir viský eru afar góð, og við erum bæði með gott hráefni og góða sambandsaðila hjá íslenskum bændum. Við getum framleitt mikið magn af úrvalsviskíi,“ segir Haraldur.

Sem fyrr segir er Eimverk fjölskyldufyrirtæki, en Haraldur kemur úr tæknigeiranum, hann starfaði hjá hugbúnaðarfyrirtækinu OZ frá 1996 þangað til félagið var selt til Nokia og starfaði hjá Nokia til ársins 2010. „Við erum hérna nokkur saman með fjölbreytta reynslu, við komum saman með vöruþekkingu og tölu-



**Teymið í Eimverk: Egill Gauti Þorkelsson, Eva María Sigurbjörnsdóttir og Craig Clapcott.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Það er ekki bara vatnið, bygg sem vex á norðlægum slóðum hentar mjög vel í viskígerð.
>
> Haraldur Þorkelsson, framkvæmdastjóri Eimverks



verða reynslu úr sprotastarfi. Við höfum verið áður í tæknisprotum sem er reynsla sem nýtist vel í matarsprotum,“ segir Haraldur.

Eimverk var stofnað árið 2011, en vöruþróunin tók töluverðan tíma að sögn Haraldar. „Við gerðum 165 mismunandi uppskriftatilraunir við að þróa íslenskt viskí. Samhliða þessu þróuðum við ákavíti og gin. Ginið okkar kom á markað í byrjun 2014, viskíið í lok árs 2014, og ákavíti kom á markað 2015.“

Vörurnar eru nú seldar til þrettán landa og fara níutíu prósent af framleiðslunni til útlanda. Fleiri tegundir eru svo í bígerð. „Við erum með þessar þrjár aðaltegundir en það breikkar í þessum flokkum, við erum núna komin með fjórar útfærslur af þessu gini og erum að bæta við taðreyktu viskíi sem kemur á markað í næstu viku,“ segir Haraldur. **saeunn@frettabladid.is**




**Nicorette Cooldrops munnsogstöflur** (inniheldur nikótín) er notað við tóbaksfíkn. Það dregur úr fráhvarfseinkennum og reykingaþörf og auðveldar reykingamönnum að venja sig af reykingum. Skammtar: Börn: Lyfið má einungis nota handa unglingum (12-17 ára) skv. ráðleggingum læknis. Börn yngri en 12 ára mega ekki nota lyfið. Fullorðnir: 2 mg henta reykingafólki sem er lítið háð nikótíni. 4 mg þeim sem er mjög háðir nikótíni. Hámarksdagskammtur er 15 stk. Ekki á að nota lyfið lengur en 9 mánuði. Venjulega vegur ávinningur af að hætta að reykja þyngra en áhætta sem fylgir nikótínmeðferð. Setja á 1 munnsogstöflu í munninn og láta hana leysast upp. Hvorki má tyggja hana né gleypa. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna. Þeir sem hafa aldrei reykt. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting, nýlegt heilablóðfall og/eða óstöðugt blóðrásarkerfi skal einungis nota Nicorette undir eftirliti læknis. Gæta skal varúðar við notkun Nicorette hjá einstaklingum sem hafa fengið ofnæmisbjúg eða ofsakláða eða eru með: háþrýsting, stöðuga hjartaöng, hjartabilun, æðasjúkdóm í heila, teppusjúkdóm í slagæðum útlima, sykursýki, ómeðhöndlað skjaldvakaóhóf, krómfíklaæxli, skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, skeifugarnar- eða magasár eða vélindabólgu. **Aðgát í návist barna:** Nikótínskammtar sem fullorðnir geta þolað geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. **Meðganga og brjóstagjöf:** Eingöngu skal nota Nicorette í samráði við lækni. Nikótín berst yfir fylgju og getur haft áhrif á blóðrás og öndun fósturs. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

IS/NIC-L/K-2016-08-1

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

60 ÁRA 1956 - 2016

# SPRENGI VIKA

## 20% afsláttur af allri innimálningu




**20% afsláttur** af **ALLRI** innimálningu

blómaval



**SYPRIS** 17 cm pottur **1.490** ~~1.790~~

**ERIKUR** Veljið sjálf 3 stk. **999** ~~1.797~~

**RÓSIR** 10 stk. **1.990** ~~3.490~~

**LILJUR** 3 stk. **1.499**



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

**TÖLUR VIKUNNAR** 25.09.2016-01.10.2016

**40%**
vagnstjóra Strætó eru útlendingar. Útlenskir vagnstjórar eru **114** en alls eru vagnstjórar Strætó **295**.

**5,5 milljónir**
króna var rekstrarkostnaður grunnskóla í Árneshreppi á hvern nemanda í fyrra. Meðalrekstrarkostnaður á hvern nema í grunnskólum sem reknir eru af sveitarfélögum var í fyrra **1,65 milljónir króna**.

**220 þúsund tonn**
af eldsneyti á flugvélar hérlendis voru seld í fyrra. Jókst salan um **90 prósent** milli áranna 2009 og 2015.

**19 af 69**
föngum á Litla-Hrauni vilja ekki vinna af ýmsum ástæðum. Vinnuframboð í fangelsinu er sagt nokkuð gott.

**50 milljónir króna**
var kostnaður vegna utanlandsferða starfsmanna Orkuveitunnar í fyrra. 121,3 milljónir greiddi borgin fyrir ferðalög starfsmanna allra fyrirtækja borgarinnar og sviða hennar á árinu 2015.

## Þrjár í fréttum
### Kerfisbreyting, verkkvíði og strætóakstur

**Ólöf Ýrr Atladóttir**
*ferðamálastjóri*



segir að kerfisbreytingu þurfi í ferðaþjónustunni. Nóg sé komið af átaksverkefnum. Hún segir kerfið að mörgu leyti ekki taka tillit til ferðaþjónustunnar. Bregðast þurfi við ferðamannastraumnum með auknum fjárútlátum í samgöngur, löggæslu og grunnstoðir samfélagsins. Hið opinbera þurfi að vera ákveðnara í ákvarðanatöku.

**Vigdís Hauksdóttir**
*þingmaður Framsóknarflokksins*



sagði Ögmund Jónasson, formann stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, verkkvíðinn þar sem hann boðaði ekki til fundar um skýrslu hennar sem hún kallar „Einkavæðing bankanna hin síðari“. Ögmundur sagði að útilokað væri tímans vegna að klára málið fyrir þinglok.

**Irin Trusevica**
*frá Riga í Lettlandi*



er ein þeirra 114 útlendinga sem keyra Strætó. Hún segir farþegana taka henni mjög vel og almennt vera kurteisa. Stöku sinnum hitti hún þó fólk sem sé dónalegt. Irina hefur búið á Íslandi í átta ár og hefur keyrt strætisvagn í þrjú ár. Það besta við starfið segir hún vera að keyra auk þess sem starfsfólkið sé mjög gott.

# Sundraður Framsóknarflokkur býr sig undir átök á flokksþingi

**Flokksþing Framsóknarflokksins hefst í dag í skugga mikilla innanflokksátaka. Formaðurinn er sakaður um einræðistilburði. Framkvæmdastjóri flokksins setti Jóhannes Þór Skúlason, aðstoðarmann Sigmundar, í starf tengiliðs flokksins við fjölmiðla vegna flokksþingsins. Mikil spenna einkennir formannsslaginn**

**STJÓRNMÁL** Margir flokksbundnir Framsóknarmenn kvíða fyrir flokksþingi Framsóknarflokksins sem hefst í dag í Háskólabíói. Á því mun ráðast hver verður næsti formaður flokksins næstu tvö árin að minnsta kosti. Tvær fylkingar takast á og virðast ekki geta unnið saman.

Margir óttast að flokkurinn mæti sundurtættur til leiks í kosningabaráttuna að loknu flokksþingi hvernig sem fer. Aðeins fjórar vikur eru til kosninga og því stuttur tími til að sleikja sárin eftir hörð átök. Formaðurinn reyndi þó að slá á létta strengi og sagði flokksmenn hlakka til þingsins eins og um ættarmót væri að ræða í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.

Hitafundur var haldinn í framkvæmdastjórn flokksins í gær. Þar vildu menn ræða dagskrá flokksþingsins en í drögum að dagskrá var ekki gert ráð fyrir ræðu forsætisráðherra. Formaður framkvæmdastjórnarinnar, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, vildi hins vegar ekki ræða dagskrá þingsins og samkvæmt heimildum blaðsins var framkvæmdastjórn gerð grein fyrir því að dagskrá flokksþings væri í höndum formanns og framkvæmdastjóra flokksins.

Gekk mikið á á fundinum samkvæmt heimildamönnum Fréttablaðsins og á endanum sleit formaður fundi án niðurstöðu. Stuttu seinna var ný dagskrá sett á vef flokksins en í henni er gert ráð fyrir að allir ráðherrar haldi ræðu á þinginu. Sigurður Ingi Jóhannsson, forsætisráðherra þjóðarinnar, fær því að halda fimmtán mínútna ræðu á fundinum, eftir tillögu formanns flokksins.



Sigurður Ingi Jóhannsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hafa unnið þétt saman síðustu ár í fremstu víglínu Framsóknarflokksins. Nú hinsvegar eru samskipti þeirra botnfrosin og hafa verið um nokkurt skeið. FRÉTTABÆAÐIÐ/ERNIR

Tvær, svo til jafnstórar, blokkir bítast um völdin í Framsóknarflokknum þessa dagana, önnur leidd af formanni flokksins en hin af forsætisráðherra. Stuðningsmenn Sigmundar Davíðs hafa gengið hart fram síðustu daga og sakað andstæðinga hans innan flokksins um launráð í garð Sigmundar og að hanna leikrit sem eigi að sýna einræðistilburði hans í stjórn flokksins.

Í samtölum við Framsóknarmenn síðustu daga kemur fram sú skoðun að óánægja með Sigmund Davíð eigi ekki uppruna sinn í Wintris-málinu svokallaða, þegar upp komst um eignir hans í alræmdu skattaskjóli og ósannsögli hans í kjölfarið. Margir vilja meina að stífni hans í garð annarra í stjórnum flokksins hafi gert það að verkum að hann hafi orðið óvinsælli með tímanum meðal flokksmanna í fremstu víglínu. Hafi það síðan komið í ljós á þriðjudeginum í Wintris-vikunni svokölluðu að hann taldi sig til að mynda ekki þurfa að ræða við þingflokkinn þegar hann ákvað að leggja leið sína til Bessastaða í þeim tilgangi að slíta ríkisstjórn og boða til kosninga.

**sveinn@frettabladid.is**






# Fall Deutsche hefði lítil áhrif á Íslandi

**EFNAHAGSMÁL** Ef allt fer á versta veg hjá þýska bankarisanum Deutsche Bank og bankinn fer á hausinn mun það líklega hafa lítil efnahagsleg áhrif á Íslandi, en einhver markaðsáhrif. Þetta er mat Guðjóns Á. Guðjónsson, forstöðumaður hlutabréfateymis Stefnis.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá er mikil óvissa í kringum framtíð Deutsche Bank. Gengi hlutabréfa í bankanum hafa lækkað um helming á árinu, í fyrstu vegna þess að fjárfestar óttuðust eiginfjárstöðu bankans og að bankinn væri of tengdur orkufyrirtækjum. En síðustu tvær vikur hefur ástæða lækkunar verið 14 milljarða dollara, 1.600 milljarða króna, sekt bandarískra stjórnvalda á hendur bankans.



Markaðsvirði Deutsche Bank hefur lækkað um helming það sem af er ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þrátt fyrir ágætis efnahagsreikning gæti bankinn staðið frammi fyrir hruni vegna áhlaupa, til að mynda ef fjárfestar færa viðskipti sín annað, eins og nokkrir vogunarsjóðir hafa nú þegar gert, eða ef hann getur ekki greitt sektina sem er ansi nálægt markaðsvirði fyrirtækisins, sem nam 18 milljörðum dollara fyrir viku.

„Það er langt í að hrun gerist eins og staðan er í dag, en ef það mun gerast þá mun evran gefa eitthvað eftir. Ef Deutsche Bank fer á hausinn þá verður titringur á mörkuðum sem mun smita hingað heim. Það mun hafa einhver áhrif á markaði hér en ég held það muni ekki hafa nein ofboðsleg efnahagsleg áhrif á Íslandi,“ segir Guðjón. „Auk þess myndi seðlabankinn í Evrópu, og þýska ríkið, mjög líklega hlaupa undir bagga áður en að þessu kæmi.“ **– sg**

# HÚSGAGNABÆKLINGURINN OKKAR ER KOMINN ÚT!

Af því tilefni veitum við **20%** kynningarafslátt af öllum húsgögnum, rúmum, dýnum, sængum og koddum. Ekki missa af þessu einstaka tilboði!

Athugið! Gildir aðeins 29. september til 5. október 2016




**RÚMFATA LAGERINN**

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**www.rumfatalagerinn.is**

Tilboðin gilda 29.09.16 - 5.10.16




BÚDAPEST

Hotel
Promenade

Frá kr. 83.900
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi m/morgunmat.
20. október í 4 nætur.




VERONA

Hotel
Mastino

Frá kr. 93.900
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi m/morgunmat.
20. október í 4 nætur.




RÓM

Hotel Eurostars
International
Palace

Frá kr. 113.900
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi með morgunmat.
28. október í 4 nætur.




LISSABON

Turim
Europa

Frá kr. 86.900
Netverð á mann m.v.2 í herbergi með morgunmat.
3. nóvember í 3 nætur.




SEVILLA

Hotel Catalonia
Santa Justa

Frá kr. 74.900
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi með morgunmat.
11. nóvember í 3 nætur.




ENNEMM / SIA • NMNM77524 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Heimsferðir




## Leiðtogar í jarðarför



Barack Obama og Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, fylgjast með ísraelskum hermönnum bera blómsveiga að kistu Shimons Peres, fyrrverandi forseta Ísraels, í jarðarför hans í Jerúsalem. NORDICPHOTOS/AFP

# Bjarni vildi breytingar á lista á elleftu stundu

**Kjörnefnd Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi hafði ákveðið að gera tillögu um framboðslista með fjórum karlmönnum í efsta sæti. Skömmu fyrir fundinn krafðist Bjarni Benediktsson þess að breytingar yrðu gerðar á listanum.**

**STJÓRNMÁL** Kjörnefnd Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi hafði ákveðið á fundi á miðvikudaginn að leggja til við kjördæmaráð að röð efstu manna yrði óbreytt frá niðurstöðum prófkjörsins. Heimildir Fréttablaðsins herma að vegna eindregins vilja Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, hafi röð efstu manna hins vegar verið breytt.

Eins og fram hefur komið var ákveðið á fundi kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í fyrrakvöld að Bryndís Haraldsdóttir skipaði annað sæti lista flokksins í Suðvesturkjördæmi. Heimildarmenn Fréttablaðsins segja að breyting í þessa veru hafi verið rædd innan kjörnefndarinnar. Vegna andstöðu þeirra sem voru kjörnir í sæti fyrir ofan Bryndísi í prófkjörinu ákvað nefndin að gera ekki breytingu.

Skömmu áður en fundur kjördæmaráðsins hófst á fimmtudagskvöldið gerði Bjarni Benediktsson, formaður flokksins, kjörnefndinni síðan ljóst að hann teldi nauðsynlegt að röð manna á listanum breyttist og Bryndís yrði sett í annað sætið. Heimildarmenn Fréttablaðsins segja að Bjarni hafi rökstutt kröfu sína með því að vísa í skoðanakannanir og lýst ótta sínum yfir því að með óbreyttum lista myndi fylgi flokksins meðal kvenna hrynja. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins munu kjörnefndarmenn hafa litið svo á að með því að hafna kröfu Bjarna væru þeir að lýsa yfir vantrausti á formann flokksins. Var því ákveðið að fara að tillögunni.



Kjördæmisráð Sjálfstæðisflokksins í Kraganum kom saman í Valhöll í fyrradag þar sem endanleg ákvörðun um framboðslista var tekin. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Bryndís Haraldsdóttir sagði sjálf í samtali við Vísi í gær að sú breyting sem gerð var á listanum í gær hafi verið mjög óvænt. Hú segist sjálf ekki hafa gert kröfu um að vera færð ofar.

Bryndís neitar því ekki að það hafi verið skiptar skoðanir um þá breytingu sem var gerð. „Það var mjög eindregin kosning með þessu en auðvitað skiptist fólk á skoðunum um málið. En formaður flokksins talaði líka mjög fyrir þessari breytingu.“

Sjálfstæðisflokkurinn fékk fimm menn kjörna í Suðvesturkjördæmi í kosningum 2013. Eftir breytingarnar sem gerðar voru í fyrrakvöld er Vilhjálmur Bjarnason alþingismaður í fimmta sæti listans, en náði fjórða sætinu í prófkjöri. Hann var hvergi banginn þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. „Ég ætla að fá sex inn,“ sagði Vilhjálmur. Spurður hvort breytingin hafi komið honum á óvart, segist hann ekki hafa orðið hissa. „Ég er aldrei hissa í lífinu maður á aldrei að vera hissa,“ sagði Vilhjálmur. **jonhakon@frettabladid.is**




**Kynntu þér Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág** innborgun | **Tryggt** framtíðarvirði | **Fastar** mánaðargreiðslur

## Mest seldi bíll í heimi!

Við frumsýnum nýja Corollu, næsta skref í 50 ára sigurgöngu endingar og gæða. Sjáðu nýja hönnun með flæðandi línum að utan. Njóttu þess að hafa aukið rými að innan, endurhannað mælaborð og margmiðlunartækni með afþreyingu og meira öryggi í þægilegum akstri. Komdu, skoðaðu og reynsluaktu mest selda bíl í heimi.

**Kynntu þér nýja Corollu nánar á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

**Spurðu söluráðgjafa okkar út í spennandi sértilboð á öðrum gerðum í leiðinni.**



Sergei Lavrov á hægri hönd forsetans Vladimirs Pútín. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Varði árásirnar á Aleppo

**RÚSSLAND** Bandaríkin hlífa hryðjuverkasamtökunum Jabhat Fateh al-Sham, áður þekkt sem al-Nusra Front, í tilraunum sínum til að steypa Bashar al-Assad Sýrlandsforseta af stóli. Þetta fullyrti Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, í viðtali við BBC í gær.

Lavrov sagði enn fremur að Bandaríkin hefðu brotið það loforð sitt að aðskilja hryðjuverkasamtök frá hófsamari uppreisnarmönnum. „Þeir lofuðu því að hafa það sem forgangsatriði,“ sagði Lavrov.

Þá varði Lavrov einnig loftárásir Rússa á borgina Aleppo. Sagði hann Rússa eingöngu vera að hjálpa ríkisstjórnarher Sýrlands að berjast við hryðjuverkamenn. Samkvæmt mati Sameinuðu þjóðanna hafa um 400 almennir borgarar fallið í átökunum um borgina undanfarnar vikur. **– þea**

# Húsgögn keypt fyrir tugi milljóna króna

**SAMFÉLAG** Kostnaður vegna framkvæmda í Ráðhúsinu frá 2012 er tæpar 170 milljónir. Frá 2012 hefur verið unnið að því að breyta innréttingum í Ráðhúsinu til að mæta nýjum þörfum en engar framkvæmdir voru í húsinu frá 2004. Alls hefur Reykjavíkurborg eytt um 200 milljónum króna í framkvæmdir við Ráðhúsið frá 2001. Tæpar 40 milljónir hafa farið í húsasmíði, um 28,3 milljónir í húsgögn og 15,6 milljónir í verkfræðinga og tæknifræðinga. Aðrir einstakir kostnaðarliðir ná ekki tíu milljónum. Á þessu ári hefur borgin eytt 18 milljónum í húsasmíði og 12 milljónum í húsgögn. Þetta kom fram á borgarráðsfundi á fimmtudag. Þar kemur fram að húsið hafi upphaflega verið innréttað sem einkaskrifstofur og afgreiðslusvæði með um 60 starfsstöðvar. Aðeins var eitt fundarherbergi í skrifstofuhlutanum með mjög takmörkuðum aðgangi. Eftir breytingarnar eru nú 110 starfsstöðvar í skrifstofuhlutanum, auk 12 nýrra fundarherbergja fyrir 10-12 manns. Verði af áætluðum framkvæmdum hefur nýting skrifstofuhúsnæðisins tvöfaldast frá því sem upphaflega var. Frá því að framkvæmdir hófust árið 2012 er áætlað að starfsmönnum hafi fjölgað um 35-40. Dæmi um aukna nýtingu húsnæðis er að 24 starfsmenn menningar- og ferðamálasviðs fluttu í skrifstofuhúsnæðið á þessu ári, sem sparaði borginni um 24 milljónir í leigu á ári, og 16 starfsmenn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar eru nú í rými þar sem fyrir breytingar unnu sjö manns. **– bbh**



Þessir stólar reyndust vera falsaðir og þurfti að farga þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


## ALÞINGISKOSNINGAR 29. OKTÓBER 2016

**Auglýsing frá yfirkjörstjórnum Reykjavíkurkjördæma norður og suður um móttöku framboðslista og aðsetur yfirkjörstjórna á kjördag**

**Framboðsfrestur til alþingiskosninga rennur út föstudaginn 14. október nk. kl. 12 á hádegi.**

**Yfirkjörstjórnir Reykjavíkurkjördæma norður og suður taka á móti framboðslistum miðvikudaginn 12. október kl. 10-12 og aftur föstudaginn 14. október kl. 10-12 í fundarherbergi borgarráðs, Ráðhúsi Reykjavíkur við Tjarnargötu.**

Á framboðslista skulu vera 22 nöfn frambjóðenda.
Hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Framboðslista skal og fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í hlutaðeigandi kjördæmi. Tilgreina skal nafn meðmælanda, kennitölu hans og heimili. Fjöldi meðmælenda skal vera 330 að lágmarki og 440 að hámarki.

Enginn kjósandi getur mælt með fleiri en einum framboðslista. Komi það fyrir strikast nafn kjósandans út í báðum/öllum tilvikum. Loks skal fylgja framboðslista skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans um hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. Allar framangreindar yfirlýsingar skulu ritaðar eigin hendi.

Gæta skal þess um öll framboð að tilgreina skýrlega nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu eða starfsheiti og heimili til þess að enginn vafi geti leikið á því hverjir eru í kjöri. Mælst er til að framboðslistum og listum yfir meðmælendur verði einnig skilað á rafrænu formi. Bent er á að meðmælendalista má slá inn á þar til gert vefsvæði á www.island.is.

Að öðru leyti er vísað til ákvæða laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000, með síðari breytingum.

Meðan kosning fer fram, laugardaginn 29. október nk., verður aðsetur yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður í Ráðhúsi Reykjavíkur, þar sem talning atkvæða mun fara fram að kjörfundi loknum. Aðsetur yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis suður verður í Hagaskóla og að kjörfundi loknum fer talning atkvæða fram í íþróttahúsinu við Hagaskóla.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.kosning.is eða með því að hafa samband við skrifstofu borgarstjórnar í s. 411-4700 eða með tölvupósti á kosningar@reykjavik.is.

Reykjavík, 1. október 2016

**Yfirkjörstjórn**
**Reykjavíkurkjördæmis norður**

Erla S. Árnadóttir
Páll Halldórsson
Fanný Gunnarsdóttir
Katrín Helga Hallgrímsdóttir
Tómas Hrafn Sveinsson

**Yfirkjörstjórn**
**Reykjavíkurkjördæmis suður**

Sveinn Sveinsson
Sjöfn Ingólfsdóttir
Þuríður Jónsdóttir
Heimir Örn Herbertsson
Þóra Hallgrímsdóttir




Greining Íslandsbanka veltir því fyrir sér hvort aukin samkeppni frá væntanlegum verslunarrisum muni ýta undir verðlækkanir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fataverð ekki lækkað í takt við afnám gjalda

**Fata- og skóverð hefur lækkað mun minna en sem nemur afnámi tolla og styrkingu krónunnar á síðasta ári. Varaformaður Neytendasamtakanna segir þetta vonbrigði. Hann segir afnám tolla ekki hafa átt að skila sér í vasa kaupmanna.**

**VIÐSKIPTI** Á síðustu tólf mánuðum hefur verð á fötum og skóm lækkað um 4,5 prósent samkvæmt tölum Hagstofunnar. Á sama tíma hafa 15 prósent tollar á föt og skó verið afnumdir og gengi krónu hækkað um nærri 13 prósent að jafnaði. Teitur Atlason, varaformaður Neytendasamtakanna, segir þessa litlu lækkun vera áfall fyrir neytendur.

„Ef rétt reynist eru þetta ekki vonbrigði heldur áfall. Ef lögmál markaðarins eru eitthvað öðruvísi á Íslandi en annars staðar í veröldinni þá er það líka annað sérstakt áhyggjuefni,“ segir Teitur.

Það er að mati greiningar Íslandsbanka með nokkrum ólíkindum að slík lækkun á kostnaðarverði hafi ekki skilað meiri verðlækkun á fatnaði og skóm. Fróðlegt verði að sjá hvort aukin samkeppni frá væntanlegum verslunarrisum í innlendri fataverslun muni ýta við þeim búðum sem fyrir eru að bæta úr þessu á komandi mánuðum.

„Frjáls samkeppni er veigamesti þátturinn í viðskiptaumhverfi og svo skipta reglur samfélagsins um viðskipti líka gríðarlega miklu máli og hvernig þeim er hagað. Þegar ríkisvaldið gengur fram með góðu fordæmi og einfaldar reglurnar, til dæmis með niðurfellingu vörugjalda og tolla, þá á það að sýna sig í lækkuðu vöruverði strax,“ segir Teitur.

> **Allt bendir til þess að þessi flotta aðgerð ríkisins sé að renna í vasa kaupmanna og þannig var það ekki hugsað, þetta átti að stærstum hluta að skila sér til neytenda. Þetta eru vonbrigði.**
>
> Teitur Atlason, varaformaður Neytendasamtakanna



„Allt bendir til þess að þessi flotta aðgerð ríkisins sé að renna í vasa kaupmanna og þannig var það ekki hugsað, þetta átti að stærstum hluta að skila sér til neytenda. Þetta eru vonbrigði,“ segir Teitur.

Teitur segir að Neytendasamtökin muni ekki horfa þegjandi fram hjá þessu. „Við munum hvetja neytendur til að beina viðskiptum sínum þangað sem verð er eðlilegt. IKEA hefur til dæmis lækkað verð að undanförnu, þeir sögðu einfaldlega að hagnaður þeirra væri það góður að óeðlilegt væri að taka meira. Þetta er dæmi um þetta fína ástand þar sem báðir aðilar koma sáttir frá borði, neytandinn og kaupmaðurinn,“ segir Teitur.

Fram kemur í greiningu Íslandsbanka að föt og skór hækkuðu í verði um ríflega 4,7 prósent milli mánaða í september. Þegar horft sé á þriðja ársfjórðung í heild nemi lækkun þessara liða 0,5 prósentum.

Samtök verslunar og þjónustu vildu ekki tjá sig um málið og beindu fyrirspurnum til kaupmanna landsins.

saeunn@frettabladid.is





# Tvö viðhaldsfrí ár á notuðum Mercedes-Benz.

**Þú færð tveggja ára ábyrgð og þjónustu innifalda hjá Öskju** þegar þú kaupir sérvalinn og viðurkenndan Mercedes-Benz. Þjónustuskoðanir eru framkvæmdar samkvæmt tilmælum Mercedes–Benz um hvað skuli gera miðað við aldur og akstur, sem tryggir áframhaldandi akstursánægju um ókomin ár.

Mercedes-Benz

Askja notaðir bílar

Klettháls 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · notadir.is
Viðurkenndur endursöluaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Opnunartímar
Virka daga 10–18, laugardaga 12–16

Þú finnur „Askja notaðir bílar“ á Facebook

# Vilja rannsaka strokufisk úr sjókvíum

**Regnbogasilung er nú að finna í ám um stóran hluta Vestfjarða. Fiskistofa kannar hvort strokufiskur sé einnig í Ísafjarðardjúpi. Fiskurinn kemur úr sjóeldi á Vestfjörðum. Stofnuninni hafa ekki borist tilkynningar um slysasleppingar þó aðilum sé skylt að tilkynna slíkt.**

**UMHVERFISMÁL** Landssamband veiðifélaga krefst þess að stjórnvöld láti fara fram óháða rannsókn á því af hverju regnbogasilungur hefur sloppið í svo miklu magni úr kvíum á Vestfjörðum. Segja þeir það hafa leitt til þess að regnbogasilungur hefur veiðst um allt norðanvert og vestanvert landið síðustu vikur og mánuði.

„Það sem ég hef mestar áhyggjur af er að þetta er skýrt merki um hvers er að vænta á næstu árum,“ segir Jón Helgi Björnsson, formaður Landssambands veiðifélaga.

„Þeir sem eru í regnbogaeldi eru flestir hverjir að hætta í því og færa sig í laxeldi. Það eru engar líkur á að hann sleppi eitthvað minna. Þegar frjór eldislax sleppur getur það valdið erfðamengun og að við töpum þessum villtu stofnum. Skýr rannsóknardæmi eru um að það er að gerast í nokkrum ám í Noregi og að villtir stofnar eru að hverfa úr þeim.“

Höskuldur Steinarsson, framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva, gefur lítið fyrir kort sem hefur verið gefið út af Landssambandi veiðifélaga. „Það er á hreinu að þetta kort er gefið út núna í áróðursskyni til þess að hræða yfirvöld. Regnbogasilungur hefur sannarlega veiðst í ám en hann getur ekki á nokkurn hátt fjölgað sér og ég veit að veiðimenn hafa haft gaman af því að veiða hann,“ segir Höskuldur. „Einnig hefur Fiskistofa ekki verið sátt við framsetningu kortsins og talið hana villandi.“

Í ár verða framleidd við Ísland um fimmtán þúsund tonn af eldislaxi og innan þriggja ára gæti slátrun eldisfisks hér á landi orðið meiri en samanlögð kjötframleiðsla hér á landi.

Tveggja daga eftirlitsferð Fiskistofu um daginn staðfesti að regnbogasilung er nú að finna í ám í Patreksfirði, Tálknafirði, Arnarfirði og Dýrafirði. Fiskistofa rannsakar nú hvort regnbogasilung sé einnig að finna í Ísafjarðardjúpi, en grunur er um að svo geti verið. Fiskistofa hefur ekki fengið tilkynningu um að slysaslepping hafi orðið í fiskeldi á Vestfjörðum, en rekstraraðilum í fiskeldi er skylt að tilkynna um slys.

sveinn@frettabladid.is

### Áfangaskýrsla




**Tilkynningar um regnbogasilung í íslenskum ám og fjörðum**

- Hafrannsóknastofnun, Veiðimálastofnun og ábendingar frá almenningi. (appelsínugulur)
- Fiskistofa (dökkblár)

| Svæði | Hafrannsóknastofnun o.fl. | Fiskistofa | Ár og firðir |
|---|---|---|---|
| 1 | 12 | 4 | Miðá \| Haffjarðará Hítará \| Laxá í Leirárvík Elliðaár \| Ytri-Rangá |
| 2 | 22 | 17 | Ósá \| Sandá \| Botnsá Múlaá \| Fossá \| Mjólká Lón í Álftafirði Hestfjörður Hvannadalsá Kaldbaksá |
| 3 | 7 | 3 | Hrútafjarðará Miðfjarðará Vatnsdalsá Laxá í Refasveit |
| 4 | 14 | 6 | Fljótá \| Hólsá/Fjarðará Eyjafjarðará Laxá í Aðaldal Litlaá \| Brunná Hafralónsá \| Kverká |
| 5 | 8 | 4 | Fjarðará \| Breiðdalsá Berufjarðará \| Lón |

> Það sem ég hef mestar áhyggjur af er að þetta er skýrt merki um hvers er að vænta á næstu árum.



Jón Helgi Björnsson, formaður Landssambands veiðifélaga

> Einnig hefur Fiskistofa ekki verið sátt við framsetningu kortsins og talið hana villandi.



Höskuldur Steinarsson, formaður Landssambands fiskeldisstöðva


# Samfélagsstyrkir Landsbankans

Landsbankinn veitir 15 milljónir króna í samfélagsstyrki árið 2016. Umsóknarfrestur er til og með miðvikudeginum 5. október næstkomandi.

**Verkefni sem einkum koma til greina:**

» Verkefni á vegum mannúðarsamtaka og góðgerðarfélaga
» Verkefni á sviði menningar og lista
» Menntamál, rannsóknir og vísindi
» Forvarna- og æskulýðsstarf
» Sértæk útgáfustarfsemi

**Veittir eru styrkir í þremur þrepum:**

» 1.000.000 kr.
» 500.000 kr.
» 250.000 kr.

Umsóknarfrestur vegna samfélagsstyrkja er til og með miðvikudeginum **5. október 2016**. Rafrænar umsóknir og nánari upplýsingar á **landsbankinn.is**.

Samfélagssjóður Landsbankans hefur það hlutverk að veita styrki til verðugra verkefna. Meðal styrkveitinga úr sjóðnum eru námsstyrkir, samfélagsstyrkir og umhverfisstyrkir.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA


# Norsk börn fá ekki að leita réttar síns hjá SÞ

**SAMFÉLAG** Norsk stjórnvöld ætla ekki að undirrita valkvæða bókun við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, SÞ, sem veitir börnum heimild til að leita réttar síns hjá barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna í Genf. Í frétt Aftenposten segir að valkvæðu bókuninni hafi verið bætt við sáttmálann árið 2011. Alls hafa 29 lönd undirritað bókunina, þar á meðal Danmörk, Þýskaland, Spánn, Írland og Finnland, að því er Aftenposten greinir frá.

Haft er eftir ráðgjafa hjá UNICEF í Noregi að ákvörðun norskra stjórnvalda sé mikil vonbrigði. Undirritunin hefði verið liður í auknu réttaröryggi barna í Noregi. Óskiljanlegt sé að stjórnvöld sjái ekki til þess að norsk börn hafi sama rétt til að leita réttar síns og börn í Danmörku, Finnlandi og Þýskalandi.

Í tilkynningu norskra stjórnvalda segir að mannréttinda sé vel gætt í Noregi. Í tilkynningunni segir meðal annars að hætta sé á að barnaréttarnefnd SÞ taki síður en norskir dómstólar mið af öðrum samfélagslegum sjónarmiðum þegar taka eigi tillit til þess sem barninu er fyrir bestu.

Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, segir að undirritun bókunarinnar hér yrði réttarbót fyrir íslensk börn. „Við vonum að íslensk stjórnvöld skoði þessa bókun út frá sínum fyrri ákvörðunum, meðal annars um lögfestingu.“

Barnasáttmálinn var fullgiltur fyrir Íslands hönd 1992. Hann var lögfestur 2013. **– ibs**

> Við vonum að íslensk stjórnvöld skoði þessa bókun út frá sínum fyrri ákvörðunum, meðal annars um lögfestingu.



Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi

# Sáttur með Hitler-líkingu

**FILIPPSEYJAR** Mannréttindasamtök hafa furðað sig á ummælum Rodrigos Duterte, forseta Filippseyja, sem stærir sig af því að láta drepa fíkniefnaneytendur og hefur ekkert á móti því að sér sé líkt við Hitler.

„Hitler myrti þrjár milljónir gyðinga. Nú, hér eru þrjár milljónir eiturlyfjasjúklinga. Ég myndi glaður slátra þeim,“ sagði Duterte. Hann var þarna að svara gagnrýnendum sínum, sem höfðu líkt honum við Hitler.

„Þið í Bandaríkjunum og Evrópusambandinu getið kallað mig hvað sem ykkur sýnist,“ sagði hann svo. „En ég var aldrei í hræsninni eins og þið.“ Þarna vísaði hann til flóttafólksins frá Mið-Austulöndum: „Þið látið það rotna og svo hafið þið áhyggjur af því að þúsund, tvö þúsund eða þrjú þúsund deyi.“

Phil Robertson, yfirmaður hjá mannréttindasamtökunum Human Rights Watch, segir það í hæsta máta undarlegt að nokkur skuli vilja láta líkja sér við einn stórtækasta fjöldamorðingja sögunnar.

„Vill hann láta senda sig til Alþjóðasakadómstólsins? Því þangað stefnir hann,“ spyr Robertson.

Reyndar mun Hitler hafa látið myrða meira en sex milljónir gyðinga auk annarra hópa, þannig að Duterte var ekki með tölurnar alveg á hreinu. Auk þess munu fíkniefnaneytendur á Filippseyjum líklega vera um það bil 1,8 milljónir. **– gb**



**Rodrigo Duterte, forseti Filippseyja, heldur áfram að vekja furðu með ummælum sínum.** NORDICPHOTOS/AFP

# FRUMSÝNING Í DAG
# IVECO BUS

Glæsileg rútubílasýning fyrir stóra og smáa aðila í ferðaþjónustu í dag milli kl. 12-16 í húsnæði Hyundai að Kauptúni 1 í Garðabæ. Komið og reynsluakið nýju rútunum frá Iveco Bus.




**SKÓLABÍLAR – ÁHAFNARRÚTUR – FERÐAMANNARÚTUR**



## IVECO DAILY MINIBUS

**Fáanleg með 16–22 farþegasætum.**
**Algeng útfærsla er fyrir 19 farþega.**

Frábærlega útfærð og hönnuð smárúta frá Iveco Bus. Ein öflugasta bifreiðin í flokki rúta með 6.500 kg heildarþyngd státar af sterkum undirvagni, mjúkri og sterkri fjöðrun og einstökum akstursеiginleikum. Öflug 3,0 líter dísilvél og 8 þrepa Hi-Matic sjálfskipting frá ZF. Þægindi farþega eru í fyrirrúmi og stórir gluggar auka á það, góð loftræsting og þægileg hljóðvist. Hægt er að panta rútuna með fjölbreyttri sætaskipan og breiðu úrvali aukahluta. Mikið er lagt upp úr öryggi farþega og uppfylla allar smárútur frá Iveco Bus ýtrustu öryggiskröfur og Evrópustaðla svo sem ECE 66*.



## IVECO DAILY TOURIST COACH

**Fáanleg með 20-31 farþegasæti.**
**Algeng útfærsla er fyrir 27 farþega.**

Afburða vel útfærð smárúta sem tekur allt að 31 farþega og er á einstöku verði. Undirvagninn er Iveco Daily 70C sem leyfir heildarþyngd allt að 7,2 tonnum. Yfirbygging er úr trefjaplasti og stoðgrind úr ryðfríu stáli. Öflug 3,0 líter dísilvél og 8 þrepa Hi-Matic sjálfskipting frá ZF. Rúmgóðar farangursgeymslur, björt og rúmgóð yfirbygging og fjölbreytt úrval afþreyingarkerfa einkenna þessa bíla. Mikið er lagt upp úr nýjustu tækni og góðri aðstöðu fyrir ökumann. Daily Tourist Coach er fullbúin eftir ýtrustu öyggiskröfum og uppfyllir alla Evrópustaðla svo sem ECE 66*.

*Öryggispróf og staðall þar sem áhersla er lögð á styrk yfirbyggingar við veltu.

FENIKSBUS®

IVECO BUS

Allar nánari upplýsingar fást hjá sölufulltrúa í síma 575 1200 / sveinnm@bl.is

IVECO BUS - Kauptúni 1 - Sími 575 1200 - www.bl.is

## Úr skýrslunni

**Skýrslan nefnist Boxed in, eða Innilokaðar, og kom út í júlí í sumar. Konurnar sem vitnað er til í skýrslunni eru ekki nafngreindar vegna hryðjuverkalaga landsins sem gera það refsivert að koma óorði á Sádi-Arabíu.**

**Okkur er treyst fyrir því að ala upp næstu kynslóð en þið getið ekki treyst okkur fyrir okkur sjálfum. Það er ekkert vit í þessu.**

34 ára sádiarabísk kona

**Umsjónarmannakerfið er alltaf martröð. Ég vil ekki giftast vegna þess að ég vil ekki láta ókunnugan mann ráða yfir mér. Í grunninn er þetta þrælahald.**

Sádiarabísk kona á þrítugsaldri

**Maður hefur ekki yfirráð yfir eigin líkama. Það gerir mann taugaóstyrkan við hvert einasta fótmál í lífinu. Allt sem maður hefur lagt svo mikla vinnu og tíma í að ná fram getur orðið að engu á svipstundu ef umsjónarmaðurinn svo ákveður.**

36 ára gömul sádiarabísk kona

**Þetta getur ruglað mann í hausnum og brenglað sjálfsmyndina. Hvernig á maður að bera virðingu fyrir sjálfum sér eða hvernig á fjölskyldan að bera virðingu fyrir manni ef hann er lögráðamaður þinn?**

44 ára sádiarabísk kona



**Sádiarabískar konur í bænum Al-Thamama, skammt norður af borginni Riad.**

# Reyna að hrófla við rótgrónu kerfi *misréttis*

Konur í Sádi-Arabíu krefjast þess nú þúsundum saman að umsjónarvald karla yfir konum verði aflagt. Þær mega ekki taka neinar mikilvægar ákvarðanir án þess að fá leyfi hjá karlmanni.

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



**SÁDI-ARABÍA** Þúsundir kvenna í Sádi-Arabíu hafa undirritað áskorun til stjórnvalda landsins um að afnema hið svokallaða umsjónarmannakerfi, sem bundið er í lög og tryggir að konur þar í landi njóti ekki fullra mannréttinda.

Undirskriftaherferðin fór af stað í sumar á netinu, einkum á Twitter, eftir að mannréttindasamtökin Human Rights Watch birtu skýrslu um þetta kerfi og upplifun kvenna af því.

Nú í vikunni höfðu nærri 15 þúsund manns undirritað þessa áskorun, en engar fréttir hafa borist af viðbrögðum stjórnvalda. Á síðustu árum hefur ítrekað verið óskað eftir því að þetta kerfi verði lagt niður, en viðbrögðin hafa jafnan verið dræm.

Það var Aziza al-Yousef, einn helsti leiðtogi kvenréttindabaráttunnar í Sádi-Arabíu, sem á mánudaginn afhenti sádiarabískum stjórnvöldum áskorunina með undirskriftalistanum. Hún hefur barist fyrir afnámi umsjónarmannakerfisins í fimm ár.

Hún vakti meðal annars athygli árið 2013 þegar hún í mótmælaskyni settist undir stýri á bifreið og ók henni sjálf, sem var skýrt brot á banni við því að konur keyri bíl.

„Við höfum aldrei átt í erfiðleikum með að standa í þessari baráttu, en vandamálið er að það berst aldrei neitt svar,“ sagði hún í viðtali við BBC. „En við höfum alltaf von. Án vonarinnar er ekki hægt að gera neitt.“

Sumir háttsettir klerkar í Sádi-Arabíu hafa jafnan tekið afar illa í kröfur um breytingar. Þeir segja þetta fyrirkomulag reist á trúarlegum grunni. Þannig sagði Abdulaziz al-Sheikh, stórmúfti Sádi-Arabíu, að Twitter-herferðin hafi verið glæpur gegn íslam. Þetta er hins vegar umdeilt og margir íslamskir fræðimenn segja umsjónarmannakerfið í Sádi-Arabíu byggt á grundvallarmisskilningi.

Yousef segir að meira að segja sádiarabískir klerkar, sumir áhrifamiklir, hafi undirritað áskorunina.

„Allir sögðu þeir að þetta snúist ekkert um trúarbrögðin, þetta séu bara stjórnvaldsreglur og þeim eigi að breyta,“ segir hún.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**Á síðasta ári fengu sádiarabískar konur í fyrsta sinn að kjósa í sveitarstjórnarkosningum.** NORDICPHOTOS/AFP

## Umsjónarvald karla yfir konum

Konur í Arabíu hafa ekki full réttindi sem sjálfstæðir einstaklingar, því þær þurfa jafnan leyfi frá karlmanni úr nánustu fjölskyldu sinni til að ferðast til útlanda, giftast eða til að verða látnar lausar úr fangelsi. Þær þurfa líka stundum samþykki frá karlmanni úr fjölskyldunni til að stunda atvinnu eða fá læknisþjónustu.

Mannréttindasamtökin Human Rights Watch segja þetta fyrirkomulag vera stærstu hindrun í vegi þess að konur í Sádi-Arabíu njóti mannréttinda.

„Við þurfum allar að halda okkur innan þeirra marka sem feður okkar eða eiginmenn setja okkur,“ segir 25 ára gömul sádiarabísk kona, sem Human Rights Watch vitna til í frétt frá í sumar, þegar samtökin birtu viðamikla skýrslu um þetta umsjónarvald karla yfir konum sem tíðkast enn þar í landi.

Þetta þurfa konur í Sádi-Arabíu að búa við alla ævi. Reglan er sú að fyrst sé það faðir konunnar, sem



**Í Sádi-Arabíu er konum enn bannað að aka bifreiðum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

hefur umsjónarvaldið, en hann afhendi það eiginmanni hennar þegar hún giftist.

Stundum verður útfærslan þó eitthvað flóknari, eins og konur missa eiginmann sinn eða dætur missa föður sinn áður en þær giftast. Eins flækir það málin þegar konur komast á efri ár án þess að giftast. Stundum gerist það að synir eða bræður taka að sér umsjónarvald yfir móður sinni eða systrum.

Konurnar hafa verið misjafnlega sáttar við þetta fyrirkomulag, sem tíðkast reyndar víðar meðal múslima í einhverri mynd en er fest í lög í Sádi-Arabíu með strangari hætti en annars staðar þekkist.

„Sonur minn er umsjónarmaður minn, hvort sem þið trúið því eða ekki, og það er virkilega niðurlægjandi,“ er haft eftir 62 ára konu í skýrslu Human Rights Watch frá í sumar. „Minn eigin sonur, sá sem ég ól í heiminn, sá sem ég ól upp, hann er umsjónarmaður minn.“

Árið 2009 féllust stjórnvöld í Sádi-Arabíu reyndar á að leggja niður þetta kerfi. Það gerðist eftir að Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna gerði athugasemdir. Sádi-Arabíustjórn féllst aftur á þetta árið 2013.

Baráttukonur í Sádi-Arabíu hafa sömuleiðis ítrekað reynt að fá stjórnina til að leggja þetta kerfi niður. Lítið hefur þó verið hróflað við þessu, þótt smávægileg skref hafi reyndar verið stigin í áttina að auknum réttindum kvenna.



# 25% afsláttur af húsgögnum og gjafavöru!




## Tilboðið gildir dagana 1. - 5. október



**Camerich lazytime** tungusófi í áklæði
Stærð: 275 x 175 cm. Litir: brúnt
Verð kr. 542.000,-. nú kr. **406.500,-**



**Motta (ull) 60x140 cm DAY Home,**
kr. .49.000,-, nú kr. **34.500,-**



**PB home sófaborð 90x90x45 cm,**
verð frá kr. 68.000,- , nú **51.000,-**



**PB home sófaborð 90x90x45 cm,**
verð frá kr. 68.000,- , nú **51.000,-**



**Camerich Crescent** sófar
Stærð: 3ja 228 x 93 cm., stóll 80x80 cm
Tilboðsverð í áklæði: 3ja sæta verð frá 379.000,-, **nú frá 284.250,-.**
Sófasett 3+1+1. Verð í áklæði frá kr. 775.000,-, **nú frá 581.250,-.**



**Camerich max** sjónvarpsskápar
Verð frá kr. 219.000,-. Tilboðsverð (-20%) frá **kr. 164.250,-**



**Day Home skál 17 cm,**
verð kr. 5.800,-, nú **4.350,-**



**Hübsch púði 60x60 cm,**
verð kr. 12.800,-, nú **9.600,-**



**Camerich Lehman** stóll í leðri
Verð kr. 208.000,-. Tilboðsverð **kr. 156.000,-.**

# HEIMAHÚSIÐ

**Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18 og laugardaga 11 -16.**


TILBOÐ
ORKIDEA Í POTTI
(2 STÖNGLAR)
2.990KR
TILBOÐ
POTTAR
790KR
TILBOÐ
FRIÐARLILJA
OG ASPAS
990KR
TILBOÐ
LITLIR KAKTUSAR OG
ÞYKKBLÖÐUNGAR
450KR
TILBOÐ
MONSTERA
2.490KR


TILBOÐ
4STK CALLUNUR/ERIKUR
AÐ EIGIN VALI 1.290KR.
HAUSTLAUKAR & VERKFÆRI
25% AFSLÁTTUR


KÖRFUR, LUKTIR,
KERTI OG SERÍUR
25% AFSLÁTTUR


GLÆSILEGIR
HAUSTVENDIR Í VASA
4.980KR
TILBOÐ
TÚLIPANABÚNT
1.980KR



# VELKOMIN Í AFMÆLISGLEÐI GARÐHEIMA!

## 25 ÁRA FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI – SÍÐAN 1. OKTÓBER 1991

### LAUGARDAGURINN 1. OKTÓBER

**GARÐYRKJUSPJALL Á LAUGARDEGI**

KOMIÐ OG HLUSTIÐ Á SANNKALLAÐA FRUMKVÖÐLA OG ÆVINTÝRAMENN Í GARÐYRKJU Á ÍSLANDI OG TAKIÐ ÞÁTT Í UMRÆÐUM UM FRAMTÍÐ OG TÆKIFÆRI ÍSLENSKRAR GARÐYRKJU.



**12:00 HAFBERG ÞÓRISSON**
GARÐYRKJUBÓNDI AÐ LAMBHAGA RÆÐIR UM TÆKIFÆRI Í ÍSLENSKRI GARÐYRKJU OG FRAMTÍÐARSÝN



**13:00 BJARNI ÓSKARSSON**
GARÐYRKJUBÓNDI AÐ BERJABÚINU VELLIR, RÆÐIR UM LÍFRÆNA BERJARÆKT OG ÝMIS TILRAUNAVERKEFNI Í GARÐYRKJU

**14:00 – 16:00 AFMÆLISKAKA OG KAFFI Í BOÐI GARÐHEIMA**

### SUNNUDAGURINN 2. OKTÓBER

FRÁ 14:00 TIL 16:00

SPRELLARAR FRÁ **SIRKUS ÍSLAND** SKEMMTA GESTUM OG GANGANDI.

**CANDY FLOSS** FYRIR BÖRNIN Í BOÐI GARÐHEIMA



**FULLT AF FRÁBÆRUM TILBOÐUM OG AFSLÁTTUR Í HVERJU HORNI**




BELCANDO FÓÐUR
MOTTUR, BÆLI OG BÚR
25% AFSLÁTTUR

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Hraust Evrópa



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Evrópusambandið á sér fáa málsvara sem brenna í skinninu. Að minnsta kosti heyrist lítið í þeim þótt stutt sé í kosningar.

Jón Baldvin Hannibalsson, hinn skorinorði hugmyndafræðingur sambandssinna, sem engum hefur tekist að leysa af hólmi í meira en þrjá áratugi, hefur vent kvæði sínu í kross. Hann líkir ESB við brennandi hús og telur okkur ekki eiga erindi þangað fyrr en eldar hafi verið slökktir. Andstæðingar grípa orð hans auðvitað á lofti til marks um endanlega uppgjöf aðildarsinna.

Ekki má gera lítið úr fjölþættum vanda ESB. En gamli krataleiðtoginn gerir úlfalda úr mýflugu. Ástandið í þessari álfu stórra styrjalda hlýtur að teljast býsna gott í sögulegum samanburði. Evran reynir vissulega á þolrifin. Brexit er nýtt, risastórt úrlausnarefni, sem bætist við umræðu um lýðræðishalla, háværa gagnrýni á skriffinnskubákn í Brussel og væringar vegna innflytjenda og flóttafólks.

Lýðskrumarar nýta sér stöðuna til að ýta undir þjóðrembu. Evrópa hefur brennt sig illa á slíku og brýnast er að halda daðri við hvers kyns öfgaöfl í skefjum. Opin umræða, til dæmis um glæpi og ofbeldi, er besta ráðið. Um hvort tveggja eru á sveimi bábiljur, sem eiga sér enga stoð. Alvarlegum glæpum fækkar ár frá ári og þrátt fyrir voðaverkin í París, Brussel og Nice er hryðjuverkahætta minni nú en í lok aldarinnar sem leið.

Brexit knýr fram endurmat. Fólk rifjar upp ástandið sem ríkti fyrir daga samrunans. Álfunni var skipt með víggirðingum. Enda hefur fylgi við sambandið víða vaxið í kjölfar Brexit, meira að segja í Bretlandi þar sem margir naga sig í handarbökin eftir að hafa kosið með útgöngu.

Grikkir, Spánverjar og Portúgalar bjuggu við stjórnarfar sem helst átti sér hliðstæður í þriðja heiminum fyrir daga Evrópusamstarfsins. Fátækt var útbreidd og lýðræði fjarlægur draumur. Í sumum Austur-Evrópuríkjum var þjóðskipulagið að hrynja. Fólk í blóma lífsins man þá tíma. Erfið úrlausnarefni í hagstjórn vegna evrunnar eru léttvæg við hlið vandamálanna, sem það kynntist í uppvextinum.

Herlögregla var grá fyrir járnum á hverju götuhorni. Á landamærum voru þungvopnaðir verðir. Engum var hleypt í gegn án vegabréfsáritunar. Atvinnuleyfi kostuðu langa bið og mikla skriffinnsku, jafnvel fyrir listafólk til að halda litla sýningu. Stakkaskiptin eru lyginni líkust.

Álfan er einn vinnumarkaður og vinnufúsar hendur sækja þangað sem þeirra er þörf. Lífskjör fara batnandi. Straumur flóttafólks til álfunnar er að stórum hluta afleiðing hryggilegra stríðsátaka í öðrum álfum. En fólksflutningarnir eru líka til marks um velmegun og umburðarlyndi sem skapast þegar friður ríkir, en friður er meginmarkmið Evrópusamvinnunnar og forsenda allra framfara.

Hér er ekkert fullyrt um hvort Íslandi sé best borgið í ESB. Til þess þarf samningur að liggja á borðinu. Hvað sem því líður er samstarfið í Evrópu býsna gott þrátt fyrir snúin viðfangsefni. Það hefur staðið af sér alla storma hingað til.

**Evrópa hefur brennt sig illa á slíku og brýnast er að halda daðri við hvers kyns öfgaöfl í skefjum.**




Gunnar




## Mín skoðun Logi Bergmann



## Frelsið er yndislegt

Ég er nú ekki svo gamall. En samt man ég eftir ýmsu sem okkur finnst fáránlegt í dag. Svo fáránlegt að við erum jafnvel farin að hlæja að því og spyrjum okkur: Hvernig var þetta hægt?

Ég var minntur á þetta um daginn þegar ég fór með bílinn í skoðun. Það er býsna notalegt. Ég fékk kaffi og svo spjallaði ég við viðkunnanlegan skoðunarmanninn og við rifjuðum upp þegar Bifreiðaeftirlitið sá um þessa hluti.

**Hálfguðir í sloppum**

Í minningunni, og ég held að hún sé ekki að blekkja, tók þetta bróðurpartinn af deginum. Skoðunarmenn höfðu alræðisvald og mættu, þegar röðin kom loksins að manni, eins og hálfguðir í sloppum, sem réðu því hvort maður ók heim eða þyrfti að leita að strætóleið frá Bíldshöfðanum. Myndi eitt smáatriði svipta mann frelsinu til þess að fá að keyra á Cortinunni? Það þótti í alvöru fullkomlega eðlilegt og skynsamlegt að senda huggulega stelpu með bílinn í skoðun, enda lá það alveg ljóst fyrir að duttlungar skoðunarmannsins réðu miklu.

Ég man líka eftir að hafa unnið á Gauk á Stöng, þar sem menn drukku bjórlíki. Bjórlíki! Það þarf sennilega að útskýra það hugtak fyrir einhverjum kynslóðum. Jú, það var þegar barir blönduðu pilsner saman við einhverjar óskilgreindar tegundir af sterkum drykkjum til að drykkurinn smakkaðist eins og bjór. Sem tókst náttúrlega ekki. Útkoman var hroðaleg og þeir sem drukku urðu yfirleitt á rassgatinu, en okkur fannst þetta meiriháttar. Við vorum bara nánast eins og venjuleg þjóð!

Höfum líka í huga að það eru ekki nema 30 ár síðan Íslendingar fengu að horfa á eitthvað annað en Ríkissjónvarpið. Það gekk ekki baráttulaust, undir heimsendaspám um örlög íslenskrar tungu.

Þetta þrennt var eitthvað sem við höfðum vanist. Sumum fannst það jafnvel eðlilegt. Svo eðlilegt að þegar rætt var um að breyta því þá risu margir upp og börðust af miklum krafti gegn því. Þegar ég segi miklum krafti, þá meina ég að þeir voru algjörlega á því að ef við breyttum þessu færi allt meira eða minna til helvítis. En þeir töpuðu. Getið þið ímyndað ykkur hvernig væri ef þetta hefði ekki breyst? Kannski eigum við samt bara að vera þakklát. Það er í raun merkilegt að ríkið skuli hafa leyft einkareknar hárgreiðslu- og snyrtistofur. Að engum skuli hafa dottið í hug að segja: „Við getum ekkert látið þetta viðgangast eftirlitslaust. Hvað ef allt fyllist hér af illa klipptu, ljótu fólki?“

Og er ekki nóg komið af þessum stjórnmálaflokkum? Þetta lið getur ekki komið sér saman um neitt og rífst endalaust. Væri ríkisflokkurinn ekki lausnin?

**Lifum á brúninni**

Við erum enn í sömu stöðu. Við höfum fólk sem segir okkur að allt mögulegt sé stórhættulegt. Hér fari allt í rugl ef við látum okkur dreyma um að taka með eina rauðvín úr Melabúðinni. Svona eins og það að kaupa í vínbúð sé trygging fyrir huggulegri og passlegri drykkju. Bara ef við gerum það ekki á sunnudögum og ekki á kvöldin. En þetta virkar ekki lengur. Við erum ekki lengur á níunda áratugnum. Við höfum farið til útlanda, Meira að segja útlanda sem selja vín í búðum og þar virðist bara allt í lagi.

Reyndar virðist Keflavík ekki vera á Íslandi. Í Leifsstöð er varla metri á milli vodkaflöskunnar og Hello Kitty. Og það er í lagi!

En það er alltaf þannig að annar hópurinn talar miklu hærra. Ekki af því að hann hafi endilega meira að segja eða hafi rétt fyrir sér, heldur af því að hann hefur talið sig þurfa að hafa vit fyrir okkur. Við þurfum að hafa sérstakt ríkiseftirlit með bílum til að þeir detti ekki bara í sundur á þjóðveginum. Við þurfum að hafa bara eina ríkisrás í sjónvarpi og útvarpi, því annars verða bara allir að bulla á útlensku eftir nokkur ár. Við þurfum að banna bjór því annars rúlla útúrdrukkin ungmenni um göturnar. Og við þurfum að banna búðum að selja vín. Annars fer allt til andskotans og almenningur ræður ekki við svona mikið frelsi.

Ég segi: Tökum sjensinn. Það hefur gengið bærilega hingað til. Treystið okkur til að gera það sem við viljum. Við skulum reyna að fara varlega. Frelsið getur nefnilega verið svo skemmtilegt.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Sara McMahon *sara@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*




Peugeot 208 leysir þína orku úr læðingi: með nýtt grill og sportlega hönnun, ný 3D LED afturljós og nýja PureTech vél sem er með betri afköst og minni útblástur á $CO_2$.
Komdu í sýningarsal okkar og upplifðu nýjan Peugeot 208 með Peugeot i-COCKPIT akstursviðmóti.

## NÝR PEUGEOT 208

Verð frá 2.290.000 kr.

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Brimborg og Peugeot áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Ólöglega staðið að ábyrgðum hjá LÍN



**Bjarni Þór Sigurbjörnsson**
héraðsdómslögmaður




Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur þann 14. september sl. var sjálfskuldarábyrgð ábyrgðarmanns á láni hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna ógilt vegna brota á lögum um ábyrgðarmenn. Dómurinn er sá þriðji í röð héraðsdóma sem staðfesta að almennt verklag LÍN við stofnun ábyrgða hefur verið andstætt lögunum.

Forsaga þessa er sú að þann 4. apríl 2009 tóku gildi ný ábyrgðarmannalög sem lögðu þá skyldu á lánveitendur að meta hæfi lántaka til að standa í skilum með lán og ráða ábyrgðarmanni frá ábyrgð ef greiðslumat benti til að lántaki gæti ekki efnt skuldbindingar sínar. Með sama hætti skyldi ráða ábyrgðarmanni frá því að undirgangast ábyrgð ef aðstæður hans sjálfs gæfu tilefni til.

Þann 1. nóvember 2013 tók gildi reglugerð sem þaðan í frá var ætlað að undanskilja LÍN frá skyldu til greiðslumats. Færa má rök fyrir því að sú undanþága standist ekki lög en úr því hefur ekki verið skorið. Í öllu falli liggur þó fyrir að á tímabilinu 4. apríl 2009 til 1. nóvember 2013 giltu ákvæði ábyrgðarmannalaga fyrirvaralaust og án undanþágu um LÍN. Skyldur LÍN voru því skýrar vegna ábyrgða sem gengist var í á þessu langa tímabili.

**Vanræksla LÍN leiðir til ógildingar ábyrgða**

Skemmst er frá því að segja að LÍN brást ekki réttilega við tilkomu ábyrgðarmannalaganna og þeim nýju skyldum sem þeim fylgdu. LÍN tók þannig ekki upp neitt eiginlegt greiðslumat á lántökum heldur fól hið almenna verklag LÍN eingöngu í sér að fletta lántökum upp í vanskilaskrá og senda ábyrgðarmönnum útprent úr skránni. Meira að segja það virðist þó hafa farist fyrir í einhverjum tilfellum.

**Þrátt fyrir vel rökstuddar niðurstöður dómstóla hefur stjórn LÍN haldið sig við eigin túlkun á ábyrgðarmannalögunum sem er nú í andstöðu við þrjá dóma héraðsdóms.**

Með vísan til þessarar vanrækslu LÍN á því að láta fara fram greiðslumat á lántaka og kynna það fyrir ábyrgðarmanni hefur héraðsdómur nú ógilt slíkar ábyrgðir þegar skilyrði samningalaga um ógildingu eru uppfyllt. Það sama hefur málskotsnefnd LÍN einnig gert en málskotsnefndin er sjálfstæð kærunefnd sem endurskoðað getur ákvarðanir stjórnar LÍN.

**Víðtækt fordæmisgildi**

Staðfesti Hæstiréttur þessa niðurstöðu um túlkun á ábyrgðarmannalögunum og skyldum LÍN samkvæmt þeim er ljóst að það getur haft víðtækt fordæmisgildi. Um verulega hagsmuni er því að tefla bæði fyrir LÍN og þá ábyrgðarmenn sem hér gætu átt í hlut.

Einungis á tímabilinu 1. ágúst 2009 til ársloka 2014 stofnaði LÍN til alls 1.110 lána með ábyrgðum og svöruðu þessi lán til a.m.k. 2,7 milljarða króna í heild. Þó atvik geti verið með mismunandi hætti í hverju máli fyrir sig og ekki sé sjálfgefið að sérhver þessara ábyrgða sé ógildanleg blasir engu að síður við að möguleg ógildingartilvik gætu orðið fjölmörg.

**Hvaða úrræði hafa ábyrgðarmenn?**

Þrátt fyrir vel rökstuddar niðurstöður dómstóla hefur stjórn LÍN haldið sig við eigin túlkun á ábyrgðarmannalögunum sem er nú í andstöðu við þrjá dóma héraðsdóms. Á þeim grundvelli hefur LÍN synjað ábyrgðarmönnum um niðurfellingu ábyrgða.

Slíkum ákvörðunum stjórnar LÍN geta ábyrgðarmenn sem betur fer skotið til fyrrnefndrar málskotsnefndar eða til dómstóla sem leiða ágreininginn þá endanlega til lykta. Vafalítið munu margir ábyrgðarmenn vilja kanna rétt sinn að þessu leyti.

# Spilling er skiljanleg



**Jón Þór Ólafsson**
fyrrum þingmaður og frambjóðandi Pírata í Suðvesturkjördæmi

Velmegun Norðurlanda var aðalumfjöllun tímaritsins The Economist skömmu fyrir síðustu kosningar. Þar sagði að tvennt þurfi til að hægt sé að byggja norrænt velferðarsamfélag sem verndar samkeppni á markaði. 1. Að uppræta spillingu og sérhagsmuni. 2. Að sleppa hægri/vinstri fókusnum til að sjá góðar lausnir hvar sem þær finnast. Stjórnmálafókusinn veltur á menningu flokka, en spillingin er falin í leikreglum stjórnmálanna. Þeim er breytt með lögum.

Spilling er skiljanleg því að stjórnmálaflokkar sem notað hafa almannavald í þágu sérhagsmuna – sem er skilgreiningin á pólitískri spillingu – hafa í staðinn fengið aðstoð við atkvæðaveiðar og orðið ofan á. Stjórnmálaflokkar hafa alltaf sótt stuðning til ólíkra hópa með ólíka hagsmuni. Þeir hafa keypt þann stuðning með því að setja sérhagsmuni mikilvægustu hópa sinna í forgang. Og hvaða sérhagsmuni stjórnmál hér á landi hafa sett í forgang er ljóst.

**Sérhagsmunir eru ofan á**

- Markaðsráðandi fyrirtæki misnota aðstöðu sína gegn smærri fyrirtækjum og stunda verðsamráð gegn neytendum. Smærri fyrirtækin eiga á hættu að verða gjaldþrota áður en brot gegn þeim eru stöðvuð og neytendur borga sekt lögbrjótanna með hærra vöruverði.
- Yfirstjórnendur fá launahækkanir upp á marga tugi prósenta ofan á þegar há laun sem réttlætt eru með mikilli ábyrgð. Flest annað launafólk fær hækkun upp á nokkur prósent og verkföll þeirra eru ítrekað stöðvuð með lögum.
- Stórútgerðir fá kvóta á verði sem stjórnmálamenn ákveða og hafa lækkað mikið síðustu ár. Nýliðar kaupa kvóta af stærri útgerðum á fullu markaðsverði en landsmenn fá ekki markaðsverð fyrir nýtingu á auðlindum sem þeir eiga.
- Álfyrirtækin fá rafmagn á lágu verði sem haldið hefur verið leyndu og koma sér undan tekjuskatti með bókhaldsbrellu sem önnur ríki hafa bannað. Heimilin og smærri aðilar borga hærra verð og hærri skatta.
- Eigendur aflandsfélaga eru ekki undir virku eftirliti skattrannsókna og komast hjá því að greiða fullan skatt á Íslandi. Flestir aðrir eru undir vel skipulögðu skattaeftirliti og greiða fulla skatta til að borga fyrir þjónustuna sem allir sækja til ríkis og sveitarfélaga.

**Spilling er sóun**

Spilling, eins og skattar, hefur neikvæð áhrif á verðmætasköpun. Skattar eru nauðsynlegir fyrir samtryggingu norræns velferðarsamfélags sem verndar samkeppni á markaði, eins og mikill meirihluti landsmanna vill. Spilling er hins vegar aðeins nauðsynleg fyrir áframhaldandi samtryggingu stjórnmálamanna og sérhagsmunaaðila. Skattar geta skilað velmegun fyrir alla. Spilling getur bara skilað velmegun fyrir mjög fáa, og þá á kostnað okkar allra.

Mikið er til af alþjóðlega viðurkenndum og sannreyndum lausnum til að minnka spillingu. Með aðild að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu samþykkti Alþingi fyrir 6 árum að slíkar lausnir skyldi setja í lög. Starfsfólk Sameinuðu þjóðanna vill aðstoða okkur. Það eina sem vantar eru kjörnir fulltrúar sem hafa pólitíska getu til að minnka sérhagsmunagæslu stjórnmálanna. Til þess þurfa þeir að vera óháðir sérhagsmunum.

Ef þú vilt að leikreglur stjórnmálanna tryggi minni sérhagsmunagæslu. Ef þú vilt að leikreglur markaðarins tryggi virka samkeppni. Ef þú vilt öflugar varnir gegn spillingu leiddar í lög sem fyrst. Göngum þá í málið.

# „1-1-2 Get ég aðstoðað? Já takk. Í dag er versti dagur lífs míns“



**Hjördís Garðarsdóttir**
aðstoðarvarðstjóri 1-1-2

Auðvitað hefjast símtöl til Neyðarlínu ekki svona en þetta er samt staðreyndin á bak við fjölmörg símtöl sem þangað berast. Neyðarverðir tala á hverjum degi við fólk á versta degi lífs þess. Greina ástand og alvarleika og senda viðbragðsaðila á vettvang. Á sama tíma eru neyðarverðir að hugga þá sem eiga bágt og hughreysta þá sem hræddir eru.

Í hvert sinn sem einhver veikist eða slasast, í hvert sinn sem hús brennur og í hvert sinn sem jörð skelfur þá hefst aðkoma viðbragðsaðila á símtali til Neyðarlínu. Biðin eftir því að einhver mæti á staðinn er löng og á meðan beðið er, er neyðarvörðurinn á línunni eina haldreipi þess sem hringir. Þó að neyðarverðir komi aldrei á slysavettvang eru þeir á staðnum. Þó að neyðarvörður taki ekki líkamlega þátt í endurlífgun telur hann samt hnoð. Góður neyðarvörður staðsetur sig í huganum á vettvangi og vinnur mál sín þannig. En slík vinnubrögð eru andlega erfið. Ímyndunaraflið er ekkert endilega vinur neyðarvarðar. Það er erfitt að vera fjarlægur og geta ekki haldið í höndina á barninu sem grætur. Það er erfitt að þurfa að kveðja þegar aðrir viðbragðsaðilar mæta á vettvang og vita aldrei hvernig málinu lauk. Lifði viðkomandi eða dó?

**Andlega krefjandi**

Starf neyðarvarða er andlega krefjandi og því mikilvægt að hugað sé vel að andlegri heilsu þeirra. Ein helsta orsök brotthvarfs neyðarvarða úr starfi er kulnun vegna andlegs álags. Neyðarvörður má ekki taka málin inn á sig, en á sama tíma verður hann að geta sett sig í aðstæður þess sem hringir. Neyðarlínan hefur á undanförnum árum lagt vinnu í að skapa vinnuumhverfi þar sem andlegri heilsu er sinnt til jafns við líkamlega meðal annars í gegnum handleiðslu, með aðgengi neyðarvarða að sálfræðiþjónustu og námskeiðum í sálrænni skyndihjálp. En það má alltaf gera betur.

**Neyðarlínan hefur á undanförnum árum lagt vinnu í að skapa vinnuumhverfi þar sem andlegri heilsu er sinnt til jafns við líkamlega.**

Það er því með stolti sem Neyðarlínan kemur að því að halda ráðstefnuna „Sálrænn stuðningur við viðbragðsaðila í neyðarþjónustu“ sem haldin verður á Hilton 2.-4. nóvember næstkomandi. Að ráðstefnunni standa ásamt Neyðarlínu, Landssamband lögreglumanna, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Rauði kross Íslands, Landhelgisgæsla Íslands, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Háskólinn í Reykjavík og Sálfræðingarnir Lynghálsi. Á ráðstefnunni verða færustu sérfræðingar á sviði sálræns stuðnings við viðbragðsaðila. Er það von þeirra sem að ráðstefnunni standa að hún verði upphaf nýrrar vitundavakningar er varðar sálrænan stuðning við íslenska viðbragðsaðila. Enginn viðbragðsaðili ætti að láta þessa ráðstefnu framhjá sér fara.

„Í dag er versti dagur lífs þíns.“ Ég skal gera mitt allra besta til að hjálpa þér og vegna þjálfunar minnar og þess sálræna stuðnings sem ég fæ ætla ég að vera í standi til að svara næsta símtali líka.

# Afleitar almenningssamgöngur á Álftanesi



**Eygló Ingadóttir**
íbúi á Álftanesi

Opið bréf til Gunnars Einarssonar, bæjarstjóra Garðabæjar.

Ágæti bæjarstjóri.

Nú eru tæp fjögur ár liðin frá því að Álftanes og Garðabær sameinuðust í eitt sveitarfélag. Fyrir okkur Álftnesinga hefur þetta að mörgu leyti haft marga kosti í för með sér enda geta stærri sveitarfélög veitt íbúum sínum betri og fjölbreyttari þjónustu en lítil og fámenn.

Þrátt fyrir að Álftnesingar sæki í auknum mæli þjónustu inn í Garðabæ, þá hefur eitt ekki breyst og það eru almenningssamgöngur út á Álftanes. Við búum enn þá við það að strætó sé ekki raunhæfur samgöngumáti þar sem fáar sem engar strætóferðir eru út á Álftanes á kvöldin og á helgi- og sunnudögum. Á Álftanesi búa 2.500 manns sem eru ekki í göngufæri við stofnleiðir strætó. Það þarf betri þjónustu við íbúa í slíkum hverfum.

Almenningssamgöngur eru í sókn um þessar mundir. Sú kynslóð sem nú vex úr grasi telur ekki eftir sér að ferðast með strætó. Tæknin hefur líka auðveldað notkun á almenningsvögnum og gert ferðir ánægjulegri. Með svokölluðu strætóappi má sjá hvenær von er á vagninum og því þurfa farþegar ekki lengur að bíða á biðstöðinni í öllum veðrum. Einnig er hægt að nýta sér netið meðan á ferð stendur. Í ársskýrslu Strætó bs. segir að farþegum fjölgi jafnt og þétt og að sveitarfélögin hafi sett sér það markmið að auka hlutfall þeirra sem nota strætó enn frekar eða úr 4% í 12% árið 2040. Þetta er frábært markmið, en því verður ekki náð meðan takmarkaðar og jafnvel engar ferðir eru í boði um kvöld og helgar.

**Hagkvæmara að flytja í burtu**

Þess eru mörg dæmi að Álftnesingar flytji burtu þegar börnin stálpast og fara að sækja skóla utan nessins, enda þá tvennt í boði; endalaus keyrsla um langan veg eða að kaupa aukabíl á heimilið. Þá er hagkvæmara að flytja í burtu og komast í tengsl við góðar almenningssamgöngur. Þessi þróun getur hvorki verið jákvæð né hagkvæm fyrir sveitarfélagið.

Okkur Álftnesingum er það gríðarlega mikilvægt hagsmunamál að almenningssamgöngur batni sem allra fyrst. Lágmarkskrafan er að strætó gangi á 30 mínútna fresti allan daginn og að vagninn gangi á minnst klukkustundarfresti á kvöldin og á sunnu- og helgidögum. Mér er kunnugt um að það standi ekki á Strætó bs. að koma til móts við okkur Álftnesinga, hins vegar dragi bæjarstjórn Garðabæjar lappirnar. Því spyr ég fyrir hönd okkar „vesturbæinga“: hvenær hyggst bæjarstjórnin bæta almenningssamgöngur á Álftanesi?



TILBOÐSBÍLAR!
NÝIR SÝNINGARBÍLAR Á FRÁBÆRU TILBOÐI Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.
EINNIG FYLGJA VEGLEGIR KAUPAUKAR VÖLDUM NÝJUM BÍLUM.
320.000 KR. KAUPAUKI
HEILSÁRSDEKK OG DRÁTTARBEISLI FYLGJA NÝJUM X-TRAIL
NISSAN X-TRAIL
VERÐ FRÁ: 5.190.000 KR.
X-TRAIL
PULSAR
260.000 KR. KAUPAUKI
VETRARDEKK OG/EÐA AUKAHLUTIR AÐ EIGIN VALI AÐ ANDVIRÐI 260.000 KR. FYLGJA NÝJUM NISSAN PULSAR
NISSAN PULSAR
VERÐ FRÁ: 3.290.000 KR.
NISSAN DESIGN STUDIO
LEVORG
RENAULT MEGANE
Komdu og fáðu upplýsingar hjá sölumönnum um TILBOÐSVERÐ á völdum nýjum RENAULT MEGANE sýningar- og reynsluakstursbílum.
SUBARU LEVORG
Komdu og fáðu upplýsingar hjá sölumönnum um TILBOÐSVERÐ á völdum nýjum SUBARU LEVORG sýningar- og reynsluakstursbílum.
MEGANE
ISUZU
DACIA DUSTER
Komdu og fáðu upplýsingar hjá sölumönnum um TILBOÐSVERÐ á völdum nýjum DACIA DUSTER sýningar- og reynsluakstursbílum.
DUSTER
DACIA
280.000 KR. KAUPAUKI
ISUZU D-MAX
Heitklæðning á pall og dráttarbeisli. Einnig er aukaafsláttur af sýningarbílum.
ENNEMM / SÍA / NM77551
OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR
B|L
GE bílar, Reykjanesbæ, 420 0400 / Bílasalan Bílás, Akranesi, 431 2622 / Bílasala Akureyrar, Akureyri, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, 470 5070 / IB ehf., Selfossi, 480 8080 / BL söluumboð, Vestmannaeyjum, 481 1313 og 862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



## ROMANCE
2,5 sæta sófi. Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 170 x 82 x 87 cm.

**149.990 kr.** ~~179.990 kr.~~

## ROMANCE
Hægindastóll.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 88 x 82 x 87 cm.

**84.990 kr.** ~~99.990 kr.~~



## ASTRO
Slitsterkt dökkgrátt, kakí eða dökkrautt slitsterkt áklæði.

**44.990 kr.** ~~59.990 kr.~~



1.



2.





3.



5.



4.

1. Bloomingville ananas **4.990 kr.** 2. Poul Pava glös fjögur saman í setti, 26 cl **4.990 kr.** 3. Vinsælu Sentiments kertin frá Yankee Candle eru á **25% afslætti í október** 4. Iittala Moomin bollar **3.290 kr.** ~~3.890 kr.~~ 5. Broste Sally bambuslukt, 36x40 cm **11.990 kr.**



## FRIDAY
Nettur sjónvarpssófi með kósíhorni.
Hægri eða vinstri.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 325 × 185 × 90 cm

**219.990 kr.** ~~279.990 kr.~~

## HAVANA
Fæst einnig í rauðu, hvítu, gráu og svörtu leðri.

**89.990 kr.** ~~119.990 kr.~~



## HAVANA
Nettir og þægilegir stólar með snúningi. Slitsterkt áklæði.
Litir: Bleikur, ljós- og dökkgrár, rauður, ólívugrænn, orange, rauður.

**59.990 kr.** ~~79.990 kr.~~

## CAMEO
Hornsófi með tungu.
Hægri eða vinstri.
Grátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 295 × 232 × 87 cm



**259.990 kr.** ~~329.990 kr.~~




**MORRISON**
Borðstofuborð úr
hvíttaðri olíuborinni gegnheilli eik.
Er fáanlegt í mörgum viðartegundum.

**VIVALDI**
Borðstofustóll,
eik og ekta leður.
**69.990 kr.**



MORRISON borðstofuborðið er 100 cm breitt, 200 cm langt og hæðin er 73 cm. Það er stækkanlegt í 358 cm með þremur stækkunum sem fylgja. Hægt er að kaupa viðbótarstækkanir sem gera það mögulegt að stækka borðið í 512 cm. Hvíttuð eða olíuborin eik.

**299.990 kr.** ~~399.990 kr.~~

# Vertu eins og heima hjá þér

## Skoðaðu úrvalið í blaðinu okkar






**ALBERTA**
Borðstofustóll,
svart eða grátt PVC áklæði.
**6.990 kr.** ~~8.990 kr.~~



**OTTAWA**
Borðstofustóll,
brúnt, grátt eða svart PVC áklæði.
**9.990 kr.** ~~11.990 kr.~~



**ONTARIO**
Borðstofustóll,
dökkgrátt slitsterkt áklæði.
**11.990 kr.** ~~14.990 kr.~~

**Þú finnur nýja bæklinginn okkar
á husgagnahollin.is**

HÚSGAGNA
HÖLLIN






# Liðveisla



**Skúli Steinar Pétursson**
sendiherra Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

> **Liðveisla getur komið í veg fyrir að fólk verði einmana. Það er mikilvægt fyrir alla að taka þátt í samfélaginu, fara á djammið og taka þátt í öllu því sem lífið hefur upp á að bjóða. Þess vegna hvet ég alla til þess að kynna sér þetta starf á heimasíðum sveitarfélaganna því það gæti verið fyrir þig.**

Ég er sendiherra Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Hlutverk mitt er að fræða fólk um samninginn og réttindi fatlaðs fólks. Ég hef mikinn áhuga á mannréttindum og að fatlað fólk fái þann stuðning sem það á rétt á í lífinu. Það er mikilvægt að sá stuðningur sé eins og fólkið sjálft vill hafa hann. Samkvæmt Samningi Sameinuðu þjóðanna á fatlað fólk rétt á þeirri aðstoð sem það þarf til þess að geta tekið fullan þátt í samfélaginu.

Ég hef verið að kanna þær leiðir sem fatlað fólk hefur rétt á að nýta sér til þess að geta tekið þátt í öllu því sem samfélagið hefur upp á að bjóða. Liðveisla er eitt af því. Ég hef því kynnt mér liðveislu og út á hvað hún gengur en félagsleg liðveisla er þjónusta sem allir fatlaðir einstaklingar eiga rétt á ef þeir þurfa á henni að halda og um hana er fjallað í lögum um málefni fatlaðs fólks.

**Vantar starfsfólk**

Ég tók viðtal við Ilmi Kristjánsdóttur, Stefán Eiríksson og Sigurbjörgu Fjölnisdóttur hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar og komst að ýmsu um liðveislu. Það er til dæmis langur biðlisti eftir að fá liðveislu vegna þess að það vantar starfsfólk. Það er því mikilvægt að fólk viti af því að liðveisla er skemmtilegt, áhugavert og fjölbreytt starf sem felur í sér alls konar skemmtilegheit.

Þegar ég var yngri þá var ég með liðveislu sem var ungur maður sem var alveg frábær. Það var mjög mikilvægt fyrir mig þá að vera með liðveislu svo ég einangraðist ekki frá samfélaginu. Við gerðum margt skemmtilegt saman, eins og að fara í bíó, í keilu og út að borða. Ég kynntist líka fjölskyldunni hans og eignaðist vini í gegnum hann. Í dag er ég orðinn fullorðinn og er sjálfstæður og þarf ekki lengur á því að halda að vera með liðveislu. En það er fullt af fullorðnu fötluðu fólki sem þarf aðstoð við að fara á djammið, í leikhús, út að borða og fleira og liðveisla er mjög mikilvægur þáttur í þeirra lífi. Liðveisla getur komið í veg fyrir að fólk verði einmana. Það er mikilvægt fyrir alla að taka þátt í samfélaginu, fara á djammið og taka þátt í öllu því sem lífið hefur upp á að bjóða. Þess vegna hvet ég alla til þess að kynna sér þetta starf á heimasíðum sveitarfélaganna því það gæti verið fyrir þig.

# Rétta liðið?



**Sigurjón Vídalín Guðmundsson**
sjálfstætt starfandi

> **Stjórnmálaflokkar eiga ekki að eiga fylgi. Það er hættulegt lýðræðinu og gerir sérhagsmunahópum kleift að ná völdum í gegnum forystu flokka sem „eiga“ mikið kjarnafylgi.**

Það er stundum talað um að stjórnmálaflokkar eigi ákveðið kjarnafylgi. Mér hefur alltaf þótt það svoldið óþægileg tilhugsun að slíkt skuli yfirhöfuð vera til og það sem er kannski enn verra að hjá sumum stjórnmálaöflum hefur þetta kjarnafylgi verið talið á bilinu 10-20%!

En hvað er kjarnafylgi? Jú, það er það fylgi sem stjórnmálaafl getur gengið að sem vísu sama hvað bjátar á. Svona svipað og að halda með íþróttaliði. Ég t.d. held með Liverpool, það er ekki alltaf búið að vera auðvelt, en ég held samt með þeim og mun alltaf gera. Það kannski gerir mér ekki alltaf gott, sérstaklega ekki þegar illa gengur, en það hefur bara áhrif á mig og mig einan.

Að „halda“ með stjórnmálaflokki er hins vegar aldrei gott. Það færir þeim sem eru í forystu á hverjum tíma völd sem hægt er að misnota án þess að þurfa að taka afleiðingum gjörða sinna. Flokkurinn fær alltaf sinn skerf af atkvæðum frá dyggum stuðningsmönnum og aðhaldið sem hverjum stjórnmálamanni og flokki er nauðsynlegt minnkar og jafnvel hverfur. Þar af leiðandi höfum við verið að horfa upp á það undanfarin ár og áratugi að stjórnmálamenn sækja umboð sitt til almennings með loforðaflaumi rétt á meðan á kosningabaráttunni stendur til þess eins að svíkja þau jafnharðan og halda áfram að verja hagsmuni fárra á kostnað heildarinnar á komandi kjörtímabili.

**Slæmt fyrir samfélagið**

Stundum fæ ég það á tilfinninguna að sumt af þessu fólki sem myndar þetta svokallaða kjarnafylgi geri það á þeim forsendum að það sé að styðja „liðið“ sitt. Það er stolt af því að halda hollustu við flokkinn sinn sama hvaða stefnu forysta hans tekur. Jafnvel þó þessi stefna samrýmist á engan hátt hagsmunum viðkomandi þá heldur hann samt áfram að styðja „liðið“ sitt. Það segir sig sjálft að það er ekki bara slæmt fyrir hag viðkomandi heldur getur það líka verið slæmt fyrir hag samfélagsins í heild og það er verst af öllu.

Stjórnmálaflokkar eiga ekki að eiga fylgi. Það er hættulegt lýðræðinu og gerir sérhagsmunahópum kleift að ná völdum í gegnum forystu flokka sem „eiga“ mikið kjarnafylgi. Það hefur gerst, það er að gerast og mun halda áfram að gerast ef kjarnafylgisfólkið breytir ekki um hugarfar. Eina „liðið“ sem á að skipta máli í kosningum er samfélagið okkar og hvernig við, fólkið í landinu, viljum hafa það þannig að það þjóni okkur sem best og tryggi velferð okkar allra, ekki bara sumra.

# Maríusystur – leyniregla með 7500 félaga



Hanna Kristín Guðmundsdóttir
forseti Maríustúkunnar á Íslandi

Fyrsta lokaða reglan sem eingöngu var ætluð konum, Maríureglan, var stofnuð í Noregi fyrir eitt hundrað árum, nánar tiltekið 27. september 1916. Nærri öld síðar, eða árið 2008, var stofnuð Maríustúka hér á landi. Sex íslenskar konur höfðu frumkvæði að stofnun stúkunnar en stofnfélagar voru 36 talsins. Stúkunni hefur vaxið hratt fiskur um hrygg og í dag eru 85 konur í íslensku Maríustúkunni.

Stofnandi Maríureglunnar í Noregi og fyrsti forseti hét Dagny Kristensen. Dagny var sterkur persónuleiki og átti sér þann draum að stofna lokaða reglu fyrir konur. Slíkar reglur, aðeins ætlaðar karlmönnum, voru vel þekktar í Noregi og víðar um heim en Dagny lagði áherslu á að Maríureglan yrði eingöngu fyrir konur, starfaði sjálfstætt og á eigin forsendum. Og draumur Dagnyar varð að veruleika. Konur sýndu reglunni strax mikinn áhuga og voru fljótlega stofnaðar nýjar stúkur víða í Noregi. Nú eru sextíu og sex stúkur innan Maríureglunnar. Flestar eru þær í Noregi en einnig í Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi og Þýskalandi auk íslensku Maríustúkunnar. Félagar í Maríureglunni nú á afmælisárinu eru 7.500 talsins. Þrjár Maríusystur eru í æðstu stjórn reglunnar sem fer með öll helstu mál hennar og hefur aðsetur í Ósló. Í hverri stúku er sérstakt embættisráð undir stjórn forseta. Fyrsti forseti Maríustúkunnar á Íslandi var Marta Ragnarsdóttir en núverandi forseti er Hanna Kristín Guðmundsdóttir.

Maríureglan byggir á kristnum gildum og hafa konur í reglunni frá upphafi komið víða að í þeim samfélögum þar sem Maríustúkur starfa. Skilyrði fyrir inngöngu í Maríustúku er að umsækjandi hafi náð 25 ára aldri, aðhyllist kristin gildi og gangist undir ýmsa siði og athafnir sem tíðkast innan Maríureglunnar. Eins og í flestum hliðstæðum lokuðum reglum byggist starfið innan reglunnar á stigum sem þátttakendur taka og fundir fara fram eftir ákveðnum reglum og hefðum. Fundir reglunnar eru lokaðir og leynilegir öðrum en Maríusystrum. Sumir kunna að spyrja hvaða tilgangi slík leynd þjóni. Hver og ein Maríusystir upplifir starfsemina á sinn einstaka hátt þannig að svörin við tilgangi leyndarinnar eru jafn ólík og fjölbreytt og hópur Maríusystra er. Fundir eru haldnir hálfsmánaðarlega. Þar sem Maríusystur eiga ekki eigið húsnæði hafa þær víða notið velvildar Frímúrarareglunnar og fengið afnot af húsum hennar sem henta mjög vel fyrir fundi Maríusystra. Þannig háttar einnig til hér á landi og fara fundir Maríustúkunnar á Íslandi fram í Frímúrarahúsinu í Reykjavík.

**Læri að styrkja sjálfar sig**

Eitt af markmiðum Maríureglunnar er að gefa félögum kost á að öðlast ró og innri frið sem er kannski aldrei mikilvægara en á okkar tímum þegar erill, ys og þys einkennir líf flestra. Á stúkufundum gefst konum kostur á að hlusta, staldra við og skoða hug sinn. Markmiðið er ekki að reglan breyti þeim sem í henni eru en innihald fundanna og starfsemi reglunnar getur hjálpað þeim konum, sem það kjósa, að þekkja sjálfar sig og verða ögn betri manneskjur í dag en í gær. Einkunnarorð reglunnar eru: Þekktu sjálfa þig! Maríureglan veitir konum ákveðinn vegvísi að fara eftir en það er á valdi hverrar og einnar Maríusystur að nota þann vegvísi til að bæta sjálfa sig og verða öðrum til góðs utan reglunnar.

Eins og vænta má höfðar starfsemi Maríureglunnar ekki til allra en markmiðið er að konum líði vel á fundum og hafi áhuga á starfseminni. Þegar nýjar systur sækja um inngöngu í Maríustúku er talið heppilegt að einhver innan stúkunnar þekki til þeirra og reyni að meta hvort viðkomandi á erindi í slíka lokaða reglu. Ef nýjar systur eru í leit að veraldlegum framgangi er regla Maríusystra ekki réttur vettvangur þar sem markmiðið er fyrst og fremst að konur læri að styrkja sjálfar sig sem manneskjur og þekkja sinn innri mann. Ef konur hafa áhuga á að ganga í stúku Maríusystra en þekkja ekki konur sem eru félagar í stúkunni geta þær leitað til forsvarsmanna stúkunnar og kannað málið. Forseti Maríustúkunnar hér á landi hefur netfangið forseti@mariur.is og veitir fúslega upplýsingar þegar þannig háttar til. Maríureglan sinnir góðgerðarmálum – í kyrrþey – en hver stúka fyrir sig sinnir góðgerðarmálum að eigin frumkvæði eftir því sem við á á hverjum stað og tíma. Í tilefni afmælisársins hafa allar Maríustúkurnar 66 að tölu sameinast um að styrkja SOS Barnaþorpin.

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is


# Opið söluferli á Miðlandi ehf.

## Byggingarréttur á allt að 485 íbúðum í Reykjanesbæ

Hömlur ehf., dótturfélag Landsbankans hf., býður til sölu allt útgefið hlutafé í Miðlandi ehf., kt. 430579-0109.

Miðland er fjárfestinga- og fasteignafélag sem stofnað var árið 1979 og hefur fjárfest í landi á Neðra-Nikel svæðinu í Reykjanesbæ. Eign félagsins er tvíþætt, annars vegar eignarland sem samtals er um 34 hektarar og er skipulagt undir byggingu á allt að 485 íbúðum ásamt atvinnuhúsnæði (1,4 hektarar) og hins vegar samningur við Reykjanesbæ um að Miðland annist gatnagerð á svæðinu og hljóti tekjur af.

Deiliskipulag fyrir hluta byggingarlandsins er þegar samþykkt og gerir ráð fyrir byggingu á samtals 300 íbúðum. Gatna- og holræsagerð hefur verið unnin að hluta til á svæðinu og hægt er að hefja framkvæmdir á hluta lóðanna nú þegar. Samkvæmt gildandi Aðalskipulagi Reykjanesbæjar er gert ráð fyrir byggingu allt að 185 íbúða til viðbótar.

Söluferlið fer fram í samræmi við stefnu Landsbankans um sölu eigna í eigu bankans. Áhugasamir fjárfestar geta haft samband við Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans sem er umsjónaraðili söluferlisins með því að senda tölvupóst á netfangið **midland@landsbankinn.is.** Fjárfestar geta óskað eftir því að fá afhenta trúnaðaryfirlýsingu, upplýsingar um hugsanlega hagsmunaárekstra og eyðublað vegna hæfismats. Söluferlið er öllum opið sem uppfylla hæfismat og geta sýnt fram á fjárfestingargetu að fjárhæð 300 milljónir króna.

Þeir fjárfestar sem skila inn trúnaðaryfirlýsingu og eyðublaði vegna hæfismats og uppfylla hæfismat fyrir þátttöku í söluferlinu fá afhent kynningargögn um Miðland þann 10. október og gera tilboð á grundvelli þeirra gagna. Einungis verður hægt að gera tilboð í allt hlutafé í Miðlandi og tilboð sem hljóða upp á minni eignarhluta verða metin ógild.

**Fjárfestum er bent á að frestur til að skila tilboðum í 100% af hlutafé í Miðlandi ehf. rennur út kl. 12:00 miðvikudaginn 26. október 2016.**

**Fyrir hönd Hamla ehf. sem seljanda, Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf.**



**Eignarland Miðlands ehf.**

| Svæði á mynd | Hektarar |
|---|---|
| Reitur A | 1,04 |
| Reitur C | 22,44 |
| Reitur D | 9,74 |
| Reitur E (hluti Miðlands) | 0,68 |
| Samtals eignarland | 33,89 |



# Gefum þeim raunverulegt val um nám



Sara Dögg Svanhildardóttir
skipar 15. sæti Viðreisnar í Suðvesturkjördæmi

**Við verðum að gera starfsmenntun hærra undir höfði og leita leiða til að ungmenni geti valið sig inn á áhugasviðið sitt við upphaf framhaldsskólagöngu. Strax, en ekki eftir eins til tveggja ára bóknámstímabil sem hefur þær afleiðingar að hópur ungmenna gefst upp vegna þess að þeim er ekki mætt út frá þeirra eigin styrkleikum.**

Þegar ungmenni velja nám að loknum grunnskóla liggur beinast við að fara hina hefðbundnu bóknámsleið. Ekki endilega vegna þess að áhugi flestra liggi á því sviði né heldur vegna þess að það eigi svo afskaplega vel við flesta, heldur vegna þess að þar hafa allar áherslur samfélagsins legið. Virðingin fyrir bóknámi er mikil og ekkert nema gott um það að segja. Sú virðing hefur hins vegar varpað skugga á aðra kosti, eins og starfsnám. Starfsnámið hefur því átt undir högg að sækja og námsframboð dregist saman.

### Hlutverk grunnskólans

Í grunnskóla er meginhluti náms bóknám, þar sem kennsluformið er einfalt og beinn kostnaður liggur helst í námsbókunum sjálfum. Það er dýrara og flóknara að halda uppi verkgreinum. En grunnskólinn ætti að vera sá vettvangur sem ýtir undir fjölbreyttar leiðir í námi og tekur þannig mið af fjölbreytileika atvinnulífsins. Reyndin er að ungmenni finna sér ekki farveg, þau fá ekki stuðning í skólaumhverfinu til að efla sig innan síns áhugasviðs nema að mjög takmörkuðu leyti og skólarnir eru ekki allir í stakk búnir til að bregðast við. Viljann skortir ekki, heldur fjármagnið til að hrinda hugmyndum í framkvæmd.

### Hvernig má gera betur?

Stjórnvöld í nánum tengslum við atvinnulífið hafa gullið tækifæri til að taka á þessum vanda og styðja betur við menntastofnanir til framkvæmda og fjölbreytileika í námsframboði.

Það skiptir öllu að við lok grunnskóla hafi ungmenni raunveruleg tækifæri til að velja þær námsbrautir sem styðja við áhugasvið og löngun til menntunar. Við þurfum að breyta núverandi kerfi, því aðeins þannig getum við vonast til að stemma stigu við brottfalli framhaldsskólanema. Allt of margir fara af stað í nám án þess að vita í raun hvert stefnir, því námið snertir ekki á þeirra áhugasviði og sterku hliðum.

Ein lausnin gæti verið sú að strax við fyrsta námsár í framhaldsskóla fari ungmenni að stunda nám á þeim vettvangi sem hugur þeirra leitar til hvað varðar starfsval. Starfsnámið væri því raunverulegur kostur strax við upphaf framhaldsskólagöngu. Þessi ungmenni gætu sett sér framtíðarsýn sem byggir á getu og áhuga á að taka virkan þátt í samfélaginu út frá eigin styrkleikum og hæfni. Það falla ekki allir inn í bóknámsformið – og þurfa alls ekki að gera það.

### Tími til framkvæmda

Umræðan hefur verið mikil og gagnleg en nú er komið að því að framkvæma og endurskapa. Við verðum að gera starfsmenntun hærra undir höfði og leita leiða til að ungmenni geti valið sig inn á áhugasviðið sitt við upphaf framhaldsskólagöngu. Strax, en ekki eftir eins til tveggja ára bóknámstímabil sem hefur þær afleiðingar að hópur ungmenna gefst upp vegna þess að þeim er ekki mætt út frá þeirra eigin styrkleikum. Þau fyllast vonleysi og uppgjöf.

Ávinningur af breyttum áherslum er mikill fyrir einstaklingana, en ekki síður fyrir atvinnulífið og þær starfsgreinar sem við byggjum samfélag okkar á.

Þegar skrefið er tekið til fulls og kerfið fær þann kjark sem þarf til breytinga þá fyrst getum við talað um að starfsnám fái þá viðurkenningu sem við viljum að allt nám njóti.

# Þakkir til Listasafns ASÍ



Eiríkur Þorláksson
listfræðingur.

**Það er ljóst að félagsmenn verkalýðsfélaga landsins hafa lagt fram mikla og mikilvæga fjármuni í gegnum tíðina til að tryggja starfsemi Listasafns ASÍ. Það ber að þakka.**

Síðasta sýningin sem haldin verður í sýningarsölum Listasafns ASÍ í Ásmundarsal við Freyjugötu stendur nú yfir. Listasafn ASÍ hefur verið öflugur vettvangur myndlistar hér á landi frá því á sjöunda áratug síðustu aldar, en það var stofnað 1961. Fyrstu sýningarnar voru haldnar í þröngum húsakosti að Laugavegi 18 og síðar Laugavegi 31, þar sem þá var húsnæði Alþýðubankans en nú er Biskupsstofa. Byltingin í starfsemi Listasafns ASÍ hófst hins vegar 1980, þegar það komst í eigið sýningarhúsnæði að Grensásvegi 16. Þar fór fram öflugt sýningarhald um langt árabil, og önnur starfsemi blómstraði einnig, og bar þar hæst brautryðjendastarf í bókaútgáfu á sviði myndlistar, sem varð öðrum söfnum til eftirbreytni. Þarna var heimili safnsins þar til það flutti í Ásmundarsal árið 1996 þar sem það hefur verið síðan, og þar sem listunnendur hafa notið stöðugra og margra minnisstæðra sýninga síðustu tuttugu ár.

Þegar Listasafn ASÍ hóf sýningarstarf sitt við Grensásveg árið 1980 var myndlistarvettvangur á höfuðborgarsvæðinu fátæklegur í samanburði síðari tíma; þar var nær eingöngu um það að ræða Kjarvalsstaði, Norræna húsið og Nýlistasafnið, auk þess sem Bogasalur Þjóðminjasafnsins og menningarmiðstöðin Mokka-kaffi voru mikilvægir sýningarstaðir; sýningarsalurinn á Grensásvegi var því kærkomin viðbót.

Nú þegar Listasafn ASÍ hverfur af þessum vettvangi er umhverfið hins vegar orðið mun ríkulegra; má nefna opnun Hafnarborgar (1983), Ásmundarsafns (1983), Listasafns Sigurjóns Ólafssonar (1984), Listasafns Íslands (1987), Listasafns Kópavogs – Gerðarsafns (1994) og Listasafns Reykjavíkur – Hafnarhúsi (2000), auk þess sem öflug listasöfn hafa verið opnuð á Akureyri, í Hveragerði, Reykjanesbæ, Hornafirði og víðar; þá hafa sprottið upp bæði listamannarekin og atvinnugallerí, sem starfa mörg af miklum krafti. Það geta því margir orðið til að taka upp mögulegan slaka af því að Listasafn ASÍ hætti að reka sýningarsal.

### Mikilvægir fjármunir

Það er ljóst að félagsmenn verkalýðsfélaga landsins hafa lagt fram mikla og mikilvæga fjármuni í gegnum tíðina til að tryggja starfsemi Listasafns ASÍ. Það ber að þakka. Þá hefur það verið ein gæfa safnsins að hafa notið starfskrafta dugmikilla safnstjóra í gegnum tíðina – þeirra Hjörleifs Sigurðssonar, Þorsteins Jónssonar, Sólveigar Georgsdóttur, Ólafs Jónssonar og nú síðast Kristínar G. Guðnadóttur. Það ber einnig að þakka. Þrátt fyrir undarleg viðbrögð samtaka listamanna á liðnu vori þegar fregnir bárust af þeim breytingum á starfsemi safnsins sem nú eru að verða að veruleika tel ég fullvíst að þeir fjölmörgu listamenn sem hafa notið þess að sýna í sölum safnsins í 36 ár hugsi með hlýhug og þakklæti til Listasafns ASÍ.

Þeir listunnendur sem hafa notið sýninga safnsins í gegnum árin held ég að beri einnig mikinn hlýhug til safnsins. Sem einn slíkur vil ég hér með þakka Listasafni ASÍ kærlega fyrir mig, og óska safninu velfarnaðar í starfi sínu til framtíðar.

# Táknmál – Er það ekki málið?



Sigurveig Víðisdóttir
hjúkrunarfræðingur, MHA

**Eigum við ekki bara að bretta upp ermarnar og henda okkur í verkefnið sem stuðlar að því að Samningi Sameinuðu þjóðanna verði fylgt eftir, fötluðum og ófötluðum til ævarandi framdráttar?**

Íslenskt táknmál hefur verið viðurkennt sem fyrsta mál heyrnarlausra á Íslandi og ekki þarf að efast um gildi þess að hefja máltöku heyrnarlausra eins fljótt og hægt er, rétt eins og hjá heyrandi börnum. Máltaka og að ná málþekkingu krefst örvunar og fjölbreytileika og því er mikilvægt að máltaka fari fram í málumhverfi sem uppalandi eða kennari eru leiknir í, hvort sem það er talmál eða táknmál. Þeir sem nota táknmál nota síðan hið skrifaða mál sem sitt annað mál, lesa, skrifa, læra á því, rétt eins og við sem erum heyrandi, en til þess verða þeir að öðlast málþekkingu og færni fyrst, rétt eins og þeir sem heyra.

Fullgilding Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks felur í sér ákvæði um aðgengi og jöfn tækifæri. Fram undan liggur mikil vinna við stefnumótun og hvernig framfylgja skuli megininntaki hans. Þetta er stórt skref fyrir heyrnarlausa sem og aðra og mun styðja þá í eins einfaldri og sanngjarnri baráttu og því að hefja máltöku sem ungbörn, ná málskilningi og að geta beitt málinu við samskipti í starfi og leik. Þessu fylgir augljóslega þjóðhagslegur ávinningur. Er þetta ekki málið spyr ég?

### Úrvalsnemendur

Hillary Clinton fjallaði nýlega um það í ræðu sem hún hélt í Orlando að hún ætlaði sem forseti að gera fatlaða sýnilegri og stuðla að frekari þátttöku þeirra í bandarísku samfélagi. Hún benti sérstaklega á Leuh Katz-Hernandes sem starfar sem móttökuritari Barack Obama í Hvíta húsinu. Leah gekk í Maryland School for the deaf (MSD) í Fredrick í Maryland-ríki ásamt dóttur minni. Nemendur í MSD fengu menntun sína í táknmálsumhverfi í skóla sem fór eftir námskrá Fredrick-sýslu. Nemendur og kennarar voru jafn víg á táknmáli og því fór sem fór, þetta voru úrvalsnemendur sem síðar fóru í háskóla og eru nú að skila sér í störf úti í samfélaginu.

Í sama skóla stundaði Nyle DiMarco nám. Hann tók fyrir nokkrum árum þátt í módelsamkeppni sem hann vann og síðan í keppninni Dancing with the stars sem hann einnig sigraði í, en þessi þáttur er vinsæll á sjónvarpsstöðinni ABC. Nyle hefur í kjölfar velgengni sinnar stofnað sjóð, hvers helsta markmið er að stuðla að því að heyrnarlaus börn geti hafið máltöku frá fyrstu tíð og byggja upp sjálfsímynd heyrnarlausra. Eigum við ekki bara að bretta upp ermarnar og henda okkur í verkefnið sem stuðlar að því að Samningi Sameinuðu þjóðanna verði fylgt eftir, fötluðum og ófötluðum til ævarandi framdráttar?

Ísland er fjölmenningarsamfélag og er það til hins betra. Stuðlum að því að styrkja okkar góða samfélag með því að viðurkenna þá fjölbreytni sem við njótum. Það er málið.

# Pálmaolía, ódýr og góð olía eða olía á eldinn?



Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir
verkfræðingur

**Með því að skipta pálmaolíunni út, til dæmis fyrir repjuolíu eða aðrar olíur sem eru ekki ræktaðar á þessum svæðum, er hægt að stuðla að verndun regnskóganna.**

Undanfarin ár hefur verið mikil vitundarvakning í Noregi meðal neytenda varðandi notkun á pálmaolíu í matvælum. Þessi vitundarvakning hefur meðal annars leitt til þess að einn stærsti aðilinn á norskum matvörumarkaði, REMA1000, hefur hætt alfarið að nota pálmaolíu í sínum matvælum. Nú eru matvæli sem áður innihéldu pálmaolíu merkt með stolti og stórum stöfum „Pálmaolíufritt“. En pálmaolía er mikið notuð í allskyns matvælum, t.d eins og kexi, ís, frönskum kartöflum og fjölmörgu fleiru.

Af hverju er REMA1000 hætt að nota pálmaolíu? Er hún ekki bara ódýr og meinlaus olía? Hið lága verð á pálmaolíunni, en hún er ein ódýrasta olían á heimsmarkaði, skýrir um margt hina miklu notkun á henni. Pálmaolía er ræktuð í hitabeltislöndum eins og Indónesíu, Malasíu og Kólumbíu. En pálmaolíuplantan vex hratt og gefur fljótt af sér afurð. Stór regnskógasvæði eru einmitt í hitabeltislöndunum. Regnskógunum er í dag eytt til að koma pálmaolíuökrum fyrir. En þessi eyðing regnskóganna er eitt helsta umhverfisvandamál jarðarinnar. Með eyðingu regnskóganna dregst kolefnislager jarðarinnar saman og kolefni sem annars myndi vera tekið upp í regnskógunum fer út í andrúmsloftið. Einnig er náttúru- og dýralíf í regnskógunum það fjölbreyttasta á jörðinni og þar lifa nú fjölmargar dýrategundir í útrýmingarhættu.

Þar af leiðandi er það afar brýnt að stöðva eyðingu regnskóganna til að stemma stigu við loftslagsbreytingum og verndа lífríkið á jörðinni. Með því að skipta pálmaolíunni út, til dæmis fyrir repjuolíu eða aðrar olíur sem eru ekki ræktaðar á þessum svæðum, er hægt að stuðla að verndun regnskóganna. Pálmaolían er ekki einungis slæm fyrir umhverfið, heldur er hún einnig slæm heilsu manna. Rannsóknir sýna að hún er ekki góð fyrir hjartað þar sem hún eykur kólesteról. Það er því til margs að vinna bæði umhverfisog heilsufarlega séð þegar hætt er að nota og borða pálmaolíu. Þess vegna er REMA1000 hætt að setja pálmaolíu í sínar matvörur, vegna samfélagslegrar ábyrgðar og ósk um að taka þátt í verndun umhverfisins. Þú getur byrjað með því að kanna innihaldið á matvælunum þínum og reynt að forðast þær matvörur sem innihalda pálmaolíu.

# *NÝR FORD EDGE AWD*

# ***Veitir þér frelsi til að fara lengra***





**Ford Edge hefur framúrskarandi aksturseiginleika, kraftmikið útlit og fyrsta flokks tækni sem setur hann fremstan í sínum flokki. Ford Edge er fjórhjóladrifinn, búinn 210 hestafla dísilvél og kemur á 19" álfelgum.**

Þú nýtur þess að ferðast í nýjum Ford Edge. Hann er gríðarlega rúmgóður enda er hann stærsti jeppinn í sínum flokki, rúmir 4,8 m. Dráttargetan er mikil eða 2.000 kg og veghæðin er rúmir 20 cm undir lægsta punkt.

Hann er jafnframt hlaðinn búnaði og notendavænni tækni sem eykur bæði þægindi og akstursánægju. Meðal staðalbúnaðar er:

- SYNC samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu í 112
- 8" snertiskjár
- Íslenskt leiðsögukerfi
- Bakkmyndavél
- Veglínuskynjari
- Umferðaskiltalesari
- Rafdrifinn afturhleri með skynjara
- Upphitanleg Quickclear framrúða
- Leðurklætt upphitanlegt stýrishjól
- Ford MyKey
- Lyklalaust aðgengi

## FORD **EDGE AWD**

SJÁLFSKIPTUR 210 HÖ DÍSIL

FRÁ **8.090.000** KR.

**Komdu og prófaðu hljóðláta dísiljeppann Ford Edge AWD**

ford.is

brimborg

***Öruggur staður til að vera á***

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Gerðu samanburð og þú munt sjá að Ford Edge er gríðarlega vel búinn. Til viðbótar við ofantalið er eftirfarandi einnig staðalbúnaður: hraðastillir með hraðatakmarkara, tvöföld tölvustýrð miðstöð, vandað hljómkerfi með 9 hátölurum, nálægðarskynjarar að framan og aftan, starthnappur, sólarvörn í framrúðu og regnskynjari í framrúðu. Ford Edge er fáanlegur í þremur útfærslum: Titanium, Titanium S og Sport. Ford Edge AWD 2,0 TDCi dísil 210 hö. 6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9 l/100 km. $CO_2$ losun 149 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# 7 GB á mánuði í 7 má



**iPhone 7** 32 GB

**124.990 kr.** stgr.

128 GB 134.990 kr.



**6 GB netnotkun á mánuði í 6 mán. fylgir!**

**iPhone 6S Plus** 16 GB

**109.990 kr.** stgr.

64 GB 129.990 kr.



**6 GB netnotkun á mánuði í 6 mán. fylgir!**

**iPhone 6S** 32 GB

**99.990 kr.** stgr.

16 GB 89.990 kr.
64 GB 109.990 kr.



**3 GB netnotkun á mánuði í 6 mán. fylgir!**

**iPhone SE** 16 GB

**69.990 kr.** stgr.

64 GB 89.990 kr.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**


nuði fylgja iPhone 7
Sjöfulsins snilld!
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA




**Ásgerður Stefanía Baldursdóttir lyftir Íslandsmeistarabikarnum á loft á Samsung-vellinum í gærkvöldi.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

KKÍ
2.OKT 2016

MEISTARAR
MEISTARANNA 2016
DHL-HÖLLINNI SUNNUDAGINN
2. OKTÓBER 2016

KONUR KL. 17:00
SNÆ GRI
ÍSLANDSMEISTARAR - FULLTRÚAR BIKARS

KARLAR KL. 19:15
KR ÞÓR Þ.
ÍSLANDSMEISTARAR - FULLTRÚAR BIKARS

MIÐAVERÐ 1.500 KR. FYRIR 13 ÁRA OG ELDRI
ALLUR ÁGÓÐI RENNUR Í MINNINGARSJÓÐ ÖLLA

# Stjörnurnar í Garðabænum

**Stjarnan úr Garðabæ varð í gær Íslandsmeistari í knattspyrnu kvenna í fjórða sinn á síðustu sex tímabilum. Stjarnan vann öruggan sigur á FH í gær, 4-0.**

**FÓTBOLTI** Eftir stutt stopp í Kópavoginum er Íslandsbikarinn kominn aftur í Garðabæinn.

Stjarnan náði í mikilvægt stig gegn Breiðabliki í 16. umferð og eftir það voru Garðbæingar með örlögin í eigin höndum og þurftu bara að vinna KR og FH í síðustu tveimur umferðunum til að tryggja sér titilinn. Og það hafðist, Stjarnan kláraði sína leiki með stæl, vann KR 0-3 í næstsíðustu umferðinni og FH 4-0 í gær.

„Þetta er alltaf jafn geggjað og ég er gríðarlega stolt af stelpunum eftir leikinn í dag,“ sagði Harpa Þorsteinsdóttir, markahæsti og besti leikmaður Pepsídeildarinnar 2016, í samtali við Fréttablaðið í gær. Hún lék ekki með Stjörnunni í síðustu tveimur leikjunum þar sem hún er barnshafandi eins og frægt er orðið. Harpa var þó búin að gera sitt en hún skoraði 20 mörk í fyrstu 16 leikjum tímabilsins.

## Margar hetjur

Hetjurnar í Stjörnuliðinu eru fleiri. Hin tvítuga Berglind Hrund Jónasdóttir fyllti skarðið sem Sandra Sigurðardóttir skildi eftir sig í markinu með glæsibrag; fékk aðeins 10 mörk á sig í 17 leikjum og hélt marki sínu níu sinnum hreinu. Ólafur Þór Guðbjörnsson, þjálfari Stjörnunnar, segir að Berglind hafi sannað að hún var traustsins verð.

„Berglind stóð sig vel í vorleikjunum og sýndi að hún ætlaði sér að taka stöðuna. Það var engin spurning að hún fengi traustið og hún stóð sig frábærlega í sumar,“ sagði Ólafur sem tókst að fylla fleiri skörð í liði Stjörnunnar en talsverðar breytingar urðu á liðinu í vetur. Þórdís Hrönn Sigfúsdóttir, Agla María Albertsdóttir, Donna Kay Henry og Katrín Ásbjörnsdóttir komu allar fyrir tímabilið og léttu undir með Hörpu í sóknarleiknum. Katrín var t.a.m. frábær í leiknum gegn FH þar sem hún skoraði tvö mörk og lagði hin tvö upp.

Fyrirliðinn Ásgerður Stefanía Baldursdóttir lyfti Íslandsbikarnum í leikslok en þessi mikli sigurvegari hefur átt risastóran þátt í uppgangi Stjörnunnar á undanförnum árum og er hjartað í liði Garðbæinga.

„Við settum okkur þetta markmið 13. september í fyrra, eftir að Breiðablik hafði tryggt sér titilinn. Karakterinn sem við sýndum á köflum í sumar hefur verið með ólíkindum. Ég er bara ótrúlega stolt og ég get varla lýst því hvernig er að vera fyrirliði í svona liði,“ sagði Ásgerður í leikslok í gær.

## Selfoss fór niður

Það var einnig barist á hinum enda töflunnar í lokaumferðinni í gær. KR var í verstu stöðunni fyrir umferðina en tryggði sér áframhaldandi sæti í Pepsídeildinni með ævintýralegum 2-3 sigri á botnliði ÍA. Á sama tíma gerðu Fylkir og Selfoss markalaust jafntefli en það var hlutskipti síðarnefnda liðsins að fylgja Skagakonum niður í 1. deild. Þetta er mikið áfall fyrir Selfoss sem endaði í 3. sæti Pepsídeildarinnar í fyrra og komst í bikarúrslit 2014 og 2015.

Þá gerðu ÍBV og Þór/KA 3-3 jafntefli í miklum markaleik og Valur vann 1-0 sigur á Breiðabliki. Þetta var fyrsta tap Blika í deildarleik frá 22. júlí 2014.

**ingvithor@365.is**

## Nýjast

**Pepsi-deild kvenna**

**Stjarnan - FH 4-0**
Katrín Ásbjörnsdóttir 2, Lára Kristín Pedersen, Ásgerður S. Baldursdóttir.

**Valur - Breiðablik 1-0**
Dóra María Lárusdóttir.

**Fylkir - Selfoss 0-0**

**ÍA - KR 2-3**
Cathrine Dyngvold, Rachel Owens – Jordan O'Brien, Ásdís Karen Halldórsdóttir, Fernanda Vieira Baptista.

**ÍBV - Þór/KA 3-3**
Cloe Lacasse 2, Natasha Moraa Anasi – Anna Rakel Pétursdóttir, Sandra Stephany Mayor Gutierrez, Zaneta Wyne.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Stjarnan | 44 | FH | 17 |
| Breiðablik | 39 | KR | 15 |
| Valur | 39 | Fylkir | 14 |
| Þór/KA | 33 | Selfoss | 13 |
| ÍBV | 31 | ÍA | 8 |

Harpa Þorsteinsdóttir vann gullskóinn en hún skoraði 20 mörk í 16 leikjum. Hún var einnig valinn besti leikmaður deildarinnar af leikmönnnum. Lillý Rut Hlynsdóttir, Þór/KA, var valin efnilegust.

**Enska úrvalsdeildin**

Everton 1–1 Crystal Palace
1-0 Romelu Lukaku (35.), 1-1 Christian Benteke (50.).

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Man. City | 18 | M'brough | 5 |
| Tottenham | 14 | Swansea | 4 |
| Everton | 14 | West Ham | 3 |
| Arsenal | 13 | Stoke | 2 |
| Liverpool | 13 | Sunderland | 1 |

## Í dag

**19.00 Arsenal - Liverpool** Sport 2
**20.00 Stjarnan - Breiðablik** Sport 3
**21.00 Messan** Sport 2

**18.00 Valur - Fylkir** Laugard.v.
**18.00 Leiknir R. - FH** Leiknisv.
**18.00 ÍA - Fjölnir** Norðurálsv.

**Laugardagur:**
**05.55 Formúla 1: Æfing** Sport
**08.50 Formúla 1: Tímataka** Sport
**11.20 Swansea - Liverpool** Sport
**12.30 Ryder-bikarinn** Golfstöðin
**13.00 Pepsi-d.: upphitun** Sport
**13.50 Hull - Chelsea** Sport 2
**13.55 Stjarnan - Víkingur Ó** Sport 4
**13.55 Breiðablik - Fjölnir** Sport 5
**14.00 KR - Fylkir** Sport
**14.00 FH - ÍBV** Sport 3
**16.25 Wolves - Norwich** Sport 2
**16.25 Leverkusen - Dortm.** Sport 3
**17.00 Pepsi-m.: Lokaþáttur** Sport

**Sunnudagur:**
**06.30 Formúla 1: Malasía** Sport
**10.50 Man. Utd. - Stoke** Sport
**12.55 Enski: Upphitun** Sport
**13.10 Tottenham - Man. City** Sport
**15.05 Enski boltinn: Uppgjör** Sport
**15.20 Burnley - Arsenal** Sport
**16.00 Ryder-bikarinn** Golfstöðin
**18.40 Celta - Barcelona** Sport
**20.20 NFL: Chargers - Saints** Sport 2

**Pepsi-deild karla:**
**L 14.00 Þróttur - Víkingur** Þróttarv.
**L 14.00 KR - Fylkir** Alvogenv.
**L 14.00 FH - ÍBV** Kaplakrikav.
**L 14.00 Valur - ÍA** Valsvöllur
**L 14.00 Stjarnan - Vík. Ó.** Sams.-v.
**L 14.00 Breiðablik - Fjölnir** Kópav.

**Olís-deild karla:**
**L 15.00 Selfoss - Akureyri** Selfoss
**L 16.00 Grótta - Valur** Hertz-h.

**Olís-deild kvenna:**
**L 13.30 ÍBV - Selfoss** Vestmanney.
**L 14.00 Grótta - Haukar** Hertz-h.
**S 18.00 Valur - Stjarnan** Valshöll


THERMOBALL™
POWERED BY PRIMALOFT®
EINN JAKKI FYRIR ALLAR AÐSTÆÐUR
Léttur og lipur. Fáanlegur bæði með og án hettu.
Fáanlegur með bæði herra- og dömusniði.
Helst hlýr þótt hann blotni, þökk sé Thermoball einangruninni.
Hin byltingarkennda Thermoball einangrun er aðeins í North Face fötum.
Thermoball einangrun sem veitir einangrun sambærilega náttúrulegum dúni.
Pakkast saman í eigin vasa. Þú trúir því ekki hversu fyrirferðarlítill hann verður fyrr en þú sérð það.
TILBOÐSVERÐ TIL MÁNUDAGS
24.990.-
FULLT VERÐ 29.900.-
THE NORTH FACE
NEVER STOP EXPLORING
NORTH FACE HEITIR EFTIR KÖLDUSTU HLIÐ FJALLS OG SEGIR ÞAÐ SITT UM GÆÐI FATNAÐARINS, SEM ER HANNAÐUR TIL AÐ VERJA ÞIG FYRIR HVERS KYNS VEÐRI.
ÚTILÍF
síðan 1974
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

# Lokaorrustan er í dag

**Það ræðst í dag hvaða lið næla sér í Evrópugullpottinn í Pepsi-deild karla og hvaða lið fer niður með Þrótturum. Lokaumferðin spiluð öll á sama tíma.**

**FÓTBOLTI** Það ræðst í dag, laugardag, hvaða lið fara í Evrópukeppni á næsta ári og hvaða lið kveðja Pepsi-deildina þegar lokaumferðin verður spiluð í heild sinni. Þrír risastórir leikir eru á dagskrá auk bikarlyftingar í Hafnarfirði og verða allir fjórir í beinni útsendingu á sportrásum Stöðvar 2. Það er bæting á meti frá því í síðustu umferð þegar þrír leikir voru í beinni á sama tíma.

Hart er barist um Evrópusætin þar sem fjögur lið eygja von um að komast að enda regnbogans og finna 26 milljóna króna gullpottinn sem í boði er fyrir að taka þátt í fyrstu umferð forkeppni Evrópudeildarinnar á næsta ári.

Fylkismenn eru í verstu stöðunni í fallbaráttunni en þrjú lið eiga tölfræðilega möguleika á að falla. Ólsarar eru ekki í góðri stöðu en Eyjamenn fóru langt með að bjarga sér í síðustu umferð þó ÍBV geti enn tölfræðilega fallið.

### Stig er dauðadómur í Kópavogi

Breiðablik og Fjölnir eru einu liðin sem mætast innbyrðis í Evrópubaráttunni. Fjölnir er að kasta frá sér fyrsta Evrópusætinu í sögu félagsins en liðið er búið að tapa tveimur leikjum í röð og þarf á sigri að halda í Kópavoginum til að komast í Evrópukeppni á næsta ári.

Það hjálpar Fjölnismönnum að Blikar eru ekkert sérstakir á heimavelli. Þar eru þeir aðeins búnir að vinna fjóra af tíu leikjum sínum og ekki skora nema níu mörk. Aftur á móti eru Blikar aðeins búnir að tapa þremur leikjum á Kópavogsvelli.

Bæði lið þurfa að sækja til sigurs því eitt stig á kjaft gæti orðið dauðadómur. Geri liðin jafntefli og Stjarnan og KR vinna sína leiki gegn liðum í fallbaráttunni ganga bæði lið svekkt af velli í Kópavogi í dag á meðan fagnað verður í Garðabæ og í vesturbæ Reykjavíkur.

Breiðablik vann fyrri leik liðanna, 3-0, en Fjölnismönnum hefur gengið illa í stórum leikjum á tímabilinu og tapað síðustu tveimur.

### Hvað getur gerst í fallbaráttunni?

**Fylkir heldur sér uppi með því að**
- Vinna KR
- Treysta á að Ólsarar fái ekki meira en eitt stig gegn Stjörnunni

**Ólsarar halda sér uppi með því að**
- Vinna Stjörnuna
- Gera jafntefli við Stjörnuna og treysta á að KR vinni Fylki

**ÍBV heldur sér uppi með því að**
- Vinna eða gera jafntefli við FH
- Tapa fyrir FH og treysta á að Ólsarar eða Fylkismenn tapi stigum

» Fjölnir er eini nýliðinn í Evrópubaráttunni en liðið hefur aldrei komist í Evrópukeppni.

### Hvað getur gerst í Evrópubaráttunni?

**Stjarnan fer í Evrópu ef**
- Stjarnan vinnur Ólsara
- Stjarnan gerir jafntefli við Ólsara og Breiðablik og Fjölnir gera jafntefli
- Stjarnan tapar og Breiðablik og KR tapa

**Breiðablik fer í Evrópu ef**
- Blikar vinna Fjölni
- Blikar gera jafntefli við Fjölni og KR vinnur ekki Fylki

**KR fer í Evrópu ef**
- KR vinnur Fylki og Breiðablik eða Stjarnan tapar stigum

**Fjölnir fer í Evrópu ef**
- Fjölnir vinnur Breiðablik og KR og Stjarnan tapa stigum

### Evrópu- og fallleikir

Stjarnan er í bestu stöðunni þegar kemur að Evrópubaráttunni. Liðið virtist ekki líklegt til neins fyrir nokkrum vikum þegar allt var í volli í Garðabænum en nú er liðið það næstheitasta í deildinni; búið að vinna þrjá leiki í röð á hárréttum tíma. Stjarnan fær Ólsara í heimsókn sem eru að berjast fyrir lífi sínu en Ólafsvíkingar verða án fjögurra byrjunarliðsmanna í Garðabænum í dag og munar um minna.

Ólsarar verða með hugann við leikinn í Vesturbænum þar sem KR tekur á móti Fylki. Þar þurfa Fylkismenn ekkert minna en sigur til að halda sæti sínu í deildinni. Fylkir er tveimur stigum á eftir Ólsurum í baráttunni um áframhaldandi veru í Pepsi-deildinni.

Fylkir gæti ekki óskað sér verri mótherja en KR því lærisveinar Willums Þórs Þórssonar eru þeir heitustu í deildinni. KR er búið að vinna fjóra leiki í röð og stefnir hraðbyri á Evrópusæti. Vesturbæjarliðið þarf aðeins að treysta á að ein úrslit falli með þeim úr annaðhvort leik Stjörnunnar og Ólsara eða Breiðabliks og Fjölnis til að komast í Evrópu að því gefnu að KR vinni sinn leik.

Eyjamenn geta andað rólega þó að tölfræðilega geti liðið enn fallið. ÍBV þarf að tapa fyrir FH í lokaumferðinni og Fylkir að vinna KR auk þess sem Árbæingar þurfa níu marka sveiflu til að senda ÍBV niður og það gerist bara ef Ólsarar vinna.

### Bikarlyfting í Hafnarfirði

FH er orðið meistari og lyftir nýjum Íslandsbikar eftir leikinn gegn ÍBV í Kaplakrika í dag. Búið er að skipta út bikurunum sem notast var við frá 1997-2016.

Valur og ÍA mætast á Hlíðarenda og fallnir Þróttarar fá Víkinga í heimsókn. Víkingar geta bætt stigamet sitt með sigri ef þeir komast í 32 stig. Metið er 30 stig en Víkingar komust í Evrópu á þeim stigafjölda fyrir tveimur árum. Nú verða 38 stig það sem dugar væntanlega til að komast í Evrópukeppni. tomas@365.is



### Leikirnir í lokaumferðinni

14.00 **Þróttur - Víkingur**
14.00 **KR - Fylkir** 2 SPORT
14.00 **FH - ÍBV** 2 SPORT
14.00 **Valur - ÍA**
14.00 **Stjarnan - Víkingur Ó.** 2 SPORT
14.00 **Breiðablik - Fjölnir** 2 SPORT

Upphitun fyrir leikina hefst klukkan 13.30. Lokaþáttur Pepsimarkanna í beinni og í opinni dagskrá milli 17.00-20.00. Einnig í beinni á Vísi.

**Árni Vilhjálmsson og Mario Tadejevic berjast í fyrri leik Breiðabliks og Fjölnis. Þau mætast aftur í dag þar sem jafntefli gæti orðið dauðadómur beggja liða í Evrópubaráttunni í lokaumferð Pepsi-deildar karla.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA


**VERSLUNARHÚSNÆÐI** TIL LEIGU



**Glæsilegt verslunarhúsnæði til leigu við Mörkina 4 - 108 Reykjavík**

Opið og bjart 463 m² verslunarrými með góðum gluggafronti. Næg bílastæði og mikill sýnileiki með góða merkingarmöguleika. Frábær staðsetning fyrir verslun miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu með góðri aðkomu. Rýmið getur einnig hentar undir veitingarekstur eða aðra þjónustustarfsemi.

Nánari upplýsingar í síma **666 4000** eða **leiga@reginn.is**

reginn.is
reginn@reginn.is
sími 512 8900

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG



# EKKI LESA EKKI NEITT




**Dalalíf - Tæpar leiðir**
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.899.-




**Hjónin við hliðina**
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.899.-

1.
Metsölulisti Eymundsson




VILDARVERÐ:
3.119.-
Verð:
3.899.-

**Fórnarlamb án andlits**




**Vögguvísa**
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.899.-




**Sykurpúðar í morgunverð**
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.899.-

MYND SEM ER BYGGÐ Á SAMNEFNDRI METSÖLUBÓK




**Maðurinn sem heitir Ove (DVD)**
VILDARVERÐ: 1.999.-
Verð: 2.599.-




**Náttblinda**
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.899.-




**Bókin um Baltimore fjölskylduna**
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.899.-




KYNNING OG SMAKK MEÐ HÖFUNDI Í DAG KL 14:00 Í KRINGLUNNI

**Lifðu til fulls**
VILDARVERÐ: 5.599.-
Verð: 6.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er 29. september, til og með 3. október, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Cheick Bangoura (lengst til vinstri) ásamt þeim Alseny, Balaké, Francis og Mamady. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

# Afrískir menningarstraumar

**Afríkuhátíð er í ár haldin í sjöunda sinn í Reykjavík. Fjölmargir viðburðir eru um helgina sem tengjast tónlistar- og matarmenningu tíu Afríkulanda. Í kvöld verða veglegir tónleikar í Gamla bíói og á Lækjartorgi verður líflegur afrískur markaður.**

Cheick Bangouri, trommuleikari og dansari, flutti til Íslands fyrir átján árum frá Kónakríborg í Gíneu. Hann setti á fót Afríkuhátíðina, Fest Afríka, sem nú er haldin í Reykjavík í sjöunda sinn. Tilgangur hátíðarinnar er að kynna afríska list og menningu ýmissa landa Afríku.

„Við viljum kynna ótrúlega fjölbreytta menningarheima Afríkulanda fyrir Íslendingum. Hér býr fólk frá ótalmörgum löndum Afríku og í ár taka tíu lönd þátt,“ segir Cheick frá um hátíðina. „Við viljum vekja athygli á fjölmenningunni í íslensku samfélagi. Á hátíðinni eru vinnusmiðjur, tónleikar, sýningar, kvikmyndir, námskeið og matarkynningar,“ segir Cheick.

Cheick hefur margt fyrir stafni, hann spilar í eigin bandi, Bangoura Band, og með sveitinni Amabadama og vinnur bæði í Kramhúsinu og á Te og kaffi. „Ég hlakka alltaf til hátíðarinnar. Þetta er mikilvæg hátíð, bæði fyrir íslensk samfélög og öll þau minni afrísku samfélög sem eru hér á landi,“ segir hann og segir hátíðina færa saman fólk frá mismunandi menningarheimum, af mismunandi uppruna og aldri.

Hátíðin var opnuð á miðvikudag í Norræna húsinu og stendur fram á sunnudag.

Í dag eru haldnir tónleikar í Gamla bíói, þar sem fram koma stórsveit Samúels Jóns Samúelssonar, Ivan og Binhan frá Gíneu-Bissá, Dawda Jobarteh frá Gambíu og Les Espoire de Corothine frá Kónakríborg í Gíneu.

Á Lækjartorgi verður afrískur markaður, þar sem hægt verður að kaupa ýmsan varning og horfa á skemmtiatriði.

Á morgun er svo lokahátíð í Iðnó. Þar dansar Zobel Snak frá Kamerún og Vakna Di-Afro og Dj Cliff frá Kenía spilar. Hátíðin í Iðnó hefst klukkan 19.

kristjanabjorg@frettabladid.is

## Hvað á að gera um helgina?

### LESTU ...
### ... BÓKMENNTIR FRÁ NÍGERÍU

**Looking for Transwonderland**

Rithöfundurinn Noo Saro-Wiwa var alin upp í Englandi. Á hverju sumri fór hún og heimsótti föður sinn, aktívistann Ken Saro-Wiwa til Nígeríu. Eftir að faðir hennar var drepinn fór hún ekki í heimsókn til ættlandsins um langa hríð þar til mörgum árum seinna. Um þá ferð skrifaði hún einskonar ferðasögu sem þykir bæði heiðarleg og nútímaleg.




**Death and the King´s Horseman**

Wole Soyinkas skrifaði skáldsöguna „Death and the Kings‘s Horseman“, en hann hlaut Nóbelsverðlaun í bókmenntum 1986. Hann hefur gefið út hundruð verka; leikrit, skáldsögur, ritgerðir og ljóð.

### HORFÐU ...
**á mynd frá Senegal**

Á dagskrá RIFF í ár er myndin Wúlu sem fjallar um hinn tvítuga Ladji, í Malí sem reynir að koma systur sinni til bjargar úr vændi.

### HLUSTAÐU ...
**á Dawda frá Gambíu**

Fyrsta skífa Dawda Jobarteh heitir Northern Light Gambian Night. Dawda spilar á tónleikum í Gamla bíó í kvöld.

### BORÐAÐU ...



**... eþíópískan mat**

Á veitingastaðnum Minilik á Flúðum er boðið upp á eþíópískan mat. Þar má bragða á þjóðlegum réttum svo sem Doro Wat sem er sítrónumarineraður kjúklingur í „berbera“ heitri sósu. Þar er líka hægt að upplifa sérstakar kaffihefðir landsins, baunirnar eru ristaðar á staðnum.

Þeir sem vilja prófa að elda sjálfir eþíópískan mat ættu að elda wat, þykka og bragðsterka kássu sem er borin fram á injera, stóru flatbrauði. Eþíópíubúar borða með höndunum og nota flatbrauðið til þess að skófla upp kássu og meðlæti.

### HLUSTAÐU ...
**á Cesáriu Évora frá Grænhöfðaeyjum**

Tregafull lög Cesáriu Évoru hafa sigrað heiminn. Hún var kölluð berfætta dívan enda fræg fyrir að vilja sleppa skótauinu á tónleikum.



### HORFÐU ...
### ... Á MYND FRÁ KONGÓ

Kvikmyndaiðnaðurinn blómstrar í Afríku, til að mynda í Nígeríu og Gana. Nígeríski kvikmyndaiðnaðurinn er stundum uppnefndur Nollywood og sá ganíski Ghallywood. Myndin Viva Riva! eftir Djo Tunda Wa Munga gerist hins vegar í Kongó og er margverðlaunuð. Myndin hlaut verðlaun í Toronto árið 2010, MTV og í Nígeríu árið 2011. Söguþráðurinn er æsilegur. Það ríkir bensínskortur í Kongó og smákrimmi kemst yfir magn af eldsneyti sem hann ætlar sér að græða á. En fleiri hafa áhuga á að taka þátt og gengjastríð geisar um eldsneytið með hefndum,



# STÓRSÝNING!

## laugardaginn 1. október 2016 kl. 11-15

## Á leiðinni á Suðurpólinn!

**Frumsýnum Toyota Hilux AT44 6X6**
á nýjum **Arctic Trucks** radíaldekkjum frá **Nokian**.



## Forsýning!

**Nýtt Arctic Trucks 44” radíaldekk!**
Forsýnum nýtt og byltingarkennt 44” **Arctic Trucks** radíaldekk sem hannað er í samstarfi við sérfræðinga hins þekkta dekkjaframleiðanda Nokian.




nokian
HAKKAPELIITTA® 44

Kemur í sölu
í byrjun árs 2017.

## Fullt plan af glæsilegum Arctic Trucks bílum í ýmsum útfærslum!


Nissan Navara AT35


Toyota Hilux AT35


Iveco AT40


Sprinter AT46

## JEPPADEKK

Vönduð jeppadekk fyrir flestar gerðir jeppa.

TILBOÐ




**Viair 85p** loftdæla fylgir öllum seldum dekkjagöngum meðan birgðir endast.




## YAMAHA

Ný og glæsileg tæki frá Yamaha í sýningarsalnum.





## VERKSTÆÐIÐ OPIÐ

**Bílar í breytingu á lyftum.**
Sérfræðingar í jeppabreytingum segja frá vinnuferli við jeppabreytingar



## LAGERHREINSUN!

Við tókum til á lagernum hjá okkur og seljum nú ýmsar vörur fyrir eldri bíla á frábæru verði. **Komdu og gerðu frábær kaup!**

- Grillgrindur
- Ljósahlífar
- Ljóskastarar
- Dekk
- Felgur
- og margt, margt fleira

FRÁBÆR KAUP!

## Pylsur á grillinu, gos og ís í boði!

Arctic Trucks Ísland ehf.
Klettháls 3
110 Reykjavík

Sími 540 4900
Netfang info@arctictrucks.is
Vefur www.arctictrucks.is

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

# HELGAR

OPIÐ ALLA HELGINA – LAU. 11-16 og SUN. 13-17 Á SUÐURLANDSBRAUT

## NÝ LÍNA AF TVÖFÖLDUM KÆLISKÁPUM

## 25% KYNNINGARAFSLÁTTUR



LG FÁGUN Í HVERJU ELDHÚSI




PHILIPS

**Philips HD9220**
Airfryer! Djúpsteikir á hollan hátt með lofti án olíu.

TILBOÐ **24.995**
VERÐ ÁÐUR 29.995

## HUROM SAFAPRESSUR Á 25% AFSLÆTTI




PHILIPS VIDAL SASSOON

## SLÉTTUJÁRN HÁRBLÁSARAR KRULLUJÁRN

ALLT AÐ **50%** AFSLÁTTUR






LG TrueSteam

FJARLÆGIR 99.9% AF OFNÆMISVÖLDUM

**LG-FH4A8QDS2**
Sparnýtin þvottavél frá LG með stafrænu kerfisvali og hitastilli. Hljóðlátum Direct Drive mótor með 10 ára ábyrgð. Vigtar þvottinn.

THE BRITISH ALLERGY FOUNDATION SEAL OF APPROVAL

TILBOÐ **99.995**
VERÐ ÁÐUR 149.995



Whirlpool

**Whirlpool ADPU360WH/IX**
Rúmgóð uppþvottavél með LCD skjá, sótthreinsikerfi og 6th sense tækni. Hljóðlát, aðeins 46 db. Tilvalin fyrir fjölskyldur. A++. Fairy uppþvottaefni fylgir.

**ADPU360 HVÍT**
TILBOÐ **49.995**
FULLT VERÐ 64.995

**ADPU360 STÁL**
TILBOÐ **54.995**
FULLT VERÐ 69.995

**12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR**

# TILBOÐ

**OPIÐ ALLA HELGINA – LAU. 10-17 og SUN. 13-17 Á GLERÁRTORGI**

***Ný verslun!***




**LG UH650**
Gæða Smart IPS LED sjónvarp frá LG á frábæru tilboðsverði. UHD 4K 3840 x 2160 punkta upplausn og 1700Hz PMI. 20W ULTRA Surround hátalarakerfi. Hægt að tengjast í gegnum app í síma eða spjaldtölvu.

IPS · LED · UHD 4K 8.3M Pixels · 1700Hz PMI · webOS
4K Upscaler · ColorPrime PRO · Local Dimming · NETFLIX

| 43" | 49" | 55" |
|---|---|---|
| TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ |
| 99.995 | 119.995 | 159.995 |
| VERÐ ÁÐUR 139.995 | VERÐ ÁÐUR 179.995 | VERÐ ÁÐUR 229.995 |




**PHILIPS**

DualCore · FullHD · PixelPlusHD · MICRO DIMMING · 200Hz · Google play · Spotify · DVB-T2

**Philips 55PFT5500**
Smart LED sjónvarp með Full HD 1920 x 1080 punkta upplausn. 200Hz Perfect Motion Rate. Android 5.0. MyRemote Apple/ Android síma og spjaldtölvu app.

**TILBOÐ 99.995**
VERÐ ÁÐUR 149.995




4K ULTRA HD TV · VIERA VIERA Direct

EASY MIRRORING

STUDIO MASTER COLOUR

QUAD CORE PRO x4

NETFLIX

**Panasonic TX55CX670E**
Frábær upplausn á ótrúlegu verði. Smart LED sjónvarp með 4K Ultra HD 3840 x 2160 punkta upplausn og VIERA direct. iPhone eða Android síma og spjaldtölvu app

**TILBOÐ 139.995**
VERÐ ÁÐUR 179.995



**PHILIPS**

**Philips HR2170**
600w Viva Collection blandari með 1,5L glerkönnu. Stiglaus hraðastilling og púls. Stainless stál hnífar. Auðvelt að taka hnífa frá til að hreinsa.

**TILBOÐ 9.995**
FULLT VERÐ 17.995

**PHILIPS**
SOUND**BAR**



*MÁ FESTA Á VEGG*

aðeins 10 stykki

**Philips HTL3140B**
200W RMS SoundBar heimabíókerfi með þráðlausum bassahátalara. Dolby Digital. Bluetooth með NFC. Virtual Surround Sound. EasyLink. HDM, USB, MP3 Link. Má festa á vegg.

**TILBOÐ 34.995**
VERÐ ÁÐUR 49.995

LG



**LG HLJÓMTÆKJASAMSTÆÐUR**
**20% AFSLÁTTUR**
**VERÐ FRÁ 15.996**




**Heimilistæki** ht.is
*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# STÓRA FARTÖ

# HEFST UM

BRJÁLUÐ LÆKKUN!



-40%

FARTÖLVA Á 29.995!

29.995
ÁÐUR 49.995

LÆKKUN -20.000

nextbook NEX-NXW10QC32G | Intel | MINNI 1GB | 32GB | 10.1"



-20%

INTEL i3 OG SSD

79.995
ÁÐUR 99.995

LÆKKUN -20.000

acer ACE-NXMPGED058 | Intel i3 | MINNI 4GB | 128GB | 13,3"

INT



-19%

17,3" MEÐ INTEL ÖRGJÖRVA

64.995
ÁÐUR 79.995

LÆKKUN -15.000

ASUS ASU-F751SATY071T | Intel | MINNI 8GB | 500GB | 17,3"



-21%

STÓR 17,3" SKJÁR

54.995
ÁÐUR 69.995

LÆKKUN -15.000

acer ACE-NXMZSED023 | Intel | MINNI 4GB | 500GB | 17,3"



-25%

14" Á 25% AFSLÆTTI

29.995
ÁÐUR 39.995

LÆKKUN -10.000

ASUS ASU-E402SAWX013T | Intel | MINNI 2GB | 32GB | 14"



-13%

A8 OG 1TB

64.995
ÁÐUR 74.995

LÆKKUN -10.000

TOSHIBA TOS-C50DB157 | AMD A8 | MINNI 4GB | 1TB | 15,6"



-8%

HVÍT 10" MEÐ INTEL

54.995
ÁÐUR 59.995

LÆKKUN -5.000

acer ACE-NTG8QED001 | Intel Atom | MINNI 2GB | 64GB | 10,1"



-13%

8GB OG 1TB

69.995
ÁÐUR 79.995

LÆKKUN -10.000

acer ACE-NXMZUED021 | Intel | MINNI 8GB | 1TB | 13,3"

13,3

## AÐEINS Í NOKKRA DAGA!

TÖLVU

TILBOÐIN GILDA Í ÖLLUM 7 VERSLUNUM OKKAR UM LANDIÐ

# LVURÝMINGIN

# HELGINA !

OPIÐ ALLA HELGINA



-20%

TEL i3 OG HD5500

59.995
ÁÐUR 74.995

LÆKKUN -15.000

acer ACE-NXGCEED060 | Intel i3 | MINNI 4GB | 500GB | 15,6"



-18%

i5 OG 512GB SSD

139.995
ÁÐUR 169.995

LÆKKUN -30.000

ASUS ASU-F556UADM331T | Intel i5 | MINNI 8GB | 512GB | 15,6"



-18%

HVÍT MEÐ 8GB OG 1TB

89.995
ÁÐUR 109.995

LÆKKUN -20.000

ASUS ASU-X555LAX02517T | Intel | MINNI 8GB | 1TB | 15,6"



-15%

A10 OG RADEON R6

84.995
ÁÐUR 99.995

LÆKKUN -15.000

acer ACE-NXMWAED026 | AMD A10 | MINNI 8GB | 1TB | 15,6"



-30%

KRAFTMIKIL i3

69.995
ÁÐUR 99.995

LÆKKUN -30.000

ASUS ASU-F554LAX01091P | Intel i3 | MINNI 4GB | 500B | 15,6"



-14%

3" ACER ASPIRE

59.995
ÁÐUR 69.995

LÆKKUN -10.000

acer ACE-NXMZUED028 | Intel | MINNI 4GB | 500GB | 13,3"



-7%

15,6" MEÐ FHD OG SSD

69.995
ÁÐUR 74.995

LÆKKUN -5.000

acer ACE-NXGCEED042 | Intel | MINNI 8GB | 128GB | 15,6"



-17%

FARTÖLVA OG SPJALDTÖLVA

49.995
ÁÐUR 59.995

LÆKKUN -10.000

acer ACE-NTG5CED002 | Intel Atom | MINNI 2GB | 532GB | 10,1"

tl.is

LISTINN

TOSHIBA ASUS acer

REYKJAVÍK · AKUREYRI · HÚSAVÍK · EGILSSTAÐIR · SELFOSS · KEFLAVÍK · AKRANES · WWW.TL.IS



# Aðgangur bannaður

„Það er komin einhver ósýnileg hönd sem hefur þann mátt að setjast í ritstjórnarstól og hefur komið því inn hjá fjölmiðlum að þeim komi hlutirnir ekkert við,“ segir fréttaljósmyndarinn Gunnar V. Andrésson.

Fjölmiðlamenn voru mættir í hlíðar Helgafells strax fyrsta dag Vestmannaeyjagossins sem hófst 23. janúar 1973. Þeir virða hér fyrir sér gossprunguna sem myndast hafði. Byggðin á myndinni hvarf undir hraunið. MYNDIR/GVA




Garðar Örn Úlfarsson
gar@frettabladid.is


Gunnar V. Andrésson ljósmyndari hefur unnið á dagblöðum í hálfa öld. Fyrsta forsíðumynd Gunnars birtist í Tímanum í júní 1966. Hann hefur starfað á Fréttablaðinu síðustu tólf ár.

Er Gunnar hóf störf á Vísi 1978 ríkti hörð samkeppni milli síðdegisblaðanna tveggja, Dagblaðsins og Vísis. Hann segir dagskipunina hafa verið að segja sem gleggst frá öllu, bæði í máli og myndum.

„Við gerðum allt í því að vera með myndir með fréttum, sama hvað það var, tala nú ekki um stóratburði eða slys. Það er bara skylda og hin hefðbundna fréttamennska að við séum fulltrúar fólksins í að lýsa því sem fyrir augu ber og koma því til fólksins,“ segir Gunnar sem kveður mikla breytingu hafa orðið á þessu.

„Það hefur vaxið upp eitthvert stofnanaeftirlit, einhverjir sjálfskipaðir menn til að stýra og ritstýra blöðum nú orðið. Lögreglufréttir eru jafnvel ekki lengur lögreglufréttir heldur skýrslur úr dagbókum lögreglu þar sem eins lítið er sagt og hægt er,“ segir Gunnar.

**Settur stóllinn fyrir dyrnar**

Að sögn Gunnars hafa fjölmiðlamenn í seinni tíð upplifað mikla erfiðleika við að komast á vettvang stórslysa. Það eigi til dæmis við um snjóflóðið mikla á Flateyri árið 1995. Þar hafi yfirvöld sett fréttamönnum og ljósmyndurum stólinn fyrir dyrnar.

„Því var borið við að við mættum ekki vera nálægt vinnandi mönnum. Það var löngu eftir að búið var að finna alla hina látnu. Svo vorum við svona á randi einhvers staðar á jaðrinum, með þeirri undantekningu að í eitt skipti fyrsta kvöldið fékk einn ljósmyndari að mynda fyrir alla hina fjölmiðlana – og það með yfirsáta yfir sér á meðan,“ segir Gunnar. Útkoman sé afar fátæklegt úrval af ljósmyndum frá þessum vettvangi. Síðar hafi verið lagt mikið upp úr því að segja sögu snjóflóðanna í leikhúsi og útvarpi en fréttaljósmyndarar geti lítið styrkt frásögnina með myndum.

Gunnar segir Íslendinga áður ávallt hafa getað farið á gosstöðvar enda eðlilegur hluti af forvitni fólks um náttúruhamfarir að sjá þær með eigin augum.

**Gisti í fangaklefa í Eyjum**

„Ef fólk gat ekki farið sjálft gat það alltaf stólað á fjölmiðla. En það er ekki hægt í dag af því að það er einhver stýring frá einhverju apparati og allt í einu orðin lögregluvakt á gosstöðvum. Þrautþjálfuðustu fréttamenn þurftu til dæmis að berjast fyrir því að fá að vera í Holuhrauni,“ segir Gunnar sem spyr sig hvernig það „apparat“ sem varið hafi Holuhraun með kjafti og klóm tæki á móti fjölmiðlum ef hamfarir eins og Vestmannaeyjagosið 1973 yrðu í dag. Þá hafi aðrar reglur gilt.

„Það var vel passað að við gætum haft aðgang að eyjunni með þeim tveimur skilyrðum að vera með hjálm og að vera með gasgrímu. Svo áttum við bara að bera ábyrgð á okkur sjálfir,“ útskýrir Gunnar sem hélt mikið til í Eyjum á meðan gaus og tók fjölmargar stórbrotnar fréttaljósmyndir. „Þess var gætt að að við gætum haft þessa frásögn sem skýrasta og líflegasta.“

Sem dæmi um liðlegheit opinberra aðila við fjölmiðlafólk í Vestmannaeyjagosinu rifjar Gunnar upp eitt skipti er hann missti af flugvél heim. „Þá fór ég niður á lögreglustöð og sagði þeim þessi vandræði mín og þá var mér bara boðinn einn fangaklefi til að gista í. Það voru allir að vinna saman að öllu sem sneri að þessu gosi.“



Meðlimir flugslysanefndar rannsaka flak flugvélar er fórst í Ljósufjöllum í apríl 1986. Fimm létust. Tveir sem lifðu biðu björgunar í meira en tíu stundir.




**ÞAÐ ER BARA SKYLDA OG HIN HEFÐBUNDNA FRÉTTAMENNSKA AÐ VIÐ SÉUM FULLTRÚAR FÓLKSINS Í AÐ LÝSA ÞVÍ SEM FYRIR AUGU BER OG KOMA ÞVÍ TIL FÓLKSINS.**

Alþingi hefur í áratugi verið mikill vinnustaður fjölmiðlafólks. Gunnar segir að þar hafi sigið rækilega á ógæfuhliðina.

„Í gamla daga var maður alltaf mjög velkominn í þinghúsið og maður gat sagt sögu þingsins og frá því sem var á seyði á göngum og í hliðarherbergjum. Nú er búið að loka því öllu,“ segir Gunnar sem kveður litlar skýringar í boði frá starfsmönnum Alþingis.

„Þegar maður spyr hvers vegna þá er svarið „af því bara“. Og niðri í þingi eru engar skrifaðar reglur sjáanlegar en þingverðir hirta mann eins og krakka þegar maður kemur þarna inn,“ útskýrir Gunnar. ➔


STÖÐUGLEIKI
Langþreyttur kjósandi óskar eftir raunsæjum og úrræðagóðum frambjóðanda með stöðugleika til langs tíma í huga. Verðbólga og gengissveiflur illa séðar.
Upplýst ákvörðun í kjörklefanum skiptir máli.
Allt um stefnu Samtaka iðnaðarins á si.is.
KJÓSUM GOTT LÍF
SI Samtök iðnaðarins



Hjón frá Bandaríkjunum létust er einkaflugvél þeirra fórst á Eyjafjallajökli í 1975. Gunnar gekk með á jökulinn með hjálparsveitarmönnum og myndaði vettvanginn. „Það var einfaldlega heilög skylda, bæði til sjós og lands, að menn reyndu að segja eins ítarlega frá og hægt var með ljósmyndum og texta,“ segir hann.



Forsætisráðherra Íslands ásamt eiginkonu sinni og dóttursyni lést er ráðherrabústaðurinn á Þingvöllum brann í júlí 1970. „Við Kári Jónasson vorum komnir snemma morguns og þá blasti við okkur þessi hroðalega sjón. Eftir því var tekið að lýsingar Kára í Tímanum af vettvangi þóttu skilmerkilegar með þeim myndum sem ég tók þennan sorgardag,“ segir Gunnar.

**ÞAÐ ÞÓTTI BARA EÐLILEGT Á ÞEIM TÍMA AÐ ÞAÐ VÆRI LIFANDI OG SKÝR FRÁSÖGN AF ÞEIM HLUTUM SEM SNERTU LAND OG ÞJÓÐ.**

Flugslysum hérlendis voru árum saman gerð ítarleg skil í máli og myndum. „En í dag eru öll sund lokuð. Við höfum engar myndar haft af síðustu flugslysum sem hafa verið hér á Íslandi,“ segir Gunnar. Sjálfur tók hann margar fréttamyndir þar sem flugslys urðu. Til dæmis í Ljósufjöllum á Snæfellsnesi þar sem fjölmiðlamenn voru fluttir ásamt flugslysanefnd með þyrlu Landhelgisgæslunnar frá Stykkishólmi. Fimm menn fórust í því slysi.

„Pétur Einarsson flugmálastjóri tók þá ákvörðun að flytja fjölmiðlamenn þarna upp eftir, að þarna væri skylda að sjá og sýna og upplýsa. Það var með því skilyrði að við létum slysarannsóknarnefnd eftir vettvang þannig að við trufluðum engan. Það þótti bara eðlilegt á þeim tíma að það væri lifandi og skýr frásögn af þeim hlutum sem snertu land og þjóð,“ undirstrikar Gunnar.

### Fjölmiðlamenn bera líka sína ábyrgð

Eitt skipti komu hingað til hafnar með Laxfossi rúmenskir laumufarþegar sem ekki fengu að fara frá borði og voru vaktaðir af lögreglunni.

„Ég heyrði í hádegisfréttum að svona væri komið fyrir þessum mönnum. Ég keyrði niður á höfn og gekk um borð og gerði grein fyrir mér. Það var auðsótt mál að segja þessa sögu í þessari ljósmynd. Þetta skaðaði engan, var bara frásögn af veruleikanum sem þarna var um borð,“ segir Gunnar



Lögregluþjónn gætti þess að fjórir Rúmenar, sem laumuðust um borð í Laxfoss í Antwerpen, stigju ekki í land í Reykjavík. Gunnar fékk þá fram í gættina til að sýna stöðuna. „Í dag yrði myndin með þessari frétt af skipinu eða kannski skipstjóranum í hæsta lagi,“ segir hann.



Allir litir haustsins í miðborginni
LANGUR LAUGARDAGUR Í DAG
Nú hafa húfur og treflar leyst stuttbuxur og sandala af hólmi. Við bjóðum október velkominn með Löngum laugardegi í miðborginni, þar sem tilvalið er að endurnýja fataskápinn eða bæta í bókahillurnar og gera góð kaup. Um leið kveðjum við Sumargötur að sinni.
Opið í verslunum til 17:00 og víða lengur.
Næg bílastæði og munið bílastæðahúsin.
Ólöf Arnalds flytur barnvæna tónlist á eftirtöldum stöðum:
15:00 – Ísbúðin Valdís, Grandagarði
16:00 – Skólatorg (neðst á Skólavörðustíg)
16:30 – Laugatorg (við Kjörgarð)
Dagskrá í október:
01. október Sumargötum lýkur
01 október Reykjavík Guitarama
09. október Tendrun Friðarsúlunnar
12. október Októberhátíð
21. október Japanskir kvikmyndadagar
21. október Reykjavík Comedy Festival
BERGSTAÐIR
KOLAPORT
RÁÐHÚSIÐ
STJÖRNUPORT
TRAÐARKOT
VESTURGATA
VITATORG
P
BÍLASTÆÐASJÓÐUR
ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ
VERUM, VERSLUM OG NJÓTUM ÞAR SEM MIÐBORGARHJARTAÐ SLÆR!
MIDBORGIN.IS — FACEBOOK.IS/MIDBORGIN
MIÐBORGIN OKKAR



**Rjúpnaskytta sem fannst látin við Vífilfellskróka eftir rúmlega sólarhringsleit í október 1986 var flutt til byggða af hjálparsveitarmönnum og lögreglu í vonskuveðri og slæmu færi. Með fylgdu byssa mannsins og rjúpur í poka. „Mynd með þessari frétt í dag yrði sennilega hjálparsveitarmaður í fjarska eða þyrla Landhelgisgæslunnar,“ segir Gunnar sem gekk til móts við leitarmenn til að segja fréttina með ljósmynd.**



**Tuttugu manns fórust í snjóflóði á Flateyri 26. október 1995. Myndin sýnir björgunarmenn grafa í rústum húsa í þorpinu. „Vegna afstöðu yfirvalda, bæði þá og þegar snjóflóðið féll í Súðavík, höfðum mjög takmarkaðan aðgang til að festa þessa miklu atburði á mynd. Þetta hefur bitnað mjög á síðari tíma frásögn sem byggir mjög á söfnum fréttaljósmynda,“ segir Gunnar.**



**Þingmenn stinga saman nefjum í anddyri Alþingis áður en gengið var til kirkju við þingsetningu í september 2012. „Þetta var í síðasta skipti sem við höfðum aðgang að þessum stað í þinghúsinu. Þarna gafst færi til að mynda æðstu menn þjóðarinnar hittast eftir sumarfrí og spjalla saman glaða í sinni. Ef beðið er um skýringar í þinginu er svarið einfaldlega „af því bara“,“ segir Gunnar.**

**ÞAÐ ER ÓÞOLANDI FYRIR STÉTTINA AÐ ÞURFA AÐ OG LÚTA EINHVERJU YFIRVALDI SEM EKKI VIRÐIST SKILJA ÞÁ UPPLÝSINGASKYLDU SEM FJÖLMIÐLAR ÞURFA AÐ STANDA VÖRÐ UM FYRIR HÖND FÓLKSINS Í LANDINU.**

➡ sem kveður útilokað að slík mynd yrði tekin í dag.

„Nú orðið eru allar hafnir víggirtar og það er séð til þess að fjölmiðlar geti aldrei komist nálægt neinu svona. Þetta er ekkert óalgengt. Yfirvaldið hefur komið því svo fyrir að við getum varla nálgast flóttafólk í dag,“ bendir Gunnar á.

Þó að Gunnar skelli skuldinni á þróunina í þessum málum að miklu leyti á yfirvöld af ýmsu tagi telur hann fjölmiðlamenn sjálfa bera nokkra ábyrgð. Þeir hafa beygt af þeirri stefnu að vera á vettvangi.

„Fólk er ekki eins baráttuglatt og það var að ná í fréttirnar heldur lætur nægja að eitthvert yfirvald fóðri fjölmiðilinn á öllu.“

**Embættismenn í ritstjórastól**

„Ég veit ekki hver djöfullinn þetta er. Það er komin einhver ósýnileg hönd, sem hefur þann mátt að setjast í ritstjórnarstól og hefur komið því inn hjá fjölmiðlum að þeim komi hlutirnir ekkert við.“

Gunnar telur að staldra þurfi við og hugsa þessa hluti þannig að það sé skylt að fjölmiðlar hafi aðgang að vettvangi frétta enda geri menn kröfu til fjölmiðla um nákvæma frásögn af atburðum.

„Við erum fulltrúar fólksins og fólkið á heimtingu á að fá að fylgjast með glöggt með. Ég held að það sé það sem blaðamennska gengur út á. Það er óþolandi fyrir stéttina að þurfa að lúta einhverju yfirvaldi sem virðist ekki skilja þá upplýsingaskyldu sem fjölmiðlar þurfa að standa vörð um. Fagmennskan hlýtur að felast í því að við tökum verk okkar alvarlega,“ segir Gunnar V. Andrésson.



**Forsíðumynd Fréttablaðsins í dag sýnir hóp manna fylgjast í návígi með því þegar hraunið úr gosinu í Heimaey brýtur hús undir sig. Á þessari mynd er Gunnar kominn enn nær glóandi straumnum sem eirði engu sem fyrir varð.**

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ 1. OKTÓBER 2016 LAUGARDAGUR


Femarelle skiptir Valgerði miklu máli.


Selma Björk er mjög ánægð með áhrifin af Femarelle.


Eva Ólöf er hressari þegar hún notar Femarelle.

# BETRI STJÓRN – BETRA JAFNVÆGI

**Icecare kynnir** Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Hormónalaus lausn fyrir mismunandi stig tíðahvarfa. Tvær nýjar Femarelle vörur eru nú komnar á markað. Þær Selma, Valgerður og Eva mæla með Femarelle.

Virkni Femarelle hefur verið staðfest með fjölda rannsókna á undanförnum árum. Nú hefur Femarelle verið gert enn betra og bætt í það B6-vítamíni. Þrjár vörur eru nú í Femarelle línunni, Femarelle Rejuvenate sem hentar konum fyrir tíðahvörf, Femarelle Recharge sem veitir stjórn yfir tíðahvörfunum á öruggan og áhrifaríkan hátt og Femarelle Unstoppable sem hjálpar konum eftir tíðahvörf að viðhalda eðlilegum lífsstíl og lífsþrótti eftir því sem árin færast yfir.

### VERTU ÞÚ SJÁLF Á NÝ

Samsetning Femarelle Rejuvenate hentar best til að mæta þörfum kvenna 40 ára og eldri til að vinna á einkennum forstigs tíðahvarfa. Það inniheldur hörfræjaextrakt sem stuðlar að eðlilegri líðan þegar kemur að tíðahvörfum og bíótín sem hjálpar konum að halda eðlilegu andlegu jafnvægi. B2-vítamín og bíótín (B7) stuðla að viðhaldi eðlilegs hárs og húðar og eðlilegum efnaskiptum ásamt eðlilegri sálfræðilegri starfsemi og minni þreytu og sleni.

### TAKTU STJÓRN Á LÍKAMANUM

Femarelle Recharge hefur áhrif á þau einkenni sem konur þjást af á meðan á tíðahvörfum stendur. Femarelle Recharge er sama vara og upprunalega Femarelle að viðbættu B6-vítamíni en það magnar þau áhrif sem Femarelle hefur. Femarelle Recharge inniheldur hörfræjaextrakt sem hjálpar konum á aldrinum fimmtíu ára og eldri til að taka stjórnina á einkennum tíðahvarfa á öruggan og áhrifaríkan hátt.

### SIGRAÐU FRAMTÍÐINA

Femarelle Unstoppable hjálpar konum að halda aftur af einkennum í kjölfar tíðahvarfa. Það inniheldur kalk og D-vítamín fyrir eðlilega starfsemi beina og vöðva ásamt B2 og B7 fyrir jafnvægi slímhúðar sem og að minnka þreytu og slen. Femarelle Unstoppable hjálpar konum á aldrinum sextíu ára og eldri að viðhalda kraftmiklum lífsstíl þegar árin færast yfir.

### GÓÐ REYNSLA AF FEMARELLE

Þær Eva Ólöf Hjaltadóttir, Selma Björk Grétarsdóttir og Valgerður Kummer Erlingsdóttir hafa allar góða reynslu af Femarelle. „Ég hef notað Femarelle um nokkurt skeið og finn það núna hve miklu máli það skipti fyrir mig að byrja á þessari snilldarvöru,“ segir Valgerður. Eva Ólöf tekur í sama streng og segir: „Ég er svo ánægð með Femarelle, ég er hressari af þeim og ég mæli með þeim við allar vinkonur mínar.“ Selmu Björk líður líka betur eftir að hún fór að nota Femarelle. „Ég er mjög ánægð með áhrifin af Femarelle, ég er í betra jafnvægi og er öruggari með sjálfa mig.“




**40+**
**FEMARELLE REJUVENATE**
- Minnkar skapsveiflur
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur teygjanleika húðar
- Viðheldur eðlilegu hári

**50+**
**FEMARELLE RECHARGE**
- Slær hratt á einkenni (hitakóf og nætursviti minnka)
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur kynhvöt
- Hefur engin áhrif á vef í brjóstum eða legi

**60+**
**FEMARELLE UNSTOPPABLE**
- Inniheldur kalsíum og D3-vítamín sem eru nauðsynleg til að styrkja bein að innan
- Stuðlar að heilbrigðri slímhúð legganga
- Eykur liðleika
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku sem stuðlar að sálfræðilegu jafnvægi

**BLEIKA SLAUFAN**

**200 krónur af hverjum seldum pakka af Femarelle í október munu renna til styrktar Bleiku slaufunni 2016.**

IceCare
Þín heilsa

**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR**
**Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is**

# SAFNA MEISTARATITLUM

Haustsýningar Kynjakatta verða haldnar í Reiðhöllinni í Grindavík um helgina. 124 kettir af tíu tegundum eru skráðir til leiks en þemað í ár er hrekkjavaka. Blaðamaður kynnti sér fyrirkomulagið og komst m.a. að því að hárlausu kettina þarf ekki síður að snyrta en þá hárprúðu. Eins þykir það bera vott um góðan ræktanda ef kettlingur sigrar foreldra sína.

**Vera Einarsdóttir**
vera@365.is



„Við erum með fjórar sýningar á ári. Tvær að hausti og tvær að vori en haustsýningarnar tvær verða haldnar í dag og á morgun. Í hvert sinni er valið þema og eru kattarbúrin skreytt eftir því. Við höfum verið með fiskaþema, fuglaþema, sjávarþema og glys og glamúr svo dæmi séu nefnd en í nú verða búrin skreytt í anda hrekkjavökunnar. Á fyrri sýningunni í dag ganga dómarar um og velja það búr sem þeim finnst skara fram úr og fær eigandi þess farandbikar að launum,“ segir Sigríður Rósa Snorradóttir, sýningarritari og auglýsingastjóri Kynjakatta.

### TAKA MIKIÐ MARK Á DÓMURM

Fyrirkomulagið báða keppnisdagana er eins en um er að ræða tvær aðskildar keppnir og ganga dýrin til ólíkra dómara hvorn dag fyrir sig. Keppni hefst klukkan níu og lýkur fjögur og liggja úrslit fyrir um klukkan fimm. „Hver eigandi kemur með köttinn sinn til dómara sem metur dýrið og gefur umsögn. Dómararnir eru þrír; Annette Sjödin frá Svíþjóð, Stephe Bruin frá Hollandi og Marteinn T. Tausen frá Íslandi en þeir eru allir með löggildingu frá FIFe, sem er stærsta kattaræktarfélag heims.

Félagið leggur þá skyldu á herðar dómara að þeir rökstyðji einkunnagjöf sína vel. „Ræktendur taka mikið mark á dómi þeirra. Þeir vilja vera framúrskarandi og líta flestir á athugasemdir sem tækifæri til úrbóta,“ segir Sigríður. „Segjum að þú sért með fallegt karldýr sem þykir þó með aðeins of stutt nef til að samsvara sér. Þá getur ræktandi valið læðu með lengra nef á móti og freistað þess að fá betri kettlinga, en það þykir til marks um góðan ræktanda ef kettlingur vinnur foreldra sína. Þá er hann að gera eitthvað rétt.“

Keppt er í nokkrum flokkum. „Við erum með kettlingaflokk sem er fyrir fjögurra til sjö mánaða, ungdýraflokk sem er fyrir sjö til níu mánaða og fullorðinsflokk sem er fyrir dýr sem eru tíu mánaða og eldri. „Svo erum við með ógelta fresskettti og ógeltar læður og geld fress og geldar læður ásamt sérstökum húskattaflokki en það eru einu kettirnir sem eru ekki sérstaklega ræktaðir. Húskattategundin á Íslandi þykir hins vegar mjög flott en hún líkist Original European Shorthair tegundinni sem er hin upprunalega húskattategund,“ útskýrir Sigríður.



Sigríður Rósa með Skessu Draupni af tegundinni Ragdoll. Hann er einn þeirra 124 katta sem tekur þátt í sýningunni um helgina og gæti orðið æðsti meistari ef allt gengur að óskum. MYNDIR/STEFÁN



Hér er Sigríður Rósa með Sólstafa Inferno sem er af tegundinni Maine Coon.

### ÓLÍKIR STAÐLAR

Það þykir viðeigandi að gæða sér á súpum á haustin. Þær eru matarmiklar og hita upp kroppinn á köldum dögum. Nú er tíminn fyrir kjarnmiklar og vermandi súpur. Þegar kólna fer úti er gott að koma inn í hlýjuna og elda matarmikla og holla súpu og baka gott brauð til að hafa með. Gulróta-kókossúpa og frönsk lauksúpa eru ljúffengar súpur sem frekar auðvelt er að búa til. Uppskriftir að þeim voru teknar af síðunni Bon appétit.



Klassísk lauksúpa klikkar ekki.

## FRÖNSK LAUKSÚPA

**fyrir 8**

Það er lykilatriði við gerð þessarar súpu til að bragðið verði sem best að flýta sér ekki að brúna laukinn.

**4 msk. ósaltað smjör**
**6 stórir laukar, skornir í þunnar sneiðar**
**2 stórir skalottlaukar, fínt saxaðir**
**2 hvítlauksgeirar, fínt saxaðir**
**Salt og pipar**
**½ bolli þurr vermút eða þurrt hvítvín**
**1 msk. hvítvínsedik**
**4 greinar af steinselju**
**2 greinar af timían**
**1 lárviðarlauf**
**8 bollar kjúklinga- eða grænmetissoð**
**8 þykkar sneiðar af góðu, ristuðu brauði**
**250 g af Comté- eða Gruyére-osti**

Bræðið smjör í stórum potti á meðalhita. Bætið við lauk, skalottlauk og hvítlauk. Kryddið með salti og pipar og eldið þar til laukurinn er orðinn mjúkur og dökkbrúnn, hrærið í við og við, tekur rúman klukkutíma. Bætið í vermút og ediki. Látið suðuna koma upp, minnkið hitann og látið malla þar til vökvinn hefur minnkað, í um þrjár mínútur. Bindið saman í knippi steinselju, timían, og lárviðarlauf og setjið ásamt soði út í pottinn. Látið suðuna koma aftur upp, minnkið hitann og látið malla á meðan hrært er í við og við þar til vökvinn passar í um átta bolla, í 35 til 40 mínútur, losið þá um knippið.

Hitið ofninn í 240°C. Setjið átta skálar sem þola að fara í ofn á bökunarplötu. Hellið súpunni jafnt í skálarnar og leggið ristuðu brauðsneiðarnar ofan í hverja skál (skerið þær til ef þarf) og ostinn ofan á þær.

Bakið þar til osturinn er orðinn gylltur, í um sex til átta mínútur, og berið fram.








Gómsæt gulróta-kókossúpa yljar á köldum haustdögum.

## GULRÓTA-KÓKOSSÚPA

**fyrir 4**

Gott er setja chili-sósu á borðið fyrir þá sem vilja hafa súpuna sérstaklega sterka, kókosbragðið jafnar út sterka bragðið.

**¼ bolli ósaltað smjör**
**500 g gulrætur, skrældar og saxaðar**
**1 miðlungsstór laukur, saxaður**
**Salt og pipar**
**2 bollar kjúklingasoð**
**400 ml ósæt kókosmjólk**
**2 msk. taílensk chili-sósa**
**Fersk kóríanderblöð (til skreytingar)**

Bræðið smjör í stórum potti á meðalhita. Bætið við gulrótum og lauk, kryddið með salti og pipar og eldið þar til gulræturnar eru orðnar mjúkar, í um það bil fimmtán til tuttugu mínútur, hrærið reglulega í pottinum á meðan.

Bætið við soði, kókosmjólk og tveimur matskeiðum af chili-sósu. Látið suðuna koma upp, lækkið hitann og látið malla þar til grænmetið er orðið mjög mjúkt og vökvinn hefur minnkað, í um 45 mínútur, hrærið í við og við.

Látið súpuna kólna lítið eitt og blandið hana svo vel með töfrasprota (eða í blandara) þar til hún er orðin mjúk. Hitið hana aftur í potti og þynnið hana að vild með vatni, kryddið til með salti og pipar. Hellið súpunni í skálar, hellið örlitlu af chili-sósu yfir og toppið með kóríander.

# HALTU RÓ OG EINBEITINGU

**Icecare kynnir** No Stress er nýtt fæðubótarefni sem hratt og örugglega gefur þöndum taugum vítamínskot. Haltu einbeitingunni og öllum boltunum sem þú þarft að halda á lofti.

Þú ert ekki ein(n) um að upplifa hjálparleysi og þreytu. Óhamingjan og sinnuleysið sem streita daglegs lífs veldur getur ógnað starfi þínu, samböndum og heilsu. Sænska jurtafyrirtækið New Nordic kynnir fæðubótarefni sem inniheldur jurtir eins og lavender sem hjálpa til við að viðhalda eðlilegri ró sem og joð og C-vítamín sem hjálpa til við að viðhalda eðlilegri hugrænni starfsemi ásamt því að slá á slen og þreytu. Of miklar væntingar frá mörgum, of mikil ábyrgð og of lítill svefn eru allt algengir streituvaldar.



No Stress inniheldur jurtir eins og lavender sem hjálpa til við að viðhalda eðlilegri ró sem og joð og C-vítamín sem hjálpa til við að viðhalda eðlilegri hugrænni starfsemi ásamt því að slá á slen og þreytu.

Týpískt merki um streitu er að þurfa alltaf að vera að. Tilfinningar eru gjarnan ýktar og þér finnst þú stöðugt þurfa að vera að gera eitthvað áríðandi. Oft fylgir því orkuleysi. Allt þetta getur svo leitt til vonleysis og leiða.




No Stress inniheldur lavender sem á þátt í að auka slökun og stuðla að eðlilegum svefni. Pantothenic sýra og L-theanin í grænu tei ýta undir eðlilega andlega starfsemi og hjálpa meðal annars með einbeitingu.

Joð leggur sitt af mörkum til að viðhalda eðlilegri hugrænni starfsemi sem er afar mikilvægur þáttur í andlegri hæfni. Magnesíum og C-vítamín ýta undir eðlilega andlega hæfni, eðlilega starfsemi taugakerfisins og eðlileg orkugæf efnaskipti ásamt því að draga úr líkum á orku- og þróttleysi. C-vítamín og ríbóflavín eru andoxunarefni sem hjálpa til við að verja frumur fyrir oxandi áhrifum streitu.

Gerðu No Stress töflurnar að hluta af daglegri rútínu og taktu tvær töflur á dag til að auka líkurnar á að þú getir mætt deginum með meiri yfirvegun.

# GOTT FYRIR INNRA EYRA

Vita Ear fæðubótarefnið er ætlað til að viðhalda heyrninni. Óþægindi vegna heyrnar og/eða heyrnartap geta haft áhrif á lífsgæðin.

New Nordic hefur þróað byltingarkennt fæðubótarefni með jurtaefnum sem unnin eru úr gingko biloba sem hjálpar til við að viðhalda heyrn, berki franskra barrtrjáa sem hjálpa til við að viðhalda góðri háræðablóðrás og magnesíum sem hjálpar til við að viðhalda eðlilegri starfsemi taugakerfisins svo sem boðflutningi, móttöku og úrvinnslu skynupplýsinga (taugaboða). Fullorðnir einstaklingar á öllum aldri mega nota fæðubótarefnið. Sífellt fleiri þurfa að gripa til ráðstafana gegn heyrnartapi sem getur hægt verulega á lífsstílnum og minnkað gleðina í lífinu. Það gera þeir með því að taka Vita EarTM fæðubótarefnið.




### EKKI GALDRAR HELDUR HREIN VÍSINDI

Með rannsóknum á magnesíuminntöku starfsmanna í flugher Bandaríkjanna sem eru stöðugt í miklum hávaða hafa vísindamenn komist nær því að uppgötva leyndardóma magnesíums. Í innra eyranu eru þúsundir örsmárra hára sem tengjast skynfrumum. Vísindamenn hafa uppgötvað tengsl milli rafvakajafnvægis (electrolyte balance) og heyrnar. Rafvakaójafnvægi hefur neikvæð áhrif á getu skynfruma innra eyrans til að nema hljóðbylgjur. Magnesíum er rafvaki og ef það skortir í fæðunni leiðir það til rafvakaójafnvægis í líkamanum. Magnesíumið í Vita EarTM viðheldur eðlilegu jafnvægi rafvaka í líkamanum.

### SKORTIR ÞIG MAGNESÍUM?

Með aldrinum minnkar magnesíummagn líkamans vanalega. Geta líkamans til að taka upp magnesíum úr fæðunni minnkar. Fæða okkar hefur sömuleiðis mikil áhrif á magnesíumbúskap líkamans. Til dæmis gengur fosfórsýra sem notuð er í marga gosdrykki á magnesíum í líkamanum. Neysla áfengis minnkar sömuleiðis magnesíumupptöku líkamans.

# SVEFNTRUFLANIR ÚR SÖGUNNI

**Icecare kynnir** Svefntruflanir geta stuðlað að vanlíðan. Melissa Dream eru vísindalega samsettar vörur sem aðstoða fólk við að sofa betur og vakna endurnærðara. Elsa Ásgeirsdóttir mælir með Melissa Dream.

Við búum í hröðu og erilsömu samfélagi sem veldur því að svefntruflanir eru gríðarlega algengar. Sigríður Geirsdóttir er fimmtug kona í krefjandi stjórnunarstarfi og hefur átt við svefnvandamál að stríða af og til undanfarin tíu ár. „Svefnvandamálið lýsir sér þannig að ég næ ekki að „slökkva á mér“ á kvöldin, heilinn fer á fullt að hugsa um næstu vinnudaga og ég næ ekki að slaka nægilega á til að sofna. Fyrir nokkrum árum fékk ég vægt svefnlyf hjá lækni sem hjálpaði mér en ég var aldrei hrifin af því að taka svefnlyf að staðaldri. Lyfin fóru einnig illa í mig, til dæmis vaknaði ég á morgnana með hálfgerða timburmenn, en þá líðan tengdi ég beint við notkun svefnlyfja. Fyrir nokkru var mér ráðlagt að prófa Melissa Dream og hentar það mér mun betur en svefnlyfin,“ segir Sigríður. „Eftir að ég fór að nota Melissa Dream þá næ ég að slaka á og festa svefn. Ég sef eins og ungbarn og er hress morguninn eftir. Einnig hefur Melissa Dream hjálpað mér mikið vegna pirrings í fótum sem angraði mig oft á kvöldin. Það er líka góð tilfinning að notast við náttúruleg lyf ef þess gerist kostur.“

### SOFÐU BETUR MEÐ MELISSA DREAM

- Vísindalega samsettar náttúruvörur.
- Aðstoða þig við að sofa betur og vakna endurnærð/ur.
- Innihalda ekki sljóvgandi efni.
- Innihalda náttúrulegu amínósýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun.
- Innihalda B-vítamín sem stuðlar að eðlilegri taugastarfsemi.
- Innihalda mikið magnesíum, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur þar með úr óþægindum í fótum og handleggjum.




### EKKERT HEFUR REYNST EINS VEL

„Ég hafði verið í vandræðum með svefn og slökun í töluverðan tíma,“ segir Elsa Ásgeirsdóttir, klæðskeri og hönnuður. „Ég náði alltaf að sofna en náði ekki að sofa alla nóttina.“ Elsa las sér til um Melissa Dream-töflurnar eftir að hún sá þær auglýstar og ákvað að prófa. „Mér leist vel á þær þar sem þetta er náttúruleg lausn, mér líkar það vel. Það sem er líka gott við Melissu er að nú heyrir fótapirringur sögunni til en ég átti það til að vera slæm af fótapirringi þegar ég var komin í háttinn. Ég hef prófað mjög margt til að ná að hvílast og sofna en ekkert annað hefur reynst mér svona vel. Þetta er það eina sem hefur hjálpað mér hingað til!“



**Elsa hefur prófað margt til að ná að hvílast og sofna en Melissa Dream-töflurnar eru það eina sem hefur virkað hingað til.** MYND/GVA

# MINNI SYKURÞÖRF

Amínó® Létt er seðjandi blanda sem auðveldar þyngdarstjórnun og finnst Guðrúnu Lilju það virka afar vel fyrir sig.

Amínó® Liðir, Amínó® Létt og Amínó® 100% eru nýjar vörur úr fiskprótíni sem var þróað og unnið hjá Iceprotein, íslensku sprotafyrirtæki á Sauðárkróki. Amínó® vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda þorskprótín, ásamt öðrum lífvirkum efnum sem styðja við eða auka heilsubætandi virkni þorskpeptíða.

Auk fiskprótíns inniheldur Amínó® Létt glúkómannan sem er þekkt fyrir einstaka hæfileika til að auka umfang sitt í meltingarveginum og auka þannig seddutilfinningu og seinka tæmingu magans. Það hefur verið staðfest í klínískum rannsóknum að glúkómannan stuðli að þyngdartapi sé það tekið inn sem hluti af orkusnauðu mataræði. Einnig inniheldur Amínó® Létt króm-pikkólínat. Króm er nauðsynlegt fyrir orkubúskap líkamans vegna hlutverks þess í efnaskiptum glúkósa. Krómpikkólínat stuðlar að eðlilegum efnaskiptum orkugefandi næringarefna (e. macronutrient) og er talið minnka sykurlöngun.




Guðrún Lilja Hermannsdóttir segist hafa átt erfitt með að létta sig, sama hvað hún reyndi. Henni finnst Amínó® Létt hafa hjálpað sér við að vera saddari og borða þar af leiðandi minna, þökk sé glúkómannan. „Ég er mjög ánægð með Amínó® Létt, finn mikinn mun á mér og langar til að nota það áfram. Ég hef alltaf verið með mikið uppþembdan maga en það hefur lagast mikið eftir að ég byrjaði á töflunum auk þess sem ég hef losnað við nokkur kíló. Matarlystin hefur minnkað, sem og sykurlöngun, meltingin er betri, ég borða reglulegar og er ekki að fá mér eitthvert nasl á kvöldin. Ég mæli því heils hugar með Amínó® Létt.“ segir Guðrún Lilja.



**„Ég er mjög ánægð með Amínó® Létt, finn mikinn mun á mér og langar til að nota það áfram,“ segir Guðrún Lilja Hermannsdóttir.** MYND/VILHELM

**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR** Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is

IceCare Þín heilsa

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**

285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óska eftir íbúð á höfuðborgarsvæðinu til 1. nóv. Reglusemi hetið. Upplýsingar í s. 6113868

40 ára, reglusamur maður í fastri vinnu leitar að stúdíóíbúð á höfuðb. sv. s: 8614478

## Sumarbústaðir



Útvegum efni í hágæða-timburhús frá Finnlandi. Sumarhús - einbýlishús. Fjölbreytt úrval - gott verð.

Upplýsingar hjá **ghalldor@simnet.is**

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu snyrtilegt 190fm iðnaðarhúsnæði lofthæð 280 á Smiðjuvegi. Uppl. í s. 896 0551

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði



**MATREIÐSLUNEMI OG ÞJÓNUSTUFÓLK**

Óskum eftir að ráða starfsfólk í sal. Kvöld og helgarvinna einnig getum við bætt við okkur nema í matreiðslu. Umsóknir sendist á 3frakkar@3frakkar.is

**BÍLSTJÓRI**

Bjössi ehf óskar eftir vörubílstjóra á 4 öxla vörubíl og á dráttarbíl. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Uppl. í s. 696 6676 Bjössi & 899 8201 Skúli eða bjossi@bjossi.is**

**LÍTIÐ TRÉSMÍÐAVERKSTÆÐI**

**Í HAFNARFIRÐI VANTAR SMIÐ**

Óskum eftir að ráða vanann trésmið á verkstæði. Þarf að geta unnið sjálfstætt. Vera hress og góður í samskiptum. Vera vanur spónlagningu, sprautun, uppsetningu og fl. Verkstæðið er staðsett í Hafnarfirði.

Áhugasamir sendi umsókn á ikinnrettingar@gmail.com

GINGER

**KVÖLD-OG HELGARVINNA:**

Ginger óskar eftir starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. Ef þú ert orðin 18 ára, reyklaus og vilt vinna á góðum og skemmtilegum stað sendu ferilskrá á brynja@ginger.is eða hafðu samband í síma 780-1980

Vantar vana pappalagningamenn eða byggingaverkamenn. Uppl. í s. 896 4947 & 869 6442. Hamraborg ehf

Duglegan sölurmann vantar á laugardögum til að selja húsgagnalager og fl. í Skútuvogi. Netkunnátta æskileg. Sími 66 45 900

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
vissir þú að...
Ófbeldisfullir tölvuleikir hafa áhrif á börn.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



**GIFTINGARHRINGS SAKNAÐ**

Týndist á ferðalagi um Suðaustur- og Austurland milli 22. og 31. ágúst 2015. Mögulega í sturtum/búningsklefum fyrir heita potta eða á gistiheimili. Hringurinn (smíðaður úr fjórum minni hringjum, 3 úr silfri og 1 úr gulli) tilheyrði karlmanni sem lést í fjallgöngu nálægt Seyðisfirði í september árið 2015. Hringurinn er ekkjunni mikils virði.

Fundarlaun. Hafið samband við Jón Bjarna í síma 6636817

## Fundir

**AÐALFUNDUR KATTAVINAFÉLAGS ÍSLANDS VERÐUR HALDINN Í KATTHOLTI, STANGARHYL 2, REYKJAVÍK, FIMMTUDAGINN 13. OKTÓBER 2016 KL. 20:00**

1. Venjuleg aðalfundarstörf

2. Lagabreyting

3. Önnur mál

Kaffiveitingar

Félagar hvattir til að mæta.

**Stjórnin**

## Tilkynningar



**TINNA ER TÝND/ TINNA IS LOST !**

Tinna er mjög nett kisa með neon græna ól. Fór að heiman 29.ág. sl frá Njálsgötu. Ef einhver hefur séð þessa kisu í 101 þá vinsamlega hafið samband í síma 823-9292.

## Einkamál

**SÍMADÖMUR 908 1666**

Við erum mjög heitar, langar til að heyra í þér. 100% trúnaður.




## skemmtanir




Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

**Leikir helgarinnar:**

**Laugardaginn 1. okt**

11:20 Swansea City - Liverpool
13:50 Hull City - Chelsea

**Sunnudaginn 2. okt**

10:50 Man. United - Stoke City
13:05 Tottenham - Man. City
15:20 Burnley - Arsenal
16:40 Leicester City - Southampton

**Hljómsveitin AMIGOS**




Arnar Freyr,
Jón Borgar,
Jón Kjartan og
Jóhann Ingvason
spila um helgina.

Gullnáman

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn



# Til hamingju Essensia!











## Við óskum eigendum og starfsfólki Essensia til hamingju með stórglæsilegan og spennandi veitingastað að Hverfisgötu 6.

Það er hinn margverðlaunaði matreiðslumeistari Hákon Már Örvarsson sem er maðurinn á bak við Essensia. Staðurinn er með ítölsku þema og býður meðal annars upp á ítalskar skinkur, pizzur, ferskt pasta, fiskrétti, lambaskanka, steikur, ásamt úrvali kokteila svo eitthvað sé nefnt.




OLITALIA

COSTA GROUP

ÓJ&K 110 ára 1906-2016
Ó. Johnson & Kaaber ehf

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

SD GOURMET
Sælkeradreifing

**Framkvæmd og hönnun annaðist Stóreldhús í samvinnu við Costagroup á Ítalíu og eigendur Essensia**

# Bera bragð villtrar náttúru

Gæsaveiðitímabilið stendur sem hæst og eftir fréttum að dæma hafa skotveiðimenn verið fengsælir þetta haustið svo margir eiga fuglakjöt í forðabúri sínu. Þar sem gæsirnar hafa lifað á berjum og öðru kjarnmeti ber kjöt þeirra bragð úr villtri náttúru.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



„Ég geri dálítið af því að veiða, bæði á stöng og með byssu. Það sem heillar mig mest við það er að vera með í öllu ferlinu þar til veiðin er komin á disk,“ segir Steinar Sveinsson, yfirkokkur á Mat og drykk á Grandagarði. Sá staður er þekktur fyrir að nýta íslenskt hráefni sem mest.

Steinar greip fugl úr eigin afla og gróf bringurnar sem hér birtast á mynd ofan á stökkum flatkökum með sýrðum villisveppum og hvannarkapersi.

„Gæsabringur eru flott hráefni, en þær eru misjafnlega seigar eftir aldri fuglanna. Besta trikkið í bókinni er að skera þær í þunnar sneiðar. Það er líka betra að grafa þær en steikja ef maður er ekki klár á aldrinum,“ segir hann. „Þessar bringur gróf ég á hefðbundinn hátt í salti og sykri við stofuhita í nokkra klukkutíma. Síðan skolaði ég þær og velti þeim upp úr hjúp, þannig kemur kryddbragðið. Þá er gott að setja þær í augnablik inn í kæli og svo eru þær tilbúnar til niðurskurðar.“

Hann vekur athygli á að sýrðu villisveppirnir sem eru ofan á gæsasnittunum þurfi að liggja í leginum í kæliskáp í sólarhring og hvannarkapersið þurfi einn til tvo sólarhringa við stofuhita til að ná rétta bragðinu.

Steinar kveðst hafa farið í veiðiferð um daginn en séð lítið af fugli. „Þá tíndi ég bara lerkisveppi og bláber í staðinn,“ lýsir hann. „Þurrkaðir íslenskir villisveppir eru alveg frábærir.“

> GÆSABRINGUR ERU FLOTT HRÁEFNI, EN ÞÆR ERU MISJAFNLEGA SEIGAR EFTIR ALDRI FUGLANNA. BESTA TRIKKIÐ Í BÓKINNI ER AÐ SKERA ÞÆR Í ÞUNNAR SNEIÐAR.



Steinar yfirkokkur á Mat og drykk nostrar við snitturnar

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## GRAFNAR GÆSABRINGUR Á STÖKKUM FLATKÖKUM

með sýrðum villisveppum og hvannarkapersi

### Grafin gæs

**2 stk. gæsabringur**
**100 g gróft salt**
**50 g sykur**
**10 g stjörnuanís**
**10 g fennelfræ**
**20 g þurrkaðir villisveppir** *(lerkisveppir, furusveppir, kantarellur eða aðrir íslenskir sveppir)*

Snyrtið gæsabringurnar og veltið þeim upp úr saltinu og sykrinum. Látið þær standa við stofuhita í fjórar til fimm klukkustundir.

Setjið þurrkryddin í matvinnsluvél og vinnið þau í gróft duft. Skolið gæsabringurnar vel og veltið þeim upp úr þurrkryddunum. Setjið þær í kæli um stund og skerið í þunnar sneiðar.

### Piparrótasósa

**180 g sýrður rjómi 36%**
**15 g piparrót**
**10 g hunang**
**½ sítróna**

Rífið niður piparrótina með rifjárni ásamt berki af hálfri sítrónu. Blandið öllu saman í skál og smakkið til með salti.

### Stökk flatkaka

**200 ml mjólk**
**10 g hvannarfræ** *(fást í heilsubúðum)*
**150 g hveiti**
**100 g bygg**
**50 g rúgmjöl**
**10 g lyftiduft**
**5 g salt**

Setjið hvannarfræin í mjólkina og látið þau standa í 20 til 30 mínútur. Vinnið byggið, mjólkina og hvannarfræin vel saman í matvinnsluvél.

Hrærið svo hveiti, rúgmjöl, lyftiduft og salt saman í hrærivél með króki. Bætið blautefnunum við og hnoðið saman í deig. Skiptið deiginu í litlar kúlur, rúllið þær út með kökukefli á hveitistráðu borði í eins þunnar flatkökur eins og hægt er. Hitið þurra pönnu í botn og bakið flatkökurnar á báðum hliðum þar til þær verða stökkar.



### Hvannarkapers

**100 g hvannarfræ**
**100 g gróft salt**

Blandið hvannarfræjum og salti vel saman og setjið í krukku. Látið standa við stofuhita í einn til tvo sólahringa.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Sýrðir villisveppir

**200 g villisveppir** *(Lerkisveppir, furusveppir, kantarellur eða aðrir íslenskir sveppir)*
**200 ml vatn**
**150 ml eplaedik**
**100 g sykur**
**10 g blóðberg**

Setjið vatn, edik, sykur og blóðberg í pott og fáið suðuna upp. Hellið heitum leginum yfir sveppina. Látið standa inni í kæli í minnst sólahring.

# DORMA

Láttu drauminn rætast

# Við eigum afmæli og nú er veisla






Þú finnur afmælisbæklinginn okkar á www.dorma.is




Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

## NATURE'S SURPREME heilsurúm

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar pr. m²
- Vandaðar kantstyrkingar

Nature's Surpreme heilsudýna með Classic botni.
Stærð: 180x200 cm.

**Fullt verð: 164.900 kr.**

Aðeins **129.900 kr.**



## OSLO rúmgafl

Rúmgafl fæst í stærðunum: 120, 140, 160, 180 cm. í mismundandi áklæði. Verð að neðan miðað við rúmbreidd 120 cm.

**Fullt verð: 39.900 kr.**

Aðeins **31.920 kr.**

## HELSINKI rúmgafl

Rúmgafl fæst í svörtu PU leðri, hvítu og í gráu áklæði. Stærðir: 120, 140, 160, 180 cm. Verð að neðan miðað við rúmbreidd 120 cm.

**Fullt verð: 39.900 kr.**



Aðeins **31.920 kr.**

## PURE COMFORT

Fibersæng & fiberkoddi

PURE COMFORT **koddi**
Fullt verð: 3.900 kr.
**Aðeins kr. 1.900 kr.**

PURE COMFORT **sæng**
Fullt verð: 9.900 kr.
**Aðeins kr. 5.900 kr.**



TVENNU-
**TILBOÐ**

**Sæng + koddi**

Aðeins **7.800 kr.**

## NATURE'S REST heilsurúm

Nature's Rest heilsudýna með botni.
Stærð: 160x200 cm.

**Fullt verð: 99.900 kr.**

Nature's Bedding

Aðeins **79.920 kr.**



Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

AFMÆLIS-
**TILBOÐ**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 12-16 (Smáratorg)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

DORMA
Láttu drauminn rætast



Lárus Sigurður Lárusson og Sævar Þór Jónsson með sex ára gömlum syni sínum sem þeir ættleiddu þriggja ára gamlan.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Brjóta staðalmyndir

**Hjónin Lárus Sigurður Lárusson og Sævar Þór Jónsson vinna saman á lögfræðistofu og sitja báðir á lista Framsóknarflokksins fyrir komandi þingkosningar. Þeir mæta oft fordómum og ryðja í burtu gömlum staðalímyndum, í lögmennsku, í stjórnmálum og í foreldrahlutverkinu.**




Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is


Lögmennirnir Sævar Þór Jónsson og Lárus Sigurður Lárusson hafa búið sér fallegt heimili í Laugarneshverfinu þangað sem þeir bjóða blaðamanni í heimsókn. Húsið er æskuheimili Sævars. Það er virðulegt og því hefur verið vel við haldið. Gamalt og nýtt kallast á, þeir hafa reynt að halda í auðkenni hússins sem Sævar er alinn upp í en á sama tíma reynt að setja sitt eigið mark á heimilið.

Í sófa í bókastofu hússins situr sex ára sonur þeirra og leikur sér. Hann er spenntur yfir nýhafinni skólagöngu og segist vera að læra að lesa.

Sævar segir það sérstaka tilfinningu að endurupplifa æskuárin í gegnum son sinn. „Þegar ég fylgi syni mínum í skólann sem ég gekk sjálfur í þegar ég var lítill þá finnst mér ég vera orðinn svolítið gamall. Svo býr hann hér í sama húsi og ég gerði sem lítill strákur, það eru sérstakar tilfinningar sem fylgja því,“ segir hann.

**Sterk bönd**

Það hefur vakið athygli að þeir eru giftir og sitja hlið við hlið á lista Framsóknarflokksins í Reykjavíkurkjördæmi norður fyrir komandi þingkosningar. Þeir starfa líka saman á lögmannsstofu. Þeir segjast aðspurðir hafa bundist sterkum böndum allt frá fyrstu kynnum og örlögin hafi hagað því þannig að þeir hafi unnið saman að verkefnum sínum.

„Við kynntumst árið 2003 á bar í Reykjavík og fórum að vera saman mjög fljótlega. Ég var á fyrsta ári í lögfræði og Lárus nýútskrifaður óperusöngvari frá Söngskólanum í Reykjavík. Ef að við hefðum ekki orðið ástfangnir þá finnst mér allt eins líklegt að Lárus hefði farið út til Þýskalands að sinna óperusöng en örlögin höguðu því öðruvísi,“ segir Sævar frá.

„Það er rétt, ég ákvað að fara í lögfræði í stað þess að taka stóra stökkið í óperusöng. Ég hafði gluggað í bækurnar hjá honum og ákvað að láta slag standa. Við fylgdumst svo að í náminu,“ segir Lárus.

Sævar segir þá alltaf hafa verið gott teymi. „Við höfum í rauninni alltaf unnið saman. Í laganáminu studdum við hvor annan. Við vorum líka alltaf að vinna með námi og aðstoða hvor annan í því. Eftir útskrift förum við á sitthvorn vinnustaðinn,“ segir hann og segir örlögin hafa ýtt þeim saman í vinnu á ný.

> ÞEGAR ÉG VAR Í MR OG KOM ÚT ÚR SKÁPNUM MEÐ MÍNA KYNHNEIGÐ ÞÁ VAR ÞAÐ ALLT FÍNT OG EÐLILEGT. EN SVO ÞEGAR ÉG SAGÐI ÞEIM AÐ ÉG VÆRI FRAMSÓKNARMAÐUR ÞÁ FYRST KOM ÁFALLIÐ.

Sævar fór til starfa hjá Skattstjóranum í Reykjavík á meðan Lárus starfaði hjá Samkeppniseftirlitinu og hjá Persónuvernd.

„Eftir hrunið var mér sjálfkrafa ýtt úr starfi hjá skattstjóra. Mér hugnuðust ekki breytingar á skattframkvæmd, þegar tíu stofnanir skattyfirvalda voru sameinaðar í eina stofnun. Tíminn til undirbúnings var mjög skammur og ég var ósammála því hvernig þetta var unnið,“ segir Sævar sem sagði starfi sínu lausu, tók málflutningsréttindi og skipti um kúrs.

„Í gegnum stjórnmálin kynntist ég svo lögmanni sem stofnaði með mér stofuna Lagarök. Lárus hvatti mig til dáða og ég hef verið í lögmennsku frá árinu 2009 og nú hjá Lögmönnum Sundagörðum,“ segir Sævar.

Lárus bættist í hóp lögmanna á stofunni á síðasta ári.

„Það voru svo mikil umsvif og ég þurfti stuðning. Lárus vildi breyta til og kom til mín á stofuna. Mér fannst ég orðinn hálfgert eyland þarna á stofunni og var alltaf að vinna. Þetta gengur betur með Lárus mér við hlið. Það er svo mikill styrkur í því að makinn sé inni í því sem maður er að fást við,“ segir Sævar.

**Barist fyrir sínu**

Þeir segjast ólíkir. „Sævar er mun ákveðnari en ég. Hann er röggsamur og keyrir hlutina áfram. Ég er rólegri.. Við bætum hvor annan upp í vinnunni. Hann getur kýlt allt áfram og mig áfram,“ segir Lárus.

„En við eigum það sameiginlegt að við höfum alltaf þurft að sanna okkur og brjóta okkur veg í menntun. Við erum báðir komnir af verkafólki og höfum þurft að vinna allt af eigin rammleik. Kosta eigið nám, vinna með námi til að halda okkur gangandi,“ segir Lárus sem er alinn upp í Fellahverfinu í Breiðholti.

„Ég er úr Fellahverfinu eins og Lilja Alfreðsdóttir. Hún er þremur árum eldri en ég og tók á móti mér í MR. Það eru svo fáir sem koma úr Fellaskóla í MR að um leið og maður kom þangað þá tók hún bara á móti manni,“ segir hann og hlær.

Lárus kom út úr skápnum þegar hann var í MR. Á svipuðum tíma fór hann að taka þátt í stjórnmálastarfi með Framsóknarflokknum. Hann segir í gamni félagana hafa átt erfiðara með að sætta sig við að eiga vin í Framsóknarflokknum en að hann væri samkynhneigður.

„Þegar ég var í MR og kom út úr skápnum með mína kynhneigð þá var það allt fínt og eðlilegt. En svo þegar ég sagði þeim að ég væri Framsóknarmaður þá fyrst kom áfallið,“ segir hann og brosir við. „Það var miklu erfiðara að sætta sig við það að eiga vin sem var Framsóknarmaður.“

**Feimnismál að vera í Framsókn**

Lárus hefur verið virkur í flokknum frá unglingsárum. „Ég hef tekið þátt í nokkrum deildum innan flokksins. Manni fer að þykja vænt um samtök sem maður er í. Framsóknarflokkurinn er hugsjónsamtök fyrir fólk með svipaðar hugsjónir. Þá yfirgefur maður það ekkert þótt á móti blási. Þá leggur maður frekar eitthvað til starfsins.

Það er gamaldags og hallærislegt, en mér finnst samvinnuhugsjónin heillandi. Að pólitíkin sé samvinnuverkefni með hagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi. Það er ný áhersla í pólitíkinni í dag, sem kemur með nýju fólki að líta ekki á þetta sem flokkslínuátök, það er held ég að sé framtíðin.


BORGARSTJÓRINN
eftir Jón Gnarr
KFC
SVOOO
Lykill
HEFST 16. OKTÓBER
Rvk.
STUDIOS

Ég hef verið í Framsóknarflokknum í meira en 20 ár. Það liggur við að það hafi stundum verið feimnismál að vera í Framsóknarflokknum og oft verið mjög erfitt,“ segir hann.

Sævar er nýr á vettvangi stjórnmálanna og segir eins og Lárus að það hafi komið mörgum rækilega á óvart að hann valdi Framsóknarflokkinn. „Það kom mjög mörgum á óvart að ég væri í Framsóknarflokknum, það gerðu margir ráð fyrir því að ég væri blákalt íhald,“ segir hann.

„Það fylgir starfinu,“ skýtur Lárus inn í og hlær.

„Lárus hvatti mig til að fara í pólitík,“ segir Sævar frá. „Þó að það sé klisjukennt, þá held ég að það eigi allir að gefa af sér til samfélagsins með því að taka þátt í stjórnmálum að minnsta kosti einu sinni á lífsleiðinni, þótt það verði ekki að ævistarfi.

Ég hef því miður í mínu starfi mikla reynslu af málum sem snúa að húsnæðismálum og skuldamálum einstaklinga og fyrirtækja og það situr mjög mikið í mér hvað fólk þarf að færa miklar fórnir til þess að eignast þak yfir höfuðið í okkar þjóðfélagi. Húsnæðismarkaðurinn er í lamasessi. Mér hefur fundist Framsóknarflokkurinn hafa gengið hvað lengst af þeim flokkum sem eru í framboði til að reyna að rétta hlut fólks á húsnæðismarkaði. Ég vil verðtrygginguna burt og burt með okurvexti á húsnæðislánum. Ég er með þetta svolítið á heilanum. Ég fann mér þann farveg í Framsóknarflokknum,“ segir Sævar um metnað sinn.

### Eru hommarnir ekki þar?

Sævar segir hann og Lárus ekki hafa þá ímynd sem fólk búi sér til af samkynhneigðum karlmönnum. „Við erum alltaf að brjóta staðalímyndirnar, við Lárus. Við erum karlmenn, við erum samkynhneigðir, við eigum barn og erum í framboði. Þá kvikna spurningarnar: Bíddu, ertu samkynhneigður? Eigið þið barn? Hvernig er það hægt? Eruð þið í Framsóknarflokknum? Af hverju eruð þið ekki í Samfylkingunni, Vinstri grænum eða Pírötum? Eru hommarnir ekki þar?

Það er kannski ekkert skrýtið því að ímyndin sem fólk hefur af samkynhneigðum mönnum er ákveðin staðalímynd,“ segir Sævar.

„Og þegar við fengum son okkar í líf okkar þá höfðu mæður í fjölskyldunni okkar áhyggjur af því að það þyrfti að vera móðir á heimilinu. Tveir karlar í lögmennsku? Hvernig ættu þeir að geta gert þetta? Svo mætir okkur auðvitað rótgróið feðraveldi í stjórnmálum og í lögmennsku. Það þykir merkilegt að við séum bara með eðlilegt fjölskyldulíf, að við höfum metnað og væntingar í stjórnmálum. Og í lögmennsku verða margir umbjóðendur okkar líka hissa,“ segir Sævar.

Lárus segir að þrátt fyrir aukið frjálsræði í íslensku samfélagi hafi þeir báðir þurft að sanna sig töluvert meira sem samkynhneigðir karlmenn og Sævar tekur undir það. „Sérstaklega í lögmennsku. Ekki að það sé issjú, það er samt bara þannig að það eru alltaf þessar staðalímyndir og baráttan við feðraveldið. Hvort sem þú ert kona, eða samkynhneigður eða af öðrum minnihlutahópi. Þegar þú kemur inn í þessa stétt þá er þér gert að spila eftir gömlu feðraveldisreglunum, en það ætti ekki endilega ekki að vera þannig,“ segir Sævar.



**Lárus segir að þrátt fyrir aukið frjálsræði í íslensku samfélagi hafi þeir báðir þurft að sanna sig töluvert meira sem samkynhneigðir karlmenn og Sævar tekur undir það. „Sérstaklega í lögmennsku. Ekki að það sé issjú, það er samt bara þannig að það eru alltaf þessar staðalímyndir og baráttan við feðraveldið.“** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Neitaði að tjá sig

Sævar vakti athygli þegar hann tók að sér að verja málstað Útvarps Sögu. Í síðustu viku greindi svo Stundin frá því að hann hefði sent fjölmiðlinum 7,5 milljóna króna kröfu og upplýsingafulltrúi hans hefði sagst láta hana niður falla ef Sævar yrði ekki nefndur á nafn í umfjöllun um málið. Hverjir eru málavextir? „Sem lögmaður tek ég að mér ýmis verkefni fyrir hina ýmsu aðila, það er eðli starfsins. Ég get vitaskuld ekki tjáð mig um málefni umbjóðenda minna opinberlega eða við óviðkomandi aðila,“

> EN SVO LEIÐ AÐ JÓLUM OG ÞÁ KOM EKKI TIL GREINA AÐ HANN VÆRI Á VISTHEIMILINU. FYRSTU JÓLIN OKKAR SAMAN KOM HANN SEM LÍTIL JÓLAGJÖF HEIM TIL OKKAR.

Er það rangt sem kemur þar fram að þú hafir boðist til að fella niður skuldina gegn því að nafn þitt yrði ekki nefnt? Ég verð að fá úr því skorið?

„Þeir hringdu í mig á sínum tíma en ég neitaði að tjá mig um málið, ég ræddi aldrei málið við neinn blaðamann hjá Stundinni, ég benti þeim á að tala við umbjóðandann sjálfan enda hef ég enga heimild til að ræða mál umbjóðenda minna opinberlega nema með þeirra leyfi. Það var hringt tvisvar sinnum í mig og í bæði skiptin neitaði ég að tjá mig um málið og var það algjörlega út af störfum mínum sem lögmaður en ekki að ég væri að bjóða mig fram. Þetta mál er hefðbundið innheimtumál sem er verið að reyna að gera að pólitísku máli sem mér finnst mjög óvægið,“ segir Sævar sem svarar að endingu ekki þeirri spurningu blaðamanns hvort upplýsingafulltrúi hans hafi beðið um að láta málið niður falla að hans beiðni.

### Fjölskyldan í fyrirrúmi

Nú eru kosningar fram undan og þeir sitja á lista í lélegasta vígi Framsóknarflokksins á landsvísu.

„Mér finnst meiri líkur á að Lárus komist inn,“ segir Sævar. „Sætið hans gæti orðið baráttusæti og ef flokkurinn fær jafn góða kosningu og síðast þá gæti hann komist á þing.“

Lárusi eru velferðarmálin hugleiknust. Það eru svo mörg málefni sem þarf að sinna. Ég held að stóru málin verði velferðar- og heilbrigðismálin. Það hefur verið mikill fókus á efnahagsmálin og kreppuna, úrvinnslu þeirra og fjármagnshaftanna. Nú þurfum við að setja fókusinn á einstaklingana aftur. Byggja upp innviði samfélagsins,“ segir Lárus.

Og eitt baráttumál eru þeir sammála um. Fjölskyldumálin. „Við höfum byggt upp samfélag sem er efnishyggjusamfélag. Neysla er orðin gríðarleg,“ segir Sævar. „Mig langar að sjá þetta samfélag dafna í aðra átt, þannig að fjölskyldufólki sé gert lífið auðveldara. Við höfum nefnilega efni á því. Við eigum að styðja mun betur við fólk sem tekur ákvörðun um að stofna fjölskyldu. Það er ekkert eins mikilvægt og fjölskyldan. Hvernig sem hún er samsett, tveir karlar, tvær konur, karl og kona og einstæðir foreldrar.

Samfélagið þarf að vera þannig gert að við séum fyrir hvert annað,“ segir Sævar.

Lárus tekur undir með Sævari. „Við sem tveir feður teljum að það sé svo margt sem við getum lagt til málanna. Mér finnast stjórnmálin oft snúast um innihaldslaus loforð og maður fær svona ákveðna klígju og hugsar um það hvort maður sé staddur í þessu loforðakapphlaupi líka,“ segir hann.

### Sonurinn jólagjöf

Aðdragandinn að því að Lárus og Sævar stofnuðu fjölskyldu var langur og ekki þrautalaus.

„Þetta var ekki auðvelt. Það var ég sem dró lappirnar í þessu fyrst,“ segir Lárus sem segist hafa tekið nokkur ár til að melta það með sér. „Svo þegar ég var tilbúinn þá stigum við þetta skref að fara í þessa ferla. Þó að regluverkið hér á Íslandi sé þannig að það eigi allt að vera jafnt, þá er það vonlaust fyrir tvo karlmenn að ættleiða barn,“ segir hann.

Sævar tekur undir með Lárusi og segir stjórnsýsluna beinlínis vinna gegn samkynhneigðum körlum í ættleiðingarferli.

„Við sóttum um það að vera fósturforeldrar. Fórum svo á námskeið og í mikla naflaskoðun. Þetta var þriggja ára ferli,“ segir Sævar.

Það er svo skömmu fyrir jól að Sævar fær símtal sem breytir lífi þeirra. Þeir voru á leiðinni í jólafrí til Þýskalands, höfðu pantað flugmiða og hótel en segjast af einhverjum ástæðum ekki hafa gengið frá kaupunum.

„Þann 18. desember 2013 var ég í búð og það var hringt í mig og mér tjáð að það væri strákur sem þyrfti að fá heimili strax. Hann hefði beðið á vistheimili í tvo mánuði, það væri of langur tími fyrir þriggja ára dreng og því kæmi til greina að leyfa okkur að kynnast honum. Þá var mér sagt að við hefðum tvo tíma til að ákveða okkur. Ég bað um að fá að hringja aftur eftir hálftíma og hringdi í Lárus sem var alveg sammála mér um að fara á fund barnaverndar.

Símtalið fékk ég hálf tólf og klukkan tvö sátum við á fundi með barnaverndarnefnd og þar var okkur sagt frá aðstæðum hans sem voru vondar. Við vorum spurðir hvort við vildum hitta hann strax morguninn eftir.

Klukkan átta þann 19. desember förum við á vistheimilið að hitta hann í fyrsta skipti. Þá er hann að borða morgunmat og það var yndislegt að sjá hann. Við sátum með honum og svo fór hann í leikskólann. Við förum í fylgd að sækja hann á leikskólann. Svona var þetta til 22. desember. Við hittum hann á morgnana, fylgdum honum í leikskólann og vorum svo með honum á vistheimilinu og svæfðum hann,“ segir Sævar frá.

„En svo leið að jólum og þá kom ekki til greina að hann væri á vistheimilinu. Fyrstu jólin okkar saman kom hann sem lítil jólagjöf heim til okkar,“ segir Sævar.

„Sagan er mjög sérstök að mörgu leyti og það hefur reynt mikið á mann sem persónu að taka ábyrgð á lífi hans. Brjóta niður ýmsa breyskleika hjá manni sjálfum. Takast á við það að vera foreldri. Afstaða mín til lífsins er önnur og breytt,“ segir Sævar.

Lárus tekur undir með honum og segir þá ekki geta ímyndað sér lífið án hans. „Þetta voru örlögin og við tölum stundum um það að við vitum ekki enn hvað það var sem stöðvaði okkur í að fara í þetta jólafrí til Þýskalands. Við vorum búnir að panta miðana og hótelið og vorum á leiðinni út, en eitthvað stöðvaði okkur,“ segir Lárus.




**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með **2. október** eða meðan birgðir endast

# AFMÆLISHÁTÍÐ




## FJÖLDI TILBOÐA Í VERSLUN

TIL 9. OKTÓBER



SPARAÐU 25%

AF ÖLLUM ANDORRA SÓFUM

**nú 89.925 kr.**
sparaðu 29.925 kr.

**30% af öllum Andorra-sófum.**
**Andorra-sófi.** Tveggja sæta + legubekkur. Dökkgrátt áklæði. 119.900 kr. Nú 89.925 kr.



SPARAÐU 30%

AF ÖLLUM FATASTÖNDUM OG SNÖGUM

**30% af öllum fatastöndum.**
**Sprout-fatastandur.** Tvær gerðir. Svartir eða hvítir. 12.900 kr./stk. Nú 9.030 kr./stk.



SPARAÐU 30%

**Honest-borðstofuborð.** Borð með borðplötu úr gegnheilli eik og svörtum málmfótum. 149.900 kr. Nú 104.930 kr.
**Jila-stóll.** Svört seta og svartir eikarfætur. 19.900 kr. Nú 13.930 kr. Heildarverð á borði og 6 stólum. áður 269.300 kr. Nú 188.510 kr.



SPARAÐU 25%

**Noctuam-ugla.** Kopar, svört eða hvít. H 45 cm. 9.995 kr. Nú 7.496 kr.



SPARAÐU 50%

**2Tree-kollur.** 3 mismunandi litir. Ø 33 x H 45 cm. 6.995 kr. Nú 3.497 kr.

VEXTIR 0%

**12 MÁNAÐA VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING**
Þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.

MasterCard VISA

Netgíró
**3 MÁNAÐA VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING MEÐ**

ILVA

SPARAÐU 25%



**25% af Stavanger borði og 4 Candy-stólum.**
Borðstofuborð úr eik. 180 x 90 cm. 69.900 kr. Nú 52.425 kr.
Stóll með svörtu leðurlíki og krómfætur. 14.900 kr. Nú 11.175 kr.
Heildarverð. 129.500 kr. Nú 97.125 kr.

SPARAÐU 25%

AF ÖLLUM MATAR-STELLUM



**Nordique-matarstell.** Leirinn er brenndur og geta litirnir verið mismunandi frá bláum tón yfir í grænan. Hver hlutur er handmálaður og litaður með tveimur mismunandi litum.

SPARAÐU 25%

AF ÖLLUM KERTUM OG KERTA-STJÖKUM



**25% af öllum kertum og kertastjökum.**

SPARAÐU 40%

AF HVÍTUM HOBBY DELUXE BORÐLAMPA



**Hobby deluxe-borðlampi.** Hvítur.
7.995 kr. Nú 4.495 kr.

SPARAÐU 35%



**Kingston city-sófi.** 1½ sæti + legubekkur. Sandlitaður. L205 cm.
219.900 kr. Nú 142.935 kr.

SPARAÐU 30%



**Claire-skenkur.** Hvítur skenkur með eikarlituðum framhliðum.
150 x 41 x 71,5 cm. 69.900 kr. Nú 48.930 kr.

SPARAÐU 25%



**Ghost-hægindastóll.** Tauáklæði. Þrír mismunandi litir. 129.900 kr. Nú 97.425 kr. Svart eða brúnt leður. 139.900 kr. Nú 104.925 kr.

SPARAÐU 30-60%

AF ÖLLUM MYNDUM, SPEGLUM OG RÖMMUM




**30-60% afsláttur af öllum myndum, speglum og römmum.**

SPARAÐU 30%



**Ajo-motta.** Svört, grá eða silfurlituð. 140 x 200 cm. 29.900 kr.
Nú 20.930 kr. Til í fleiri stærðum.




ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

shop online

# Kylfan og frelsið

**Saga til næsta bæjar**



**Stefán Pálsson** skrifar um óvænta þjóðaríþrótt



Frelsisbarátta og sjálfstæði Indlands eru meðal mikilvægustu atburða tuttugustu aldar. Bretar höfðu skilgreint Indland sem krúnudjásn sitt og reyndu eftir besta mætti að standa gegn sjálfstæðishreyfingunni, en styrkur hennar reyndist of mikill auk þess sem kostnaðarsöm þátttaka Bretlands í síðari heimsstyrjöldinni gerði að lokum ómögulegt að halda heimsveldinu saman.

Lengi vel vanmátu bresk stjórnvöld indversku sjálfstæðishreyfinguna. Fræg eru ummæli Winstons Churchill um að Mahatma Gandhi væri „hálfnakinn fakír“ og við annað tilefni sagðist hann óska þess að Gandhi væri bundinn niður á torgi úti í Delí og troðinn til bana af breska landstjóranum á fílsbaki.

Vanmat Breta á Gandhi og hreyfingu hans byggðist annars vegar á rasisma, þar sem Evrópumennirnir trúðu því einfaldlega ekki að Indverjar, sem þeir töldu sér óæðri kynstofn, væru færir um að taka stjórn sinna mála í eigin hendur. Hins vegar efuðust þeir um að nokkur leið væri að sameina hinar ólíku þjóðir Indlandsskaga undir einum hatti, enda höfðu þeir sjálfir leikið þann leik að deila og drottna með því að tefla saman ótal smákóngum og furstum í landinu.

Það var heldur ekki sjálfgefið að takast mætti að skapa þjóðerniskennd meðal Indverja. Þar þurfti fleira að koma til en málsnilld og stjórnmálakænska leiðtogans Gandhis. Tungumál og trúarbrögð, sem í mörgum öðrum samfélögum urðu grunnstoðir þjóðríkja, komu að takmörkuðu gagni á Indlandi. Þess í stað varð að leita annað eftir sameiningartáknum, meðal annars til rithöfunda og í íþróttirnar.

Fæstir tengja Indverja sérstaklega við íþróttaafrek. Ef horft er til höfðatölunnar er árangur landsins á íþróttasviðinu herfilegur. Þar skekkir þó nokkuð myndina að langvinsælasta íþróttagreinin og sú sem Indverjar eru sigursælastir í, krikketið, vekur takmarkaða athygli utan Bretlands og nokkurra fyrrum nýlendna þess. Íþróttir skiptu þó verulegu máli fyrir sjálfsmynd Indverja og þjóðernisvakningu á fyrri hluta tuttugustu aldar. Þar var þáttur hokkííþróttarinnar einna mestur.

**Djúpar rætur**

Hokkí eða kylfuknattleikur er íþrótt sem á sér ævafornar rætur. Knattleikir hafa fylgt mannkyninu allt frá grárri forneskju og virðist sem fornþjóðum hafi verið tamara að slá knetti með greinum eða kylfum en að sparka þeim með fótunum. Kylfuknattleikur var hvort sem er leikinn á grasi eða ís og þekkja flestir Íslendingar frásögn Egilssögu af blóðidrifinni ísknattleikskeppni Egils Skallagrímssonar og félaga.

Líkt og gildir um svo margar aðrar íþróttir, kom það í hlut breskra drengjaskóla að staðla og formfesta hokkííþróttina í svipaðri mynd og við þekkjum hana í dag. Um miðja nítjándu öld var búið að setja greininni reglur og útbreiðsla hennar hafin með breskum hermönnum. Um 1885 var hokkííþróttin komin til Indlands og naut þegar vinsælda, bæði meðal herraþjóðarinnar og innfæddra.

> ... VAR UPPTEKINN VIÐ AÐ GEFA AÐDÁENDUM EIGINHANDARÁRITANIR Í MIÐJUM KAPPLEIK.

Öfugt við knattspyrnu og rúbbí gekk hokkí illa að fanga athygli annarra en Breta sjálfra, nokkurra nýlendna og íbúa Niðurlanda, sem sjálfir áttu langa hefð af einhvers konar kylfuknattleikjum. Fyrsta skiptið sem reynt var að keppa í hokkí á Ólympíuleikum var í Lundúnum árið 1908. Þar voru keppnisliðinu fjögur: enskt, skoskt, írskt og eitt frá Wales, sem öll léku þó undir breskum fána. Ekki tókst mikið betur til tólf árum síðar þegar greinin var endurvakin á leikunum í Antwerpen árið 1920. Aftur mættu fjögur lið til leiks og höfðu Bretar algjöra yfirburði.

Engin hokkíkeppni var í boði á Parísarleikunum 1924, enda höfðu Frakkar hvorki áhuga né skilning á þessari skringilegu bresku knattíþrótt. Ákvörðun Ólympíunefndarinnar varð hokkímönnum mikil vonbrigði og leiddi til þess að stofnað var alþjóðasamband til að þrýsta á um að greinin kæmist aftur á dagskrá.

Það tókst fjórum árum síðar á leikunum í Amsterdam, enda hokkí vinsælt meðal Hollendinga. Nokkrar þjóðir skráðu sig til leiks, allar frá Vestur- og Mið-Evrópu nema ein: Indverjar.

**Óskrifað blað**

Indland hafði vegna fjarlægðar sinnar lítið haft af öðrum hokkíiðkendum að segja. Árið 1926 hafði indverskt úrvalslið þó farið í keppnisferð til Nýja-Sjálands og reyndist það mikil frægðarför. Frá Nýja-Sjálandi bárust þær fregnir til Bretlands og þaðan til meginlands Evrópu að á Indlandi mætti finna afburða hokkímenn. Vöktu frásagnirnar af hinu goðsagnakennda indverska landsliði nokkra athygli í hokkíheiminum.

Fullir sjálfstrausts eftir Eyjaálfufrægðarförina stofnuðu Indverjar hokkísamband árið 1927 og skráðu sig til keppni á Ólympíuleikunum árið eftir. Reyndist mikill barningur að fjármagna þetta langa ferðalag og ekki bætti úr skák að skömmu fyrir brottför var settur á æfingaleikur við indverskt félagslið. Landsliðinu tókst að tapa leiknum og töldu þá flestir ólíklegt að það sækti gull í greipar Evrópumanna. Munu ekki nema þrír hafa mætt á hafnarbakkann til að kveðja landsliðshópinn þegar hann steig á skipsfjöl.

Eftir 20 daga siglingu komst hópurinn til Bretlands. Skipulagðir voru æfingarleikir við ensk og skosk úrvalslið, en formlegir landsleikir komu ekki til álita þar sem Bretar gátu ekki fellt sig við tilhugsunina um fullgilt indverskt landslið. Úrvalsliðin voru raunar með fjölmarga landsliðsmenn innanborðs og reyndust engin fyrirstaða fyrir Asíumennina knáu. Samstundis bárust fréttir yfir Ermarsundið um að indverska liðið væri ógnarsterkt.

Snemma komst sú saga á kreik að bresk íþróttayfirvöld hafi hætt við að senda hokkílið til keppni á Ólympíuleikunum þegar þau áttuðu sig á styrk Indverjanna, til að eiga ekki á hættu að bíða hraksmánarlegan ósigur fyrir nýlendubúum. Sú tilgáta er skemmtileg en ósennileg. Ákvörðun um þátttöku á Ólympíuleikunum hefði legið fyrir löngu áður en til heimsóknar indverska hokkíliðsins kom og vandséð að hægt hefði verið að draga hana til baka í kyrrþey.

Líklegri skýring á fjarveru Breta var sú að hokkííþróttin var iðkuð á vegum sérsambanda einstakra landa innan Stóra-Bretlands líkt og knattspyrnan. Ekki var því um sameiginlegt breskt landslið að ræða, en á Ólympíuleikum keppa þjóðir Bretlands saman undir einum fána sem kunnugt er. Þá áttu Bretar bágt með að líta á grannþjóðir sínar á meginlandinu sem jafnoka á íþróttasviðinu, stóðu ýmist innan eða utan Alþjóðaknattspyrnusambandsins og voru ekki meðal stofnenda hokkísambandsins.

**Óslitin sigurganga**

Keppnin í Amsterdam reyndist rósum stráð fyrir indverska liðið. Það vann leikina sína þrjá í riðlakeppninni samtals með 26 mörkum gegn engu og úrslitaleiknum gegn heimamönnum lauk 3:0. Hollensku áhorfendurnir létu sér þó vel líka og klöppuðu brúnleitu töframönnunum lof í lófa. Fyrsta Ólympíugull Indverja var staðreynd.

Í Los Angeles fjórum árum síðar var sigur Indlands hreint formsatriði. Reyndar mistókst markverðinum að halda hreinu á þeim leikum. Hann fékk tvö mörk á sig, annað þar sem hann var upptekinn við að gefa aðdáendum eiginhandaráritanir í miðjum kappleik!

Á Berlínarleikunum 1936 reis frægðarsól indverska hokkíliðsins enn hærra. 40 þúsund áhorfendur, þar á meðal margir af æðstu leiðtogum Nasistaflokksins, horfðu á 8:1 sigur Indlands á Þýskalandi í úrslitarimmunni. Sú saga hefur ratað inn í margar sögubækur að Adolf Hitler hafi heillast svo af leik Indverjanna að hann hafi boðið fyrirliðanum Dhyan Chand, að gerast yfirmaður í þýska hernum og keppa fyrir hönd Þýskalands. Þótt sagan sé ágæt er hún líklega uppspuni eins og ýmsar aðrar frásagnir af atferli Hitlers á Ólympíuleikunum.

**Sætasti sigurinn**

Ólympíusigrarnir gerðu landsliðsmennina vitaskuld að þjóðhetjum á Indlandi. Mikilvægi afrekanna lá ekki hvað síst í því að sýna að Indverjar gætu mætt gömlu evrópsku nýlenduþjóðunum á jafnréttisgrundvelli og unnið afgerandi sigur. Hokkífár greip um sig í landinu og upp spratt fjöldi liða og keppnisvalla.

Þegar Ólympíuleikarnir 1948 voru haldnir í Lundúnum var ljóst að hokkímenn Bretlandseyja gætu ekki lengur komið sér hjá því að keppa við Indverja, sem í fyrsta sinn komu fram sem fulltrúar sjálfstæðs ríkis. Bretland og Indland mættust í leiknum um gullverðlaunin, þar sem hinir síðarnefndu unnu 4:0. Er þessi sigur líklega sá sætasti í gjörvallri hokkísögu Indverja.

Reyndar mátti litlu muna að ekkert yrði úr hinu langþráða uppgjöri Breta og Indverja, því breska liðið var nærri fallið úr leik í undanúrslitum. Andstæðingarnir þar voru glænýtt landslið Pakistans sem til varð árið áður við klofning hins nýfrjálsa indverska ríkis.

Hokkííþróttin átti eftir að gegna sama hlutverki fyrir Pakistan við uppbygginguþjóðarstolts og -vitundar og hjá Indverjum 20 árum fyrr. Indland og Pakistan báru höfuð og herðar yfir önnur hokkílönd næstu árin. Indverjar urðu Ólympíumeistarar 1952, 1956 og 1964 en Pakistanar árin 1960 og 1968. Sigurgöngu Suður-Asíuríkjanna lauk ekki fyrr en á Ólympíuleikunum í München 1972 þegar heimamenn Vestur-Þjóðverja höfðu betur gegn Pakistönum í úrslitaleik. Þurfti þar raunar hressilegan dómaraskandal til, þar sem belgískur dómari leiksins stóð sig svo illa að leikmenn Pakistans gripu til þess ráðs að hella yfir hann nokkrum fötum af ísköldu vatni í leikslok.

Á áttunda áratugnum fór hins vegar hratt að halla undan fæti hjá grannþjóðunum á hokkísviðinu. Evrópumiðað heimssambandið breytti reglum á þann hátt að keppa skyldi á gervigrasi, þótt slíka velli sé vart að finna í Indlandi og Pakistan. Frægð og gróðavon krikketsins hefur sömuleiðis orðið til að veikja hokkíið sem eftirlætisgrein ungmenna. Indland og Pakistan eru í dag nokkuð frá því að slást um gull á ÓL eða HM, en eftir stendur minningin um mikilvægustu íþróttina fyrir stjórnmálasögu beggja ríkja.




# BÓKA MARKAÐUR

Gjöf fylgir ef keypt er fyrir 6.000 kr. eða meira

## á Fiskislóð 39

OPIÐ ALLA DAGA kl. 10–19

Djús, kaffi og kleinur




Kveikt verður upp í grillinu kl. 13

Allt að 90% afsláttur

Vísinda-Villi kemur kl. 13.30 og les upp úr óútkominni bók sinni, *Skynjun og skynvillur*




990 kr.




990 kr.




990 kr.




990 kr.




990 kr.




990 kr.




990 kr.







2.490 kr.




2.990 kr.

Góð kaup 3 saman







3.490 kr.

*Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

Bókamarkaður Forlagsins · Fiskislóð 39 · 101 Reykjavík · forlagid@forlagid.is · Opið alla daga kl. 10–19



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Alda Sólrún Guðmundsdóttir**

lést mánudaginn 19. september.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að
ósk hinnar látnu.
Sérstakar þakkir til starfsfólks Einihlíðar.

**Guðmundur Sigtryggsson**
**Guðrún Hulda Sigtryggsdóttir**
**Sigtryggur Sigtryggsson**
**Þuríður Þráinsdóttir**
**Kári Halldórsson**
**Álfheiður Atladóttir**
**barnabörn og langömmubarn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir og amma,

**Kristín Hulda Þórarinsdóttir**

ljósmóðir,
Hringbraut 2B, Hafnarfirði,

verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju
þriðjudaginn 4. október kl. 15.

**Guðmundur Bergur Ásgrímsson,**
**Agnes Braga Bergsdóttir**
**Vilhjálmur Þór Sigurjónsson**
**Bergur Þorgils Vilhjálmsson**
**Hulda Valgerður Vilhjálmsdóttir**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Ragnhild Gudrun (Lilla)**
**Risten Friðjónsdóttir**

Þangbakka 10,

varð bráðkvödd á heimili sínu
föstudaginn 23. september.
Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hennar.

**Berit G.R. Þórhallsdóttir**
**Hermann B. Baldvinsson**
**Friðjón H.R. Þórhallsson**
**Vala B. Þórhallsdóttir**
**Geir Wendel**
**Hlín Risten Þórhallsdóttir**
**Svanur Hólm Þórhallsson**
**Lilja Sveinsdóttir**
**barnabörn og langömmubarn.**

---



Elskulegur bróðir okkar,

**Einar Óskarsson**

Bræðratungu 17,
Kópavogi,

lést 25. september.
Útförin fer fram frá Kópavogskirkju
miðvikudaginn 5. október kl. 13.00

**Magnús Óskarsson**
**Guðmundur Óskarsson**

---



Elsku móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Björg Jóhanna**
**Benediktsdóttir**

Mánatúni 2, Reykjavík,

lést á LSH, Vífilsstöðum,
24. september. Útförin fer fram frá
Langholtskirkju mánudaginn 3. október kl. 13.00.

**Auður R. Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Hermannsson**
**Bjarni Þ. Guðmundsson**
**Kristín V. Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

---



**Söguhringurinn er opinn öllum konum og þátttaka er ókeypis.**

# Lífssögur laðaðar fram

**Októberstefnumót Söguhrings kvenna er í Borgarbókasafninu í Spönginni, Grafarvogi í dag. Þema haustsins er lífssögur, þvert á tungumál, kynslóðir og tjáningarform.**

„Söguhringurinn er vettvangur fyrir konur af mörgu þjóðerni sem vilja deila reynslu sinni og fræðast. Í dag verður októberstefnumót í Menningarhúsinu í Spönginni milli klukkan 12.30 og15.30 þar sem afmarkaðar sögur úr lífinu eru í forgrunni,“ segir Sigríður Steinunn Stephensen, deildarbókavörður en um samstarfsverkefni Borgarbókasafnsins og W.O.M.E.N. á Íslandi er að ræða. Höfuðmálin eru íslenska og enska og ef þau duga ekki þá er alltaf einhver sem getur túlkað, að sögn Sigríðar.



**„Höfuðmálin eru íslenska og enska“ segir Sigríður Steinunn.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Konur koma óundirbúnar og eru leiddar áfram. Í dag er það Virginia Gillard leikkona, kennari og rithöfundur, sem laðar fram sögurnar að sögn Sigríðar. „Gillard er ein þeirra sem stofnaði Ós pressuna sem eru skrifandi, erlendar konur á Íslandi. Hún er nýbyrjuð að skrifa sjálf og teikna og ætlar að nálgast lífssögur kvennanna með myndrænum og leikrænum hætti. Stefnumótin eru fjölbreytileg en alltaf skapandi samvera.“

**gun@frettabladid.is**

---



Eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Baldur Maríusson**

fyrrverandi garðyrkjustjóri,

Hveragerði, lést á hjúkrunarheimilinu
Ási í Hveragerði 28. september. Útförin
fer fram frá Hveragerðiskirkju laugardaginn
8. október kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Áslaug Helga Arngrímsdóttir**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Laufey Sigríður Stefánsdóttir**

Borgarbraut 65a, Borgarnesi,

andaðist á Sjúkrahúsinu á Akranesi,
miðvikudaginn 28. september.

**Ásgrímur Stefánsson**
**Hólmfríður Salóme Jónsd.**
**Anna Kristín Stefánsdóttir**
**Sveinn Haukur Pétursson**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Halldórsdóttir**

Klettatúni 6, Akureyri,

lést á sjúkrahúsi Akureyrar
laugardaginn 24. september. Útförin
hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar
látnu. Sérstakar þakkir fær Heimahlynning Akureyrar fyrir
einstaka umönnun, hlýhug og velvilja, sem og starfsfólk
lyflækningadeildar Sjúkrahúss Akureyrar. Þeim sem vilja
minnast hennar er bent á Heimahlynningu Akureyrar.

**Eymundur Lúthersson**
**Sigurjón Kristinn Bergsson**
**Katrín Eymundsdóttir**
**Hannes Trausti Skírnisson**
**Eymundur L. Eymundsson**
**Lára Eymundsdóttir**
**Hörður Theódórsson**
**Eydís Elva Eymundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir til allra sem sýndu
okkur samúð og hlýhug við andlát
og útför elskulegrar móður,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Gíslínu Jónasínu Jónsdóttur**

dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund,
áður Gnoðarvogi 28, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki dvalar- og
hjúkrunarheimilisins Grundar, deild V-2, fyrir
umönnun og hlýju. Blessuð sé minning hennar.

**Jón Karel Leósson,**
**Regína Magnúsdóttir**
**Bjarni Júlíusson**
**María Magnúsdóttir**
**Sigríður Magnúsdóttir**
**Fjóla Hilmarsdóttir**
**Ásta Hilmarsdóttir**
**Jóhann Sigurjónsson**
**Eva Ström**
**Egill Þorgeirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


YAMAHA
125
125 YEARS
OF PASSION &
PERFORMANCE
YAMAHA
GRÆJU
DAGAR
1. - 8. október verða
Yamaha græjudagar.
Magnarar, geislaspilarar,
samstæður, heyrnartól, bassabox,
heimabíó og allar hinar græjurnar
á frábærum tilboðsverðum.
Takmarkað magn.
Fyrstur kemur fyrstur fær!
ALLT AÐ
100.000 KR.
AFSLÁTTUR!
Powered by music
Sjónvarpsmiðstöðin
YAMAHA
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og vinur,

**Stefán Þórisson**

frá Hólkoti í Reykjadal,

lést á Heilbrigðisstofnun Norðurlands þann 28. september 2016. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Börn, tengdabörn, barnabörn, barnabarnabörn og Ingibjörg Ólafsdóttir**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Valdís Gróa Geirarðsdóttir**

Lækjasmára 4, Kópavogi,

lést fimmtudaginn 29. september á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Þorgeir Lúðvíksson**
**Lúðvík Þorgeirsson** **Sædís Austan Gunnarsd.**
**Kristín Anna Þorgeirsdóttir** **Örn Arnarsson**
**Björgvin Þór Þorgeirsson** **Guðrún Jónsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Guðna Karlssonar**

Sérstakar þakkir fær hjúkrunar- og starfsfólk á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð fyrir einstaka umönnun og hlýlegt viðmót.

**Inga Kristjánsdóttir**
**Viktoría Guðnadóttir** **Annemieke Knol**
**Kristján Guðnason** **Jurgita Govedaite**
**Sigþrúður Guðnadóttir** **Grímur Anton**
**Jasmín, Viktor Smári, Helgi Bjartur, Arnar Tindur, Rakel Anna, Óðinn og Elías Guðni.**

---



Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Guðrún Jónsdóttir**

Hítardal,

verður jarðsungin frá Borgarneskirkju miðvikudaginn 5. október kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Minningarsjóð Brákarhlíðar, sjá heimasíðu: www.brakarhlid.is.

**Finnbogi Leifsson** **Erla Dögg Ármannsdóttir**
**Sigríður Leifsdóttir** **Sigurður Emilsson**
**Leifur Finnbogason**
**Tinna Kristín Finnbogadóttir** **Sigurboði Grétarsson**
**Hulda Rún Finnbogadóttir**
**Emil Sigurðsson**
**Sigurður Sigurðsson**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Birgir Magnússon**

Gullsmára 7,

lést laugardaginn 24. september. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 6. október kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Flateyjarkirkju. Reikningsnúmer 0309-26-012652, kt. 550169-5179.

**Þórunn Björg Birgisdóttir** **Konráð Ægisson**
**Guðlaug Halla Birgisdóttir** **Kristinn Nikulásson**
**Birgir Már Ragnarsson** **Silja Hrund Júlíusdóttir**
**Birna Hlín Káradóttir** **Björn Freyr Ingólfsson**
**Kári Snær Kárason**
**og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir, dóttir, systir, tengdadóttir og mágkona,

**Eyrún Nanna Einarsdóttir**

lést aðfaranótt mánudagsins 26. september 2016. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF.

**Kári Guðjón Hallgrímsson**
**Þór, Haraldur og Einar Helgi Kárasynir**
**Vigdís Esradóttir** **Einar Unnsteinsson**
**Andrea Ósk Guðlaugsdóttir** **Kári Esra Einarsson**
**Ragnheiður Haraldsdóttir** **Hallgrímur Guðjónsson**
**og aðrir aðstandendur.**

---



**Kristján Pétur Ásgeirsson, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja, innan um nemendur.** MYND/AXEL GÍSLI SIGURBJÖRNSSON

# Býður nám á 40 brautum

**Fjölbrautaskóli Suðurnesja fagnar því á þessu hausti að heil fjörutíu ár eru liðin frá því hann var settur fyrst. Af því tilefni var hollvinafélag skólans stofnað um síðustu helgi.**

„Skólinn hefur haft heilmikið að segja fyrir Suðurnesin. Það hefur verið svo dýrmætt fyrir ungmenni hér að geta sótt nám í heimabyggð,“ segir Kristján Ásmundsson, skólameistari hins fertuga Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Hann byrjaði sem kennari þar fyrir þrjátíu árum en Jón Böðvarsson var fyrsti skólameistarinn og sat í níu ár, þá tók Hjálmar Árnason við.

Nú eru um 1.000 nemendur í skólanum og þannig hefur það verið undanfarin ár að sögn Kristjáns. „Síðan eru um 130 grunnskólanemendur, 10. bekkingar, sem taka einstaka áfanga hjá okkur, það eru virk, fljótandi skil milli grunnskóla og framhaldsskóla, þannig hafa duglegir nemendur ráðið dálítið sínum námshraða og margir lokið stúdentsprófinu á þremur árum.“ Hann segir skólann bjóða nám á hátt í 40 brautum. „Þegar við erum að þjóna öllu svæðinu verðum við að hafa fjölbreytt námsframboð til að geta svarað kröfum nemenda.“

> **Kolrassa krókríðandi eru stelpur úr skólanum okkar og Valdimar var hér. Svo er helmingurinn úr Of Monsters and Men héðan.**

Topparnir í félagslífinu eru Hljóðneminn, söngvakeppnin, árshátíðin og svo starfshlaupið sem er síðasta dag fyrir páska. Þá er keppt í öllum kennslugreinum innan skólans að sögn Kristjáns. „Útskriftarnemendur eru fyrirliðar en allir nemendur leysa þrautir innan afmarkaðs tíma.“

Þegar Kristján er spurður um landsfrægt tónlistarfólk úr röðum nemenda verður hann hinn drýgindalegasti. „Kolrassa krókríðandi eru stelpur úr skólanum okkar og Valdimar var hér. Svo er helmingurinn úr Of Monsters and Men héðan. Það er fullt af flottu tónlistarfólki sem hefur farið hér í gegn.“

**gun@frettabladid.is**

---



Ástkær faðir minn, afi okkar og langafi,

**Jón Guðmundsson**

rafvirkjameistari,
Herjólfsgötu 36, Hafnarfirði,

sem lést á Hrafnistu, Hafnarfirði, 26. september, verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju mánudaginn 3. október klukkan 13. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Guðmundur Geir Jónsson** **Ragnheiður Hermannsd.**
**Jón Eggert Guðmundsson**
**Jóhannes Geir Guðmundsson** **Pamela Perez**
**Björgvin Guðmundsson**
**og barnabarnabörn.**

---



Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Valgarður Jón Eðvaldsson**

andaðist á sjúkrahúsi Akureyrar þann 11. september síðastliðinn.

Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Aðstandendur vilja þakka frábæra umönnun á lyfjadeild SAK.

**Friðrikka Emilsdóttir**
**Þorbjörg Valgarðsdóttir** **Óskar Finnsson**
**Bryndís Valgarðsdóttir** **Gunnar Örn Rúnarsson**
**Emil Valgarðsson**
**Erlingur Jón Valgarðsson** **Þóra Jóna Jónatansdóttir**
**Hulda Kristín Valgarðsdóttir**
**Eðvald Sveinn Valgarðsson** **Sigurbjörg Viðarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Egill Árnason**

húsasmíðameistari,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli mánudaginn 19. september. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför. Sérstakar þakkir fær starfsfólkið á hjúkrunarheimilinu Skjóli.

**Guðmunda Marsibil Magnúsdóttir**
**Árni Egilsson** **Erla Jóna Steingrímsdóttir**
**Egill Egilsson** **Þórdís Sigurðardóttir**
**Óskar Egilsson** **Anna Björk Sigurðardóttir**
**Kristín Rós Egilsdóttir** **Árni Sigurður Hafdal**
**Birgir Egilsson**
**og afabörn.**

---



Ástkær faðir okkar, afi og langafi,

**Örn Ásmundsson**

bifvélavirkjameistari,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir sunnudaginn 25. september síðastliðinn. Jarðsungið verður frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 5. október kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Þórunn Arnardóttir** **Ásgeir Jóhannsson**
**Ásdís E. Arnardóttir**
**Erna Arnardóttir**
**Anna M. Arnardóttir** **Hermóður Gestsson**
**Páll I. Arnarson**
**Guðjón P. Arnarson** **Svava B. Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# LÆRI TÆKIFÆRI

SS LÆRI
FROSIÐ
Verð
**1.199**
Kr. Kg.



OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

Iceland

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**1** Nú standa yfir ræður um betrumbætur (11)
**9** Hin geðfellda gróf (4)
**11** Finn hinn örum setta klár heimreiða (7)
**12** Lýsi úrskurðinum með stríðsóðnum (9)
**13** Færðu mér náttúru (4)
**14** Botn? Helst ekki, þótt makkinn sé svo langur (9)
**15** Greinar til lesninga lýsa áþján slasaðra (9)
**16** Farinn úr húsi, sjáumst! (2)
**17** Höfuðból – sumir sem þar búa verða þverir sem björn (11)
**18** Hellirinn sem ég kemst í geymir farsæld mannkyns (9)
**20** Færum bandingjum Net svo þeir geti aflað sér efnis þaðan (11)
**23** Fjanda fóstrið úr fjendaflokki (9)
**26** Æpir þá á illar (5)
**29** Aðferðin við iðjuna er tæknileg (9)
**30** Með belginn þaninn af bjór? (8)
**32** Segi engum frá braskinu sem er leyndó (13)
**34** Þú ert í ruglinu, Nótt, segir Vasilí (6)
**35** Flókin eignast klungrótt svæði (9)
**36** Losna við embætti og leiðin er greið (12)
**37** Guðinn Ra níðir verkin sem riðlast (7)
**39** Gegnsær varningur fyrir granarýr (8)
**41** Lokaritgerð Arnar um Palestínumenn (5)
**43** Ræktar sína galla eins og staðir asnar gera (9)
**45** Fyrir utan æða þau áfram með flónin (5)
**46** Réttlæti starf við stóriðju (7)
**47** Leikur góðviðristímabilið upp úr skónum (9)

**LÓÐRÉTT**
1 Frumnæring fjallkonubarna er frægust Kjarvalsverka (11)
**2** Náði að losa Báru og bjarga tekjunum (9)
**3** Sáðkorn munu þenja rými eigin sekkja (9)
**4** Stóð þá Tobbanfóstri upp af grindinni (9)
**5** Hef glefsað í mítla til að hefna fyrir nartið þeirra (10)
**6** Uppljómaður dreki flytur mjúkmálm fyrr en húmið skellur á (12)
**7** Vinnan er búin, enda húsnæðislaus (8)
**8** Blóðrautt fæðið og krabbaflóin með (8)
**9** Hitti á dag stuttrar veiðiferðar (9)
**10** Smjörsteiki ris fyrir flutningalest háloftanna (9)
**19** Hugur ára vissi hvernig taka átti á reiðinni (12)
**21** Ákveðið sumarbæli Ara og Adolfs var vel varið (13)
**22** Um hreyfingu þreyttra og göngumóðra (10)
**24** Heyri klið hinna ólíku afkomenda gafflanna? (12)
**25** Föngum frjálsa en förum um þá mjúkum höndum (10)
**27** Frjáls flytja fljótfarna (9)
**28** Tel tal upplýsa um vísindi mælskulistar (9)
**31** Afli Litlasjós, Grænavatns og fleiri polla (10)
**33** Finn hlýju við kant, þar sitja kveittar (7)
**35** Sókn Íra í örlátar er brenglun (7)
**38** Heyri Maríu dæla út brengluðum söngvum (5)
**40** Skynja broddstaf og týndan trúðfisk (4)
**42** Til að skrifa bók þarf rótsterkt kaffi (4)
**44** Fá fyrstu einkunn líka (3)





Lausnarorð síðustu viku var
**HVANNALINDIR**

FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**
Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af **Villibráð** eftir **Lee Child** frá JPV. Vinningshafi síðustu viku var **Guðmundur Eiríksson, 800 Selfoss**




**LAUSNARORÐ**
Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist eitthvað með kaffinu. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 7. september næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „1. október“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.




# Þrautir

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### Há verðlaun

Northern Lights mótið á Siglufirði fór fram um síðustu helgi. Verðlaunin voru ekki af verri endanum, samtals 2 milljónir og 450.000 krónur. Veitt voru verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í tvímenningi og fengu sigurvegararnir Jón Baldursson og Sigurbjörn Haraldsson 500.000 krónur í sinn hlut, en þeir skoruðu 59,8% í 40 para keppni. Sveit Lögfræðistofu Bjarna Hólmars Einarssonar vann næsta öruggan sigur í sveitakeppninni með 144,3 stig og fékk 750.000 krónur í verðlaun í 23 sveita keppni. Spilarar í sveit Lögfræðistofunnar voru auk Bjarna Hólmars Júlíus Sigurjónsson, Ragnar Magnússon og Steinar Jónsson. Næsta sveit var SFG sem skoraði 116,13 stig og fékk 500.000 krónur í sinn hlut. Sveit Lögfræðistofunnar fékk sveit Búvörusamninganna í 6. umferð og vann öruggan sigur í þeim leik, 18-2. Sveit Bjarna fékk 17 impa í þessu spili. Suður var gjafari og AV á hættu:

**Norður**
♠ 5
♥ 5432
♦ DG52
♣ D1082

**Vestur**
♠ G964
♥ ÁG9
♦ ÁK106
♣ Á6

**Austur**
♠ ÁK82
♥ K1087
♦ 97
♣ G97

**Suður**
♠ 10873
♥ D6
♦ 843
♣ K543

Bjarni opnaði á einu ♣ á austurspilin og Júlíus sagði eitt ♥ sem var yfirfærsla í spaða á vesturspilin. Bjarni sýndi stuðning sinn í spaða með 2 ♠ sögn og stuttu síðar fór Júlíus í 6 ♠ eftir ásaspurningu. Útspil suðurs var tígull (lauf hefði verið best fyrir vörnina) og Bjarni spilaði spaða á ás og svínaði hjartagosa. Þegar Bjarni komst að 4-1 legunni í trompinu og hjartadrottningin féll önnur, var tígull trompaður með kóng, spaðaníu svínað, tekinn spaðagosi og slemman í húsi. Sami samningur var spilaður á hinu borðinu en sagnhafi spilaði óvarlega og fór tvo niður í þeim samningi.

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Jensen átti leik gegn Borg í Kaupmannahöfn árið 1991.

**1. Rd6!** Glæsilegt línurof.
**1. ... Kxd6 2. d8D+ 1-0.** Íslandsmót skákfélaga er í fullum gangi í Rimaskóla. Í dag fara tvær umferðir fram og hefjast kl. 11 og 17. Veislunni líkur á sunnudaginn með umferð sem hefst kl. 11.
**www.skak.is:** Íslandsmót skákfélaga.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 1 | 3 |
| | 4 | 1 | | 3 | | 5 | | |
| 2 | | | | 8 | 5 | | | 4 |
| 1 | 5 | | 4 | | | 3 | 9 | |
| | 6 | 8 | | 7 | 9 | | | 2 |
| 4 | 2 | | | | | | | |
| 5 | 8 | | 2 | 9 | 7 | | | |
| | 9 | 3 | | | 4 | 7 | | 5 |
| | | | 6 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | | | | |
| 2 | 8 | | | 1 | | 7 | | |
| | 6 | | 9 | | | | 3 | 1 |
| 3 | 2 | | | | | 4 | | |
| 5 | | | | 7 | | | 2 | |
| 7 | 1 | | | | | | | |
| | | 3 | 1 | | | | 5 | 8 |
| | | | | 9 | 7 | | | 4 |
| | 4 | | 3 | | 8 | | 6 | 7 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 8 | 3 | | | |
| | 6 | 7 | | 9 | | | 2 | 8 |
| | | 5 | | | | 9 | | |
| | | | 8 | | | | 4 | |
| 5 | | | | 3 | | | | |
| 2 | 3 | 4 | 9 | | | | | 1 |
| 4 | | | 1 | | | | 9 | |
| 6 | | 1 | | | | | 5 | |
| | 2 | | 4 | | 5 | | | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 1 | 7 | 4 | 2 | 6 | 9 | 3 |
| 9 | 2 | 4 | 8 | 6 | 3 | 5 | 1 | 7 |
| 3 | 6 | 7 | 5 | 9 | 1 | 2 | 8 | 4 |
| 1 | 4 | 8 | 9 | 2 | 7 | 3 | 5 | 6 |
| 2 | 5 | 6 | 3 | 8 | 4 | 1 | 7 | 9 |
| 7 | 3 | 9 | 1 | 5 | 6 | 4 | 2 | 8 |
| 4 | 9 | 2 | 6 | 1 | 8 | 7 | 3 | 5 |
| 6 | 7 | 5 | 2 | 3 | 9 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 1 | 3 | 4 | 7 | 5 | 9 | 6 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 3 | 4 | 9 | 2 | 1 | 7 | 5 |
| 9 | 4 | 5 | 1 | 8 | 7 | 2 | 3 | 6 |
| 2 | 7 | 1 | 6 | 5 | 3 | 4 | 8 | 9 |
| 7 | 9 | 4 | 2 | 6 | 5 | 3 | 1 | 8 |
| 3 | 6 | 8 | 7 | 1 | 9 | 5 | 2 | 4 |
| 1 | 5 | 2 | 8 | 3 | 4 | 9 | 6 | 7 |
| 4 | 1 | 9 | 3 | 7 | 8 | 6 | 5 | 2 |
| 5 | 3 | 7 | 9 | 2 | 6 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 2 | 6 | 5 | 4 | 1 | 7 | 9 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 5 | 2 | 9 | 1 | 7 | 4 | 3 |
| 9 | 1 | 7 | 3 | 4 | 8 | 6 | 2 | 5 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 7 | 6 | 8 | 9 | 1 |
| 3 | 9 | 2 | 6 | 8 | 4 | 5 | 1 | 7 |
| 1 | 5 | 6 | 7 | 2 | 3 | 9 | 8 | 4 |
| 4 | 7 | 8 | 9 | 1 | 5 | 2 | 3 | 6 |
| 5 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 | 1 | 7 | 9 |
| 7 | 2 | 1 | 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 8 |
| 8 | 6 | 9 | 1 | 3 | 7 | 4 | 5 | 2 |

# VERÐHRUN!

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

BÆKUR FRÁ 99 KR.

Allt að **90%**

ALDREI MEIRA ÚRVAL!

# AFSLÁTTUR

---

**Rýmingarsala bókaútgefenda**

**Mörkinni 1**
**Opið frá 10-18**

---




**Stelpur**
3 bækur
í pakka
Áður kr. 14.900
Nú kr. 1.500




**Sara Blædel**
3 bækur í pakka
Áður kr. 8.900
Nú kr. 1.500




**Gleðilegt hár og Frábært hár**
Áður kr. 9.800
Nú kr. 990




**Dan Brown**
3 bækur í pakka
Áður kr. 8.900
Nú kr. 1.500




**Drauma-ráðningar frá A-Ö**
Áður kr. 6.990
Nú kr. 1.990




**Nigella**
Áður kr. 6.290
Nú kr. 990




**Dýrin á hóli**
Áður kr. 3.999
Nú kr. 1.899




**Tröllastrákurinn eignast vini**
Áður kr. 3.990
Nú kr. 990

ÁRNASYNIR

## Konráð og félagar á ferð og flugi 219

Bragi Halldórsson

Nú er úr vöndu að ráða. Konráð og Lísaloppa vita ekki í hvaða átt þau eiga að fara samkvæmt kortinu. „Eigum við að fara í suður, norður, austur eða vestur?“ dæsti Lísaloppa.

Getið þið hjálpað þeim? Ef þið leysið krossgátuna hér að neðan, mynda stafirnir í fjólubláu reitunum áttina sem þau eiga að fara í.





### Leikur vikunnar

## Sardínan

Einn úr hópnum er sardínan og felur sig meðan hinir telja upp að 30 með lokuð augun. Síðan leita allir að sardínunni. Þegar einhver finnur hana smeygir hann sér í felustaðinn til hennar en passar að enginn sjái. Smátt og smátt fjölgar í felustaðnum og allir reyna að passa að hvorki heyrist til þeirra né sjáist.
Þegar allir hafa fundið felustaðinn er byrjað upp á nýtt og sá fyrsti sem fann sardínuna verður næsta sardína.


HÁRÆÐASLIT Í ANDLITINU ?

ÞAÐ ER TIL LAUSN - VIÐ FJARLÆGJUM HÁRÆÐASLIT ENDANLEGA Í ANDLITI




PANTAÐU FRÍAN TÍMA
Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA
893-0098

Snyrtistofan Hafblik

Hraunbær 102 • 110 Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com




Svanhildur Dóra, Svanhildur Margrét, Heiðrún og Valgerður Birna hittust fyrst í leikskóla. MYND/BRYNHILDUR

# Bökuðu tvíburaköku fyrir Gleðibankann

Fjórar góðar vinkonur, Heiðrún, Svanhildur Dóra, Svanhildur Margrét og Valgerður Birna ákváðu að taka þátt í kökukeppni í félagsmiðstöðinni sinni, Gleðibankanum í Hlíðaskóla nú í vikunni.

Þegar auglýst var kökukeppni í félagsmiðstöðinni í Hlíðaskóla lögðu þær Heiðrún, Svanhildur Dóra, Svanhildur Margrét og Valgerður Birna á ráðin, bökuðu og hönnuðu. Afraksturinn var skemmtileg og skrýtin kaka sem var líka mjög góð á bragðið.

**En hvernig kaka?**
**SD:** Þetta er kaka með hálfpartinn tveimur hausum, tvíburakaka.

**H:** Á botninum er marens, svo súkkulaðikrem og rjómi með bláum matarlit og ávöxtum. Þar ofan á eru svampbotnar sem líta út eins og smábörn sem eru græn og appelsínugul á litinn.

**V:** Svo tókum við piparkökuform og tókum út úr kökunum og svissuðum litum svo það var komin græn stjarna í appelsínugula svampbotninn og appelsínugul í þann græna.

**H:** Og svo settum við fullt af gúmmíi og nammi og kökuskrauti og piparkökum frá síðustu jólum á hliðarnar.

**SM:** Og þá var komin marenskaka með smábarnaandlitum!

**Hvernig gekk að vera fjórar saman að baka?**
**SD:** Það gekk bara vel. Ég þeytti rjóma og skreytti.

**H:** Það var æðislegt. Mér finnst gaman að baka með vinum mínum. Og mér er alveg sama hvort við vinnum eða ekki.

**V:** Það gekk frekar vel. Við vorum ekki alltaf sammála í byrjun en svo komumst við að niðurstöðu með lýðræði.

**Hvað eruð þið búnar að vera vinkonur lengi?**
**SM:** Mjög lengi. Við Heiðrún vorum saman í leikskóla og Valgerður B. og Svanhildur D. líka. Við hittumst allar í 1. bekk í Hlíðaskóla, en urðum samt ekki alveg strax vinkonur.

**Ætlið þið að verða bakarar þegar þið verðið stórar?**
**H og SM:** Ég veit ekki.

**V:** Maður veit aldrei …

## Listaverkið

Ég með regnbogahár og Mía systir með lítið hár, nefnist þessi mynd eftir **Kristínu Emmu Viðarsdóttur**.





FROM EXECUTIVE PRODUCERS
J.J. ABRAMS JONATHAN NOLAN LISA JOY
EVERY HERO HAS A CODE
WESTWORLD
ANTHONY HOPKINS ED HARRIS
HEIMSFRUMSÝNING KL. 01:00 EFTIR MIÐNÆTTI SUNNUDAGINN 2. OKTÓBER
ENDURSÝNING MÁNUDAGINN 3. OKTÓBER KL. 21:25
2 HEIMILI
HBO
©2016 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Hæg norðaustlæg eða breytileg átt og stöku skúrir, en suðaustan kaldi og rigning suðvestan- og vestanlands þegar líður á daginn. Hiti 2 til 10 stig, hlýjast syðst.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 16° | Oslo 14° | Stokkhólmur 15° | Gautaborg 15° | Helsinki 15° | Þórshöfn 10° | Nuuk -2° |
| London 15° | Amsterdam 18° | París 18° | Berlín 19° | Madrid 25° | Brussel 18° | Róm 23° |
| Boston 15° | New York 16° | Orlando 23° | Moskva 17° | Singapúr 29° | Tókýó 20° | Sydney 14° |




## Flóð & fjara

| Flóð | Fjara |
|---|---|
| **Reykjavík** | |
| **06.33** | **12.25** |
| 3,82m | 0,24m |
| **06.45** | **12.40** |
| 3,87m | 0,21m |
| **Akureyri** | |
| **10.57** | **04.37** |
| 1,44m | 0,29m |
| **11.08** | **05.09** |
| 1,41m | 0,28m |
| **Ísafjörður** | |
| **08.34** | **02.47** |
| 2,12m | 0,24m |
| **08.36** | **03.02** |
| 2,17m | 0,21m |

### Tunglstaða

Nýtt tungl
0%

Sólarupprás:
07.37

Sólarlag:
18.54

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° ↖12 | 10° ↖16 | 10° ↖9 | 9° ←9 | 8° →15 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 5° ←7 | 8° ↖11 | 7° ↑8 | 6° ↑8 | 6° ↘3 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 7° ↖3 | 8° ↖6 | 7° ↑6 | 6° ↑6 | 6° ↗17 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 9° ↑7 | 9° ↑9 | 9° ↑5 | 7° ↑6 | 8° ↑20 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° ↖9 | 10° ↖9 | 9° ←6 | 8° ←8 | 8° ↗15 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




netto
Caffesso
GOURMET COFFEE CAPSULES
Nespresso Grande Gusto fylgir
FRÍTT
með hverjum keyptum pakka
NESPRESSO HYLKI
589
kr/pk
Grande Gusto
Milano
Decaffeinato
Intenso
Aromatico
Forza Roma
Indiano
Italiano
Lungo Forte
Tilboðin gilda 22 – 25. september 2016
Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss



Richard Mosse, fyrir framan eina af ljósmyndunum sem gefur að líta á sýningunni Hólmlendan í Hafnarhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Þetta verkefni snýst um að opinbera fyrir heiminum hversu skelfilegt ástandið er í Kongó

**Myndlistarmaðurinn Richard Mosse hóf ferilinn sem fréttaljósmyndari en sýnir nú afar óvenjulegt myndbandsverk og ljósmyndir frá stríðshrjáðasta hluta Kongó í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Næsta vika er helguð friði hjá Reykjavíkurborg, ekki veitir af í stríðshrjáðri veröld, og af því tilefni verður fjöldi viðburða sem tengjast þessu aðkallandi málefni með einum eða öðrum hætti. Á meðal þess sem tengist friðarþema í borginni næstu daga er sýningin Hólmlendan eftir írska listamanninn Richard Mosse í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur. Kvikmyndatökumaðurinn Trevor Tweeten og Íslendingurinn Ben Frost, sem bjó til hljóðmyndina, unnu að verkefninu með Mosse. Sýningin var opnuð í gærkvöldi og þar sýnir Mosse viðamikið 40 mínútna langt myndbandsverk á sex risaskjáum auk ljósmynda. Myndirnar eru teknar á stríðshrjáðum svæðum í austurhluta Kongó með innrauðri filmu sem breytir grænum lit í skærbleikan og eru í senn fádæma fallegar, magnþrungnar og óhugnanlegar.

### Frelsið í listinni

Richard Mosse hóf ferilinn sem fréttaljósmyndari aðeins um tuttugu ára gamall en hann fann þó fljótlega að fréttanálgunin náði ekki að fullnægja því sem hann þyrfti að tjá. „Ég fann að þetta hentaði mér ekki. Það eru svo margir kokkar í eldhúsinu í þeim bransa ef svo má segja. Það eru ljósmyndarar, ljósmyndaritstjórar og svo eru ritstjórar yfir þeim og auk þess þá fannst mér hlutverk mitt oft felast í því að myndskreyta sögurnar fyrir blaðamennina. Þetta getur auðvitað verið alveg frábært og góðir fréttaljósmyndarar eru gríðarlega mikilvægir. En þetta hentaði mér ekki því mig langaði til þess að ná mínu fram á annan hátt og koma því á framfæri með mínum hætti.

Mig langaði til þess að finna nýja leið til þess að ná í gegnum allt það haf mynda og upplýsinga sem flæða yfir okkur á hverjum degi. Það er því miður þannig að við getum ekki horft á mynd af sveltandi barni nema svo og svo oft. Við mettumst og verðum ónæm fyrir því sem er í gangi í heiminum. Það er dapurlegt.

Fréttaljósmyndir fjalla um mannlegar þjáningar. Þar af leiðir að tungumál þessa miðils er takmarkað en ég sem listamaður er reiðubúinn til þess að þenja mörk þessa miðils og þar liggur munurinn.“

### Filma til drepa

Aðspurður hvernig það hefði komið til að hann hafi farið að mynda þessi stríðshrjáðu svæði í Kongó segir Mosse að upphaf þessa verkefnis megi í raun rekja til filmunnar fremur en myndefnisins. „Ég uppgötvaði þessa ákveðnu tegund af gamalli filmu sem ég hef notað í þetta verkefni og kallar fram þessi litaáhrif. Þetta er filma sem var hönnuð í kringum seinni heimsstyrjöldina í þeim sérhæfða tilgangi að taka myndir úr lofti og finna óvinabúðir úr lofti. Kodak hannaði þetta í samvinnu við Bandaríkjaher á sínum tíma.

Á sínum tíma var hún líka mikið notuð í tónlistarbransanum af gaurum á borð við Bob Dylan og Hendrix enda hentaði hún sýrustemningunni vel. Þannig að um leið og hipparnir voru að nýta þessa filmu til þess að sýna útópíu án styrjalda og hörmunga þá var herinn að nota hana til þess að finna fólk og sprengja það svo í loft upp. Það er klikkað en þannig var það og filman á sér þannig merkilega sögu og ber með sér ákveðna merkingu.

Þegar Kodak hætti að framleiða filmuna árið 2009 þá keypti ég eins mikið af henni og ég gat og setti í frystinn heima. Síðan fór ég að spá í hvernig ég gæti nýtt hana. Hvernig ég gæti nýtt hana, gefið henni tilgang og merkingu?“

### Opinberar ástandið

Mosse segir að það hafi alltaf verið eitthvað við Kongó sem hafi togað í hann. Hann hafði aldrei komið þangað en lesið sér til um átökin og ástandið, um landið og menninguna. „Mér fannst að Kongó og þessi sérstaka filma væru tengd. Filman snýst um að að opinbera það sem sést ekki með berum augum og í Kongó er flókið ástand sem er erfitt að vekja athygli á og þess vegna fannst mér þessi leið henta vel.

Það eru skelfilegir hlutir að gerast í Kongó á hverjum degi. Stríð, kynferðisofbeldi, líkamsmeiðingar og morð en þar sem það hefur aldrei verið skilgreint sem þjóðarmorð eins og gerðist t.d. handan við landamærin í Rúanda þá hefur athygli heimsins á þessa skelfilegu stríðsglæpi ekki verið mikil. Þetta verkefni snýst því um að opinbera þetta ástand fyrir heiminum.

Þetta var auðvitað hættulegt á köflum en lykillinn að því að láta þetta ganga er að hlusta á heimafólk og fara sér hægt. Þannig byggir maður hægt og rólega upp traust fólksins og ég held að ákveðnu hámarki hafi verið náð í lok síðasta árs þegar ég fékk að hitta gaur að nafni Shaka, sem er einn hættulegasti stríðsglæpamaður í heimi. Maður sem hefur það á samviskunni að hafa skipulagt nauðganir á 300 manns á fjórum dögum ásamt fjöldanum öllum af aftökum. Þetta er skelfilegra en hægt er að koma í orð. Þrátt fyrir allt þetta þá eru tilfinningar mínar til Kongó fyrst og fremst hlýjar enda kynntist ég þar mörgu afskaplega góðu fólki.“




www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

# Hver kvikmynd er flöskuskeyti og draumur

**Á aðeins tíu árum hefur áhorfendum pólskra mynda í heimalandinu fjölgað úr sjö hundruð þúsund á ári í tíu milljónir. Leikstjórinn Borisz Lankosz er á meðal gesta RIFF og hann þekkir þessa sögu flestum betur.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Það er sterk kvikmyndahefð í Póllandi og á síðustu árum hefur verið gríðarlegur uppgangur í greininni. Það er ekki síst ástæðan fyrir því að Pólland fær sérstakan sess á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, í ár. Sýndar verða 15 nýjar pólskar kvik- og stuttmyndir og margir pólskir gestir heimsækja hátíðina auk þess sem skemmtilegir sérviðburðir tengdir Póllandi verða á dagskrá.

Á meðal gesta frá Póllandi er leikstjórinn Borys Lankosz en hann segir að upphaf listrænna pólskra kvikmynda megi rekja til áranna eftir seinna stríð. „Eftir stríðið vorum við í fyrsta skipti í 123 ár ekki hersetin þjóð og þá ríktu gleðin og afþreyingin. Í kvikmyndunum fór svo að koma fram ný kynslóð leikstjóra á borð við Andrzej Wajda og margir voru innblásnir af ítölskum kvikmyndum. En það mikilvægasta sem gerðist á þessum tíma er að kvikmyndaskólinn í Lodz komst á laggirnar og hann átti eftir að hafa mikil áhrif. Í framhaldinu kom svo nýbylgjan með Roman Polański og á áttunda áratugnum komu Agnieszka Holland og Krzysztof Kieślowski fram á sjónarsviðið með sín verk. Við hrun kommúnimans urðu svo auðvitað miklar og örar þjóðfélagsbreytingar en kvikmyndirnar náðu aldrei að vera í takti við það ástand. Við vorum auðvitað öll dálítið ringluð á þessum árum og það eðlilega.“



Borys Lankosz kvikmyndaleikstjóri segir að því fylgi átök að takast á við alþjóðavæðingu pólskra kvikmynda og halda í listræna hefð í senn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

### Þensla og hefð

En fyrir tíu árum fóru hlutirnir að gerast. Pólska kvikmyndastofnunin var sett á laggirnar og það gjörbreytti landslaginu fjárhagslega því það var farið að fjárfesta markvisst í kvikmyndagerðinni. Síðustu ár hafa því verið hreint út sagt ótrúleg. Fyrir tíu árum voru kvikmyndahúsagestir sem sóttu að jafnaði pólskar myndir um sjö hundruð þúsund talsins á ári en á síðasta ári voru þeir tíu milljónir. Pólskir áhorfendur vilja nú koma og sjá pólskar myndir og þar með hafa kvikmyndirnar líka orðið sífellt betri. Þetta hefur verið stórkostleg þróun og það er athyglisvert að margar þeirra mynda sem hafa verið framleiddar á þessum tíma hafa ákveðin tengsl við þær myndir sem voru framleiddar á sjötta og sjöunda áratugnum sem margir líta á sem sterkasta tímabilið í pólskri kvikmyndasögu til þessa.“

> ÞANNIG AÐ VIÐ ERUM AÐ TAKAST Á VIÐ AÐ STÆKKA OG VERÐA ALÞJÓÐLEGRI UM LEIÐ OG VIÐ LEITUMST VIÐ AÐ HALDA Í OKKAR LISTRÆNU HEFÐ OG TJÁNINGU.

Borys segir að pólskar kvikmyndir hafi löngum leitast við að takast á við sögu þjóðarinnar. Óskarsverðlaunamyndin Ida sé nýjasta dæmið um slíkt. „Þetta snýst um sjálfsmynd. En það er samt ákveðin nálgun sem er auðskiljanleg fyrir pólska áhorfendur sem er nánast óskiljanleg fyrir aðra. Þetta er arfleifð frá kommúnismanum þegar allt var ritskoðað. Þá lærðum við að ýja að hlutunum og það var nóg til þess að allir vissu hvað við vorum að segja. Við búum ekki við slíka ritskoðun í dag og við þurfum að venja okkur af þessu ef svo má segja. Læra að tala við breiðari hóp því myndirnar okkar eru að verða sífellt alþjóðlegra fyrirbæri. Þannig að við erum að takast á við að stækka og verða alþjóðlegri um leið og við leitumst við að halda í okkar listrænu hefð og tjáningu.“

### Flöskuskeyti

En hvaða augum skyldi Borys Lankosz líta hlutverk kvikmyndanna í nútímasamfélagi? „Fyrir mér eru kvikmyndir eins og flöskuskeyti. Þetta er persónulegt ævintýri þar sem ég reyni að gera mínar myndir á eins heiðarlegan og beinskeyttan hát og ég get. Ég reyni að treysta því að það sem skiptir mig máli muni líka skipta mína áhorfendur máli og þannig varpa ég minni kvikmynd fram, kasta henni út í áhorfendahafið og vona að einhver fái skilaboðin.“

Borys útskrifaðist frá hinum fræga Lodz-kvikmyndaskóla og segir skólann hafa mótað hann mikið. „Minn meistari var Wojciech Has, höfundur Saragossa-handritsins. Hann setti okkur fyrir það verkefni að búa til tíu mínútna langa mynd án þess að nota eitt einasta orð sem er mjög svo í anda hans mynda. Ég fékk að setjast niður með honum, þessum manni sem var eins og guð fyrir mér, og sýna honum fimm blaðsíðna handritið mitt. Hann fletti í gegnum þetta á meðan hann reykti og sagði svo: „Hvað er þetta?“ Ég stamaði því út úr mér að þetta væri draumur aðalpersónunnar. Hann horfði beint í augun á mér og sagði: „Í kvikmynd undir minni listrænu yfirstjórn dreymir engan neitt.“ Has er frægur fyrir draumkenndar kvikmyndir svo ég mátti til með að spyrja hvað væri málið. Hann sagði: „Kvikmynd er draumur. Ef þú ætlar að vera með draum innan draums þá er eins gott að það hafi skýran tilgang.“ Síðan töluðum við um kvikmyndir. Þetta var stund sem breytti lífi mínu og ég mun aldrei gleyma.“

nokian TYRES

BLEIKA SLAUFAN



Fáðu 20% afslátt af NOKIAN dekkjum og styrktu Bleiku slaufuna um leið

Veldu margverðlaunuð finnsk gæðadekk sem eru sérstaklega hönnuð fyrir krefjandi aðstæður norðlægra slóða

MAX1 býður 20% afslátt af hágæða Nokian dekkjum og hluti söluágóða rennur til Krabbameinsfélagsins.

- ein öruggustu dekk sem völ er á
- ítrekað valin bestu dekkin í gæðakönnunum
- breitt úrval nagla-, vetrar- og heilsársdekkja
- eigum dekk fyrir fólksbíla, jeppa og sendibíla

SENDUM UM ALLT LAND
Flutningur með Flytjanda
500 kr. hvert dekk

Skoðaðu dekkjaleitarvélina á MAX1.is

Bíldshöfða 5a, Reykjavík
Jafnaseli 6, Reykjavík
Dalshrauni 5, Hafnarfirði
(Knarrarvogi 2, Reykjavík
Ath. ekki dekkjaþjónusta)

Opið:
Virka daga kl. 8-17
Laugardaga: sjá MAX1.is

Aðalnúmer:
515 7190

MAX1 BÍLAVAKTIN

# Snilld og nístandi óskapnaður

**TÓNLIST**

**Sinfóníutónleikar**

★★★☆☆

Verk eftir Önnu Þorvaldsdóttur, Esa-Pekka Salonen, Juliönu Hodkinson og Benjamin Staern.
**Einleikarar:** Aart Strootman og Akiko Suwanai. Stjórnandi: Daniel Raiskin.

**Eldborg í Hörpu**
Fimmtudaginn 29. september.

Einu sinni las ég grein um forrit sem skrifar sjálft póstmódernískar heimspekigreinar. Greinarnar virðast djúpvitrar, en eru þegar betur er að gáð tómt bull.

Stundum mætti halda að það sem er skrifað í tónleikaskrám um verk nútímatónskálda komi úr ámóta forriti. Til að mynda það sem stóð um verk Juliönu Hodkinson sem flutt var á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Norrænum músíkdögum. Það var hástemmt og gáfulegt. Um það að tónlist Hodkinson fjallaði um „samhengi tónlistarinnar“, að þar væru „hefðbundin takmörk tónlistarinnar könnuð,“ að núna væri gerð „tilraun til að tengja saman atburði líðandi stundar“.

Það sem heyrðist var þó miður kræsilegt. Rafgítarleikari (Aart Strootman) var í einleikshlutverki, og það sem hann spilaði var óttalegt glamur. Hann gutlaði samhengislaust eins og takkaóður unglingspiltur. Á bak við renndu hljóðfæraleikarar Sinfóníunnar upp og niður tónstigann, líkt og ótal vælandi sírenur. Það var engin stefna í tónlistinni, engin fegurð, ekki neitt. Útkoman var óskapnaður sem nísti mann inn að beini.

Godai: frumefnin fimm eftir Benjamin Staern var varla mikið ánægjulegra. Það var þó mun klassískara, satt best að segja frekar gamaldags. Sumt minnti á það sem var samið á upphafsárum aldarinnar sem leið. Inn á milli voru samt kaflar sem báru keim af seinni tíma raðtækni.

